

GABRÍELA KRISTJÁNSDÓTTIR

Finnst skemmtilegt á sundnámskeiðinu Sæhestar

Heilsa

allt í MIÐJU BLAÐSINS



REYNIR LYNGDAL

Leikstýrir Áramótaskaupi Sjónvarpsins

Ungt hæfileikafólk skrifar handritið

FÓLK 38



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. september 2006 – 250. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## PRÍÐJUDAGUR

### Syngur Bowie-lag í auglýsingu



Hljómsveitin Todmobile spilar Bowie-lagið Changes í sjónvarpsauglýsingu Morgunblaðsins.

FÓLK 38

### Svikust um að lækka matarskattinn

Ágúst Ólafur Ágústsson rifjar upp eindregna andstöðu þingmanna Sjálfstæðisflokksins við frumvarp Samfylkingarinnar um helmingslækun á matarskattinum.

UMRÆÐAN 20

### Fjársjóður í Efstaleiti

Hallmar Sigurðsson stýrir fjólsóttasta leikhúsi landsins. Það er aldrei uppselt í Útvarpsleikhúsinu.




MENNING 27

### Fer á kostum

Landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir er markahæst í sænsku knattspyrnunni.

ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




MILT Í BORGinni í dag verða norðaustan 5-13 m/s, hvassast á Vestfjörðum og Vesturlandi. Víða skúrir en skýjað með köflum og yflirleitt þurr vestan til. Hiti 6-15 stig, hlýjast suðvestanlands.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL 18-49 ÁRA

### Lestur á viðskiptablöð



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.

# Vallarhreinsun gæti kostað milljarða

Sérfræðingur í umhverfismálum telur það kosta hundruð milljóna og jafnvel milljarða króna ef hreinsa eigi mengunina eftir herinn á varnarsvæðinu. Brýnast sé að rannsaka gamla öskuhauginn. Enginn veit hvað þar leynist.

**UMHVERFISMÁL** Stjórnvöld höfnuðu því að láta gera óháða rannsókn á mengun á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli áður en samningaviðræður við Bandaríkjamenn hófust í vor. Sérfræðingar í umhverfismálum segja brýnt að rannsaka mengun á nokkrum svæðum. Sérstaklega gildi það um gamla öskuhauginn suðaustan við iðnaðarsvæðið á Keflavíkurflugvelli.

Snorri Páll Snorrason er fyrrverandi heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Hann er núverandi starfsmaður Almennu verkfræðistofunnar,

sem gerði utanríkisráðuneytinu tilboð í vor um að láta fram fara rannsókn á gamla ruslahauginum.

Aðalkostnaðurinn við rannsóknina hefði falist í borunum og greiningu á sýnum. Rannsókninni var hafnað þó að hún hefði styrkt verulega kröfu Íslendinga á hendur Bandaríkjamönnum.

Snorri Páll segir að mengun sé þekkt á nokkrum stöðum á varnarsvæðinu en enginn viti hvað leynist í gamla öskuhauginn suðaustan við iðnaðarsvæðið í Keflavík. Umgengni hafi verið slæm á áratugum eftir stríð og jafnvel eitrufrum hent án þess að menn gerðu

sér grein fyrir afleiðingunum. Áhyggjur um þetta hafa einnig komið fram í samtölum blaðamanns við aðra sérfræðinga, til dæmis Magnús Guðjónsson, forstöðumann Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Snorri Páll segir að það geti kostað hundruð milljóna, hugsanlega milljarða, að hreinsa svæðið. Það sé þó ekki endilega skynsamlegasti kosturinn. Betra og ódýrara geti verið að hylja svæðið og hindra að efni úr því berist í grunnvatn. Mengun geti sett framtiðarnotum svæðisins skorður.

- ghs / sjá síðu 4



AFSAGNARBREFID AFHENT Göran Persson afhendir Björn von Sydow, forseta sænska þingsins, afsagnarbréf sitt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Persson segir af sér:

## Myndun nýrrar stjórnar hafin

**SVÍÐJÓB** Göran Persson, sem verið hefur forsætisráðherra Svíþjóðar í tíu ár, afhenti í gær afsagnarbréf sitt eftir ósigur Jafnaðarmannaflokksins í þingkosningum á sunnudag. Fulltrúar borgaraflokka hófu viðræður um stjórnarmyndun undir forystu Fredriks Reinfeldts, formanns Hægri flokksins.

Stjórn Perssons er fyrsta ríkisstjórn Svíþjóðar frá stríðslokum sem tapar kosningum á góðæristímum.

Borgaralega bandalagið fékk 48,1 prósent atkvæða en jafnaðarmenn, Vinstri flokkurinn og græningjar samanlagt 46,2 prósent. Þessi úrslit skila borgaraflokkunum fjórum 178 þingsætum en vinstri flokkunum 171. - aa / sjá síðu 18



EFTIRMYND PÁFANS BREND Múslimar í Muzaffarabad í Pakistan brenndu í gær eftirmynd Benedikts XVI páfa. Mikil reiði ríkir hjá múslimum eftir ræðu páfa þar sem hann vitnaði í miðaldartexta um að boðskapur Múhameðs hefði verið illur og ómannúðlegur. NORDICPHOTOS/AFP

## Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna: Framboð til Öryggisráðsins kynnt

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra situr 61. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York og flytur ræðu sína í næstu viku.

Valgerður hélt utan í gær en í tengslum við þingið mun hún meðal annars sitja fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkja og utanríkisráðherra Norðurlandanna. Þá mun hún sitja hádegisverðarfund ráðherra Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

herra. Á þeim fundum hyggst hún meðal annars kynna framboð Íslands til Öryggisráðsins.

sem kunnugt er sækist Ísland eftir setu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á árunum 2009-2010 og mun Valgerður í ferð sinni eiga tvíhliða fundi með fjölda ráðherra. Að auki mun Valgerður taka þátt í hringborðsumræðum um hvernig auka megi völd kvenna og þátttöku þeirra á hinum ýmsu sviðum samfélagsins, ekki síst í stjórnmálum og á vinnumarkaði. Gerir hún það í boði utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Condoleezza Rice.

Valgerður mun einnig ávarpa íslensk-ameríska verslunarráðið í ferð sinni. Heimkoma Valgerðar er fyrirhuguð 28. september.

- bps



SYKURMOLARNIR Komu síðast saman fyrir fjórtán árum.

Sykurmolarnir saman á ný:

## Ammæli á 20 ára afmæli

**TÓNLIST** „Þetta er hálfgerð nostalgía bara, að koma saman og spila eitthvað af þessum gömlu lögum,“ segir Sigtryggur Baldursson, trymbill Sykurmolanna, sem ætla að koma saman á ný og halda tónleika í Laugardagshöll 17. nóvember.

Tílefnid er að tuttugu ár eru síðan sveitin gaf út lagið Ammæli. Þá eru tónleikarnir líka liður í uppskeruhátíð útgáfufyrirtækisins Smekkleysu, sem er jafngömul laginu.

Þegar Ammæli kom út í Bretlandi rauk það beint á topp óháða vinsældalistans þar í landi og markaði upphafið að farsælum ferli Sykurmolanna erlendis. Síðast kom sveitin fullskipuð saman 18. nóvember 1992. - fb / sjá síðu 22



**SPURNING DAGSINS**

Marshall, færðu enga aðstoð?

„Ég er viss um að það eru margir tilbúnir að veita Marshall aðstoð.“

Endurskoðun fer nú fram á rekstri NFS og heyrst hefur að stöðin verði jafnvel lögð niður. Róbert Marshall, forstöðumaður NFS, skrifaði opið bréf til Jóns Ásgeirs Jóhannssonar sem birt var í Fréttablaðinu í gær og hvatti hann til að halda rekstri stöðvarinnar áfram.

Organistadeild FÍH segir uppsögn dómorganista í Skálholti ólöglega:

## Óánægjalda tónlistarmanna

**KIRKJUMÁL** „Síminn hefur verið rauðglóandi hjá mér þar sem organistar um allt land eru að hringja inn og eru gríðarlega ósáttir við þessa ákvörðun. Þessi óánægjalda einskorðast ekki við organista heldur finnum við fyrir mikilli reiði í öllum tónlistarheiminum,“ segir Guðmundur Sigurðsson, formaður stjórnar Organistadeildar Félags íslenskra hljómlistarmanna.

Stjórnin sendi frá sér ályktun í gærkvöld þar sem hún mótmælir harðlega þeirri ákvörðun stjórnar Skálholts að segja Hilmarí Erni Agnarssyni, dómorganista í Skálholti, upp störfum. Telur stjórnin

að uppsögnin sé ólögleg og í engu samræmi við starfsmannastefnu Þjóðkirkjunnar. Segir Guðmundur þar vísað í starfsmannastefnuna, þar sem segir að í Þjóðkirkjunni skuli viðhafðir góðir og gildir stjórnunarhættir. Þar ríki jákvætt viðhorf til starfsmanna og gagnkvæmt traust.

„Lögmaðurinn okkar er að vinna í málinu og við munum ákveða á morgun eða hinn hver næstu skref verða,“ segir Guðmundur.

Hilmar Örn stýrir þremur kórnum, sem eru Skálholtskórinn, Kammerkór Suðurlands og Barna- og Kammerkór Biskupstungna.



**GUÐMUNDUR SIGURÐSSON** Segist finna fyrir mjög hörðum viðbrögðum við uppsögn Hilmaris Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hafa kórarnir allir sent frá sér yfirlýsingar þar sem stuðningi er lýst yfir við Hilmar Örn og uppsögn hans hörnuð. - sdg

Kínverjar láta til sín taka:

## Þúsund manns í friðargæsluna

Kína Um eitt þúsund kínverskir friðargæsluáttakendur verða í Líbanon. Þar með eru Kínverjar meðal mikilvægustu þátttakenda í friðargæslunni þar í landi. Þetta þykir til marks um að kínversk stjórnvöld, sem stýra fjórða stærsta hagkerfi heims, vilji axla stærra hlutverk á alþjóðavísu en áður.

Hingað til hafa Kínverjar haldið sig nokkuð til hlés í friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna og fram til ársins 1989 tóku þeir engan þátt í henni, í mótmælaskyni við það sem þeir álíta óþarfa afskipti SP af innanríkismálum fullvalda ríkja. - kóp

## Lést í slysi

Maðurinn sem lést í umferðarslysi á Suðurlandsvegi í laugardagskvöld hét Magnús



**MAGNÚS MAGNÚSSON**

Magnússon, til heimilis á bænum Hallanda í Árnessýslu. Magnús var á hestbaki þegar hann varð fyrir bíl sem ekið var austur Suðurlandsveg. Talið er að hann hafi látist samstundis. Magnús var fæddur 24. júní 1945. Hann létur eftir sig eiginkonu og þrjú uppkomna syni.

## Breyting hjá Samfylkingunni: Össur formaður þingflokksins

**STJÓRNMÁL** Össur Skarphéðinsson er nýr þingflokksformaður



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Samfylkingarinnar. Þingflokkurinn ákvað þá tilhögun á fundi í Hvalfirði í gær. Össur tekur við embættinu af Margréti

Frimannsdóttur, sem tilkynnti á sunnudag að hún hygðist láta af þingmennsku í vor.

Kristján Möller verður áfram varaformaður þingflokksins og Þórunn Sveinbjarnardóttir verður ritari. Össur hefur setið á þingi frá 1991 og var formaður Samfylkingarinnar frá 2000 til 2005. Hann var formaður þingflokks Alþýðuflokksins 1991 til 1993. - bps

Kjarnorkumál Írana:

## Chirac á móti refsiaðgerðum

**PARÍS** Jacques Chirac, forseti Frakklands, telur ekki að



**JACQUES CHIRAC**

kjarnorkudeilu Írana og helstu kjarnorkuvelda heims eigi að leysa á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Hann sagðist jafnframt aldrei hafa séð refsiaðgerðir skila árangri. Forsetinn mæltist til þess að kjarnorkuveldin sex settust niður við samningaborðið með írönskum ráðamönnum. Hann sagði einnig að það væri ekki nauðsynlegt skilyrði fyrir viðræðum að Íranar létu af auðgun úrans og er þetta í fyrsta skipti sem evrópskur leiðtogi gengur svo langt í sáttaumleitan við Írana. - kóp



**HERSÝNING Í BELGRAD UM HELGINA** Á þessari fyrstu hersýningu í höfuðborginni í þrjátíu ár hét forsætisráðherra Serbíu því að Kosovo-hérað yrði aldrei látið af hendi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Lítill von um lausn Kosovo-deilunnar

Öryggisráðið kann að skera úr um framtíð héraðsins, komist Serbar og Albanir ekki að niðurstöðu, en starfsmenn SP eru langþreyttir á pattstöðunni. Friðarspillar sprengdu sprengjur í Kosovo um helgina til að skemma fyrir viðræðum.

**VÍNARBORG, AP** Hætta er á að viðræður sem standa yfir í höfuðborg Austurríkis um framtíð Kosovo-héraðs sigli endanlega í strand, að mati embættismanns Sameinuðu þjóðanna. „Við getum ekki haldið þessu áfram að eilífu,“ segir Albert Rohan, sem stjórnar viðræðunum fyrir SP. Rohan telur fullsannað að „samræður einar sér“ skili ekki árangri í deilunni.

Þótt opinberlega ríki friður í Kosovo vantar nokkuð upp á að þar sé friðsælt. Á föstudag sprakk þar í loft upp bíll innanríkisráðherrans, Fatmirs Rexhepi, í Kosovo, skömmu áður en fundurinn í Vín var settur. Aðrar tvær sprengjur sprungu um helgina, ein á laugardagskvöld og önnur aðfaranótt mánudags. Engan sakaði en sprengingarnar þóttu skyggja á friðarviðræðurnar.

Mikill ágreiningur er um



**FATMIR REXHEPI**

hverjig skuli dreifa valdi í héraðinu til að tryggja réttindi Serba, sem eru í minnihluta í Kosovo. Viðræðurnar á föstudag enduðu með pattstöðu, líkt og á síðustu átta fundum. Kann svo að fara að öryggisráð SP setji fram einhliða ályktun um framtíð Kosovo, gangi hvorki né reki að komast að samkomulagi fyrir árslok. Líklegt þykir að öryggisráðið hallist fremur í átt að sjálfstæði héraðsins, en að það verði enn hluti Serbíu. Þar lendum ráðamönnum þætti þá að sér vegið, því þeir álíta Kosovo ómissandi hluta ríkis síns. Hét Vojislav Kostunica, forsætisráð-

herra landsins, því á laugardag að „hjarta Serbíu“, (Kosovo) yrði „aldrei“ aðskilið frá Serbíu sjálfri. Orðin voru látin falla á fyrstu hersýningunni sem fram hefur farið í höfuðborginni Belgrad í þrjátíu ár, en Kostunica talaði þó einungis um að verja Kosovo með öllum tiltækum „lýðræðislegum og lagalegum ráðum“.

Kosovo hefur verið undir verndarvæng Sameinuðu þjóðanna síðan 1999, þegar NATO réðst inn í landið, en samkvæmt alþjóðalögum er héraðið enn hluti Serbíu. Þar búa um tvær milljónir manna og eru 90 prósent þeirra Albanir. Serbum hefur fækkað töluvert í héraðinu frá innrás NATO; úr 300.000 í 100.000 manns.

Enn eru um 16.000 friðargæsluáttakendur NATO í héraðinu.

klemens@frettabladid.is

Barnaniðingur dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur:

## Níddist á tólf ára stúlkubarni

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í átta mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stúlkubarni og jafnframt fyrir að varðveita barnaklám í tölvu sinni.

Maðurinn lét umrædda stúlku hafa við sig munnmök og hafði svo tvisvar sinnum samræði við hana í bifreið í Öskjuhlíð í október í fyrra. Stúlkan var þá tólf ára en hann 23 ára. Athæfi mannsins komst upp með þeim hætti að móðir stúlkunnar frétti af því hjá móður vinkonu hennar. Var það þegar kært til lögreglu.

Maðurinn og stúlkan kynntust

á spjallsíðum á netinu. Síðar tók hann hana upp í bíl sinn við Garðsápótek og ók með hana í Öskjuhlíð. Hann kvaðst hafa talið hana eldri en hún var. Í greinargerð frá Barnahúsi er stúlkunni lýst svo að hún sé lágvaxin miðað við aldur og viðmót hennar barnalegt. Hafði hún greint frá því er frá leið að hún hefði verið ráðvillt og hrædd og oft liðið illa vegna hugsana um atvikidi.

Áður en dómur gekk hafði maðurinn greitt 600 þúsund krónur í bætur til stúlkunnar samkvæmt samkomulagi. Honum var gert að greiða einnig sakarkostnað og málsvarnarlaun. - jss



**HERAÐSDÓMUR** Dæmði 24 ára mann í átta mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot og vörslu barnakláms. - jss

Gyðingum ógnað:

## Skotárás gerð á bænahús í Ósló

**ÓSLÓ** Árás var gerð á helsta bænahúsi gyðinga í Noregi rétt fyrir dögum í gær. Maður skaut þá um tólf skotum með sjálfvirkri byssu á mannlaust húsið. Enginn særðist og enginn liggur undir grun, né er vitað um ástæður skotárásarinnar.

Knut Storberget, dómsmálaráðherra Noregs, sagði í viðtali við norska ríkisútvarpið að öryggisgæsla hefði verið aukin við bænahúsið og að Ósló væri „fátækur bær“ ef ekki væri hægt að hafa þar eitt bænahús gyðinga.

Norski biskupinn Ole Kristian Kvarme harmaði að skotið væri á guðshús í Noregi og hvatti söfnuð kristinna manna til að vernda samfélag gyðinga í landinu. Íslamska ráðið í Noregi sendi frá sér yfirlýsingu í gær og fordæmdi árásina. - kóp



**LEIÐTOGI MÚSLIMA Í ÍRAN** Ayatollah Ali Khamenei segir ýmis heimsveldi vera í krossferð gegn múslimum.

Æðsti leiðtogi múslima í Íran:

## Páfi í takt við krossferðina

**TEHERAN** Ayatollah Ali Khamenei, leiðtogi múslima í Íran, telur ummæli páfa vera í beinu samhengi við „krossferð“ ýmissa heimsvelda gegn múslimum. Hann reifaði meint samsæri og taldi meðal annars birtingu teikninga í dönsku blaði með í því. Khamenei lýsti sérstaklega yfir vonbrigðum með að ummælin kæmu frá virtum leiðtoga eins og páfanum. „Við búumst ekki við neinu frá Bush, þar sem hann starfar fyrir rángefin alþjóðafyrirtæki [...] en það er afar sorglegt og vekur undrun að þau komi úr munni háttsetts leiðtoga kristinna manna.“ - kóp

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Bílvelta í Biskupstungum

Fólksbíll valt á Biskupstungnabraut við Laugarbakka um sexleytið í gærkvöld. Þrír voru í bílnum og þurfti að beita klippum til að ná einum út. Var sá fluttur nokkuð slasaður með sjúkrahúsi til Reykjavíkur. Bíllinn er gjörónýtur að sögn lögreglunnar á Selfossi.



# Gott að vita

haustönn 2006

Námskeið og fyrirlestrar á vegum SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

SFR og St.Rv. bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á haustönn. Fræðslunefndir félaganna hafa sett niður dagskrá haustsins og var stefnan sett á að bjóða fjölbreytta fræðslu, bæði stutta og lengri, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 12 en hámarksfjöldi mismunandi eftir námskeiðum. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst.

## Tjáning í töluðu máli

Tími: 28. sep., 3., 5., 10., 17. og 19. okt.  
(þri. og fim.) kl. 19.30–22.

Lengd: 6 kvöld, 15 klst.  
Leiðbeinandi: Kristín Á. Ólafsdóttir.

Þáttökugjald 1.000 kr.

## Ljósmyndun

Tími:  
a) Þri. 3., 10. og 17. okt. kl. 16.30–19.30.  
b) Þri. 7., 14. og 22. nóv. kl. 16.30–19.30.

Lengd: 9 kest.  
Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson.

Þáttökugjald 1.000 kr.

## Stafganga **Nýtt**

Tími: 4., 9., 11., 16. og 18. okt. (mán. og mið.)  
kl. 17–18.

Lengd: 5 klst.  
Leiðbeinandi: Halldór Hreinsson,  
stafgöngukennari og göngufararstjóri m.m.  
Þáttökugjald 1.000 kr.

## Hvort ég get? Ekki málið! Sjálfsímynd og samskipti

Tími: 2., 6., 9. og 13. nóv. (mán. og fim.)  
kl. 19–22.

Lengd: 16 kest.  
Leiðbeinandi: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir  
mannfræðingur.

Þáttökugjald 1.000 kr.

## Skapandi skrif **Nýtt**

Um frásagnarlistina sem tæki til að skapa,  
skilja og skemmta.

Tími: Fim. 2., 9. og 16. nóv. kl. 19–22.

Lengd: 9 klst.  
Leiðbeinandi: Þorvaldur Þorsteinsson  
rithöfundur.  
Þáttökugjald 1.000 kr.

## Með allt á hreinu? Kjaramál

Tími: Mið. 8. nóv. kl. 16.30–19.00.

Lengd: 3 kest.  
Leiðbeinandi: Elísabet Guðjónsdóttir,  
verkefnastjóri kjarasviðs SFR, og Ása Clausen,  
fjármálastjóri St.Rv.

Ekkert þáttökugjald.

**Nýtt**

## Hádegisfróðleikur

### Með á nótnum um efnahagsmál

Tími: Fös. 22 sep. kl. 12–12.50.

Lengd: 50 mín.  
Fyrirlesari: Ragnar Ingimundarson,  
hagfræðingur BSRB.

Ekkert þáttökugjald.

### Örugg frá upphafi – vinnuverndarmál

Tími: Fös. 20. okt. kl. 12–12.50.

Lengd: 50 mín.  
Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð  
Fyrirlesari: Ása G. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri  
fræðsludeildar Vinnueftirlitsins.

Ekkert þáttökugjald.

### Jafnréttislög sem verkfæri til launajöfnunar

Tími: Fös. 24. nóv. kl. 12–12.50.

Lengd: 50 mín.  
Fyrirlesari: Erna Guðmundsdóttir,  
lögfræðingur BSRB.

Ekkert þáttökugjald.

Öll námskeiðin eru haldin á  
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík, 1. hæð.

Skráning og nánari upplýsingar:

### SFR

Sími: 525 8340  
Netfang: johanna@sfr.bsrb.is

### Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Sími: 525 8330  
Netfang: jakobina@strv.bsrb.is



STÉTTARFÉLAG  
Í ALMANNATJÓNUSTU



Námskeið...

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	70,27 70,61
Sterlingspund	131,79 132,43
Evra	88,92 89,42
Dönsk króna	11,916 11,986
Norsk króna	10,741 10,805
Sænsk króna	9,673 9,729
Japanskt jen	0,5944 0,5978
SDR 103,67 104,29	
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR	
123,0039	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

Hestamenn oft ekki nægilega sýnilegir í myrkri:

## Vill endurskinsmerki á hesta

**UMFERÐARMÁL** Í kjölfar þess að hestamaður lést eftir að keyrt var á hann á laugardag hefur Umferðarstofu borist töluvert um ábendingar frá vegfarendum um að menn séu riðandi við og á vegum án þess að vera nægilega sýnilegir. Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir fulla ástæðu til þess að hvetja hestamenn til að nota endurskinsmerki til að þeir sjáist betur. Hann segist ekki hafa vakið sérstaklega máls á þessu við hestamannafélög en telur klárlega ástæðu til. „Þetta eru nú ekki algeng slys en miðað við það sem við heyrum má oft litlu muna.“

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður Landssambands hestamannafélaga, segir að sambandið hafi um áráraðir rekið áróður fyrir þessum öryggismálum og árangur þess starfs sé greinilegur. „Hestamannafélög víðs vegar um landið hafa gefið unglíngum hjá sér endurskinsmerki, sem eru meðal annars fest á stígvél, áður en þeir byrja á námskeiðum. Svo er nánast allur nýr fatnaður sem er seldur í reiðbúðum í dag með endurskinsmerki. Það hefur mikið verið gert en að sjálfsögðu vekja svona slys mann alltaf til umhugsunar. Maður reynir þá að bæta í og gera betur.“ - þsj



HESTAMENN Í LANDSSVEIT Umferðarstofa hvetur hestamenn til að nota endurskinsmerki.

Actavis býður ekki betur:

## Hlutabréf í Pliva lækkuðu

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf í króatíska samheitalyfjafyrirtækinu Pliva lækkuðu um 4,6 prósent í Lundúnum í gær eftir að Actavis greindi frá því að það myndi ekki hækka fyrra tilboð sitt. Actavis á með beinum og óbeinum hætti rúman fimmtungshlut í Pliva.

Allt bendir því til þess að hluthafar í Pliva gangi að tilboði Barr, sem býður 820 kúnur í hvern hlut í Pliva, en tilboð Actavis hljóðar upp á 795 kúnur, sem samsvara 175 milljörðum króna. Það er fjórutíu prósentum herra verð en upphaflegt tilboð Actavis hljóðaði upp á. - eþa



HÁSKÓLI ÍSLANDS Rektor fagnar fjölgun nemenda í framhaldsnámi.

Fjölgun framhaldsnema:

## Konur eru í meirihluta

**MENNTAMÁL** Nærri tveir af hverjum þremur nemendum í meistara- og doktorsnámi við Háskóla Íslands eru konur. Þá hefur nemendum í framhaldsnámi þar fjölgað um sautján prósent frá því á fyrra skólaári, samkvæmt bráðabirgðatölum nemendaskrár. Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskólans, segir fjölgunina fagnaðarefni og í takti við stefnu Háskólans um að stórefla doktorsnám við skólann til að hann geti skipað sér í röð fremstu háskóla í heimi. - kdk

Arnarvarp gekk illa í ár:

## Alls 66 arnarþör á landinu

**UMHVERFISMÁL** Íslenski arnarstofninn telur nú um 66 þör. Fjöldinn hefur því þrefaldast frá árinu 1964. Sumarið 2005 komust fleiri ungar á legg en dæmi eru um á síðari árum. Varpið í ár gekk hins vegar óvenju illa. Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að ástæðan sé einkum slæmt tíðarfar sem hafi haft mikil áhrif á fuglvarp um land allt.

Ernir voru friðaðir árið 1913 en þá voru einungis örfáir ernir eftir. Síðan þá hefur þeim fjölgað smám saman. Eftirlit með örnunum hefur verið aukið og senditæki verið sett á arnarunga til að auðvelda eftirlit. Alls hafa 332 ernir verið merktir á landinu frá fyrstu merkingunum sem hófust 1939. - kdk

# Íslensk stjórnvöld höfnuðu boði um mengunarrannsókn

Hreinsun á menguðum svæðum á varnarsvæðinu getur kostað hundruð milljóna, hugsanlega milljarða. Fullnægjandi rannsóknir liggja ekki fyrir en sérfræðingar telja að mesta mengunin geti leynst í gamla ruslahaugnum en hætta er á að efni úr honum berist í grunnvatn svæðisins.

**UMHVERFISMÁL** Talið er að veruleg mengun geti verið á svæði varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Drjúgar rannsóknir hafa verið gerðar en þær eru samt ekki fullnægjandi. Rannsaka þarf mengunina áður en ákvörðun er tekin um það hvort skynsamlegt sé að hreinsa svæðið. Verði ákveðið að hreinsa varnarsvæðið getur það kostað hundruðmilljóna og hugsanlega milljarða króna.

Snorri Páll Snorrason er fyrrverandi heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Hann tók þátt í því að bora rannsóknarholur þegar mengun í grunnvatni

“ Vitneskja um mengunina getur haft áhrif á skipulag svæðisins þegar það verður tekið til annarra nota.

**SNORRI PÁLL SNORRASON** FYRRVERANDI HEILBRIGÐISFULLTRÚI

var rannsökuð 1988 og gerði utanríkisráðuneytinu tilboð um rannsóknir á allri mengun á svæðinu í vor fyrir hönd Almennu verkfræðistofunnar. Tilboðinu var hafnað.


Snorri Páll segir að kostnaðurinn við hreinsunina geti numið nokkrum milljörðum króna. Það fari eftir því hvernig og hversu mikil mengunin sé og hvernig svæðið verði hreinsað. Mestu skipti að rannsaka gamla ruslahauginn suðaustan við iðnaðarsvæðið á Keflavíkurflugvelli. Enginn viti hvaða efni geti leynst þar.

Snorri Páll telur furðu gegna að íslensk stjórnvöld skuli ekki hafa rannsakað betur þau landsvæði sem Bandaríkjamenn skila þegar þeir fara frá Íslandi. „Nokkur svæði þar sem hætta er á mengun hafa aldrei verið rannsökuð,“ segir hann og bendir á að staða Íslendinga í samningaviðræðunum hljóti að vera sterkari að rannsókn lokinni.

Snorri Páll hefur sérstaklega í huga mengunina í gamla ruslahaugnum. „Vitneskja um mengunina getur haft áhrif á skipulag svæðisins þegar það verður tekið til annarra nota í framtíðinni,“ segir hann.

Ef farið verður út í það að hreinsa ruslahauginn kemur

### MENGUN Á VARNARSVÆÐINU



**BRÝNAST AÐ RANNSAKA RUSLAHAUGINN** Mengun er víða að finna á varnarsvæðinu. Ekki er vitað hvað er í gamla ruslahaugnum. Þar geta ýmis eiturefni leynst. Á stríðsárunum og fyrstu árin eftir stríð helltu Bandaríkjamenn niður olíu og ýmiss konar eiturefnum í jörðina enda tíðkaðist það almennt. Efnin þarf að hreinsa eða hylja og hindra að hún mengi út frá sér.

tvennt til greina; að hreinsa jarðvegin eða hylja hann og hindra að efni úr honum berist í grunnvatn. Snorri Páll segir að hreinsun sé ekki endilega skynsamlegri kostur. Skynsamlegra og ódýrara geti verið að hylja svæðið.

Ekki fengust skýr svör um það hjá hinu opinbera hvort rannsóknir hefðu farið fram á menguninni í sumar eða hvað það myndi kosta að hreinsa menguð svæði. Magnús Guðjónsson, forstöðumaður heil-

brigðiseftirlits Suðurnesja, sagði að ganga þyrfti frá öskuhaugum og olíuleka í jörð. Hann vissi ekki hvort nokkur kostnaðaráætlun lægi fyrir. „Ég geri fastlega ráð fyrir að utanríkisráðuneytið hafi skoðað það.“

Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, segir að reynt hafi verið að meta hreinsunarkostnaðinn en menn haldi öllum áætlunum þétt að sér í tvíhliða viðræðum. ghs@frettabladid.is




**VARNARLIÐIÐ HVERFUR Á BRAUT** Herinn skilur eftir sig mannvirki á yfirborðinu og mengun í jörðu.

**BÍLL DAGSINS**  
**OPEL VECTRA COMFORT**  
 Nýskr. 01.04 - Beinskiptur - Ekinn 61 þús. - Allt að 100% lán.  
 Verð 1.420.000.-  
  
**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR  
 Opíó: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

**VEÐURSPÁ**  
 Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur  
**NORÐANÁTTIR OG SÓL SUÐUR-VESTAN TIL**  
 Veðurhorfur á landinu suðvestan og vestanverðu eru að breytast nokkuð. Eindregnar norðanáttir eru í kortunum næstu daga og þá léttir til í höfuðborginni og þar í nánd. Hins vegar kólnar smám saman á norðan og austanverðu landinu og verða hitatölur á láglandi nýrðra 1-8 stig en sums staðar frost til fjalla. Norðanáttunum fylgir úrkoma norðan og austan til.  
**VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG**  
 Norðaustan 5-8 m/s. Skýjað og úrkomulítið.  
**um hádegi**  
 London 18°C skýjað, París 22°C skýjað, Frankfurt 21°C skúr, Friedriehshafen 17°C skýjað, Berlin 23°C skýjað.  
**um hádegi**  
 Alicante 28°C heiðskirt, Mallorca 26°C léttskýjað, Algarve 26°C léttskýjað, Krit 27°C léttskýjað, Las Palmas 25°C heiðskirt.  
**á morgun**  
 10-15 m/s við suðausturströndina, annars hægar.  
**fimmtudagur**  
 5-10 m/s





„Þessir  
**fjandar**  
voguðu sér inn  
í svefnherbergi  
dóttur okkar.“

Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn. Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma **580 7000**. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.



**HEIMAVÖRN**



## KJÖRKASSINN



## KJÖRKASSINN

Bloggar þú?

Já 22%  
Nei 78%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tekur þú strætó?

Segðu skoðun þína á visir.is

Fyrirverandi Bandaríkjaforseti stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um brýnustu vandamál heimsins:

## Clinton býður forsetahjónunum til New York

**STJÓRNMÁL** Íslensku forsetahjónin, Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff, eru meðal þátttakenda í alþjóðlegri ráðstefnu Bills Clinton, fyrirverandi forseta Bandaríkjanna, um brýnustu vandamál heimsins.

Ráðstefnan hefst í New York í Bandaríkjunum á morgun og stendur fram á föstudag.

Í tilkynningu frá forsetaembættinu kemur fram að meginviðfangsefni ráðstefnunnar séu fjögur: loftlagsbreytingar og orkubúskapur veraldar, baráttan gegn fátækt og vaxandi bil milli ríkra og fátækra þjóða, heilbrigðismál og heimsfaraldrar og átök sem í vaxandi mæli eiga trúarlega rætur og við-

leitni til að finna farveg fyrir samræður ólíkra trúarbragða. Er markmið ráðstefnunnar að leggja drög að raunhæfum úrbótum á þessum sviðum.

Meðal þátttakenda verða Laura Bush, forsetafrú Bandaríkjanna, Bill Gates, stofnandi Microsoft, Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, og Al Gore, fyrirverandi varaforseti Bandaríkjanna.

Ólafur Ragnar mun auk þátttöku í ráðstefnunni eiga fundi í New York og Washington með ýmsu áhrifafólki á alþjóðavettvangi, segir í tilkynningu.

- bps



Á GÓÐRI STUND Á BESSASTÖÐUM Hillary og Bill Clinton heimsóttu Ísland í ágúst 2004 og hittu þá meðal annars Ólaf Ragnar og Dorrit á Bessastöðum. Nú tekur Clinton á móti íslensku forsetahjónunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GRÓFT BRAUÐ** Íslendingar borða mun minna af grófu brauði en aðrar Norðurlanda- og Eyrstrasaltsþjóðir.

Niðurstöður neyslukönnunar:

### Borðum of lítið af grófu brauði

**NEYSLUVENJUR** Íslendingar borða langminnst af grófu og trefjaríku brauði af öllum þjóðum á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltslöndunum. Þetta kemur fram í könnun sem gerð var á neyslu grænmetis, ávaxta og fískis.

Lýðheilsustöð hvetur til daglegrar neyslu á grófu brauði. Sérstæða okkar Íslendinga felst í því hversu mikið af því brauði sem við borðum er í formi pítsu og sambærilegra rétta.

- hs

Sjálfstæðismenn í Reykjavík:

### Framboðsfrestur rennur út í dag

**STJÓRNMÁL** Frestur til að tilkynna þátttöku í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík rennur út klukkan fimm í dag.



GEIR H. HAARDE

Þegar hafa nokkrir gefið kost á sér en búist er við að það fjölgi í hópnun í dag. Fulltrúaráð sjálfstæðisfélagnanna í Reykjavík kemur saman klukkan 17:30 og tekur afstöðu til tillögu stjórnar um að fram skuli fara sameiginlegt prófkjör í Reykjavíkurborgardæmunum vegna alþingiskosninganna í vor.

Þá mun Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, flytja ræðu. - bps

## Uppsagnir á NFS fyrir mánaðamót

Forstjóri 365 miðla tilkynnti starfsmönnum í gær að uppsagnir hjá stöðinni væru fyrirsjáanlegar. Ekki er vitað hversu margir missa vinnuna. Forstöðumaður NFS segist tala til allra hluthafa félagsins í opnu bréfi sem birtist í gær.

**FJÖLMÍDLAR** Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, og starfsmenn NFS hittust á fundi í gær til að ræða framtíð stöðvarinnar. Fundurinn var haldinn að frumkvæði trúnaðarmanna starfsmanna, sem freistuðu þess að eyða þeirri óvissu sem hefur verið í kringum rekstur NFS að undanförunu.

Sólveig Kr. Bergmann, trúnaðarmaður starfsmanna NFS, segir ljóst að til uppsagna komi fyrir næstu mánaðamót en að ekki verði um hópuppsagnir að ræða samkvæmt lagalegum skilningi. „Á svörum sem við fengum mátti skilja að miðað væri við félagið í heild. Þá þyrfti 40 starfsmenn til að um hópuppsögn væri að ræða. Við vitum því ekki hvort þeir verða fimm, tíu eða þrjátíu sem missa vinnuna. Það kom ekkert fram um það hvernig þetta væru.“ Sólveig segir að ekkert hafi komið fram á fundinum um hvaða breytingar yrðu gerðar á rekstrinum að öðru leyti, þar sem ekki væri búið að taka ákvörðun um það í hverju þær fælust.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, vill ekki tjá sig efnislega um það sem fór fram á starfsmannafundinum. „Þetta var eingöngu fundur með starfsfólki NFS. Ég hef engu við það að bæta, sem þegar hefur komið fram, að stjórnendur 365 hafa rekstur NFS til skoðunar.“ Ari segir að ekki hafi verið sett föst dagsetning á það hvenær endanlegar niðurstöðu sé að vænta um breytingar á rekstri stöðvarinnar. „En við leggjum kapp á að það verði sem allra fyrst því þessi óvissa er bagaleg og það þarf að eyða henni.“



RÓBERT MARSHALL Í MYNDVERI NFS Búist er við uppsögnum fyrir næstu mánaðamót. Ekki er vitað hve margir missa vinnuna eða hvernig rekstrinum verður breytt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fréttablaðið birti í gær opið bréf frá Róbert Marshall, forstöðumanni NFS, þar sem hann ræðir um starf stöðvarinnar og þær fréttir að til standi að hætta rekstri hennar. Bréfinu valdi hann fyrirsögnina „Kæri Jón“, þar sem niðurlagið er „Kæri Jón, þú ræður þessu á endanum. Það vita allir. Taktu slaginn með okkur.“ Spurður hvort efni bréfsins hefði ekki betur átt heima á einkafundi með Jóni Ásgeiri Jóhannessyni segir Róbert að hann hafi óskað eftir

samtali við Jón Ásgeir um síðustu helgi en án árangurs. Í bréfinu segist Róbert ekki hafa beint orðum sínum til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar sérstaklega heldur til allra hluthafa fyrirtækisins. „Ég setti þetta fram með þessum hætti þar sem ég tala til allra hluthafanna en ekki til Jóns Ásgeirs sérstaklega, þó að hann eigi stóran hlut í fyrirtækinu.“

Ekki náðist í Jón Ásgeir Jóhannesson við vinnslu fréttarinnar.

svavar@frettabladid.is

### Það er dýrmætt fyrir unglina að eiga val BORGARALEG FERMING 2007

Skráning er í fullum gangi.

Upplýsingar á heimasíðu félagsins: [www.sidmennt.is](http://www.sidmennt.is) og í sínum 567-7752, 557-3734, 553-0877.

Skráning í sömu sínum eða á eyðublaði á heimasíðunni. Boðið verður upp á helgarnámskeið, ætlað landsbyggðarfólki.



### Hvað veistu um jarðvarmavirkjanir?

#### Verið velkomin á Nesjavelli

Orkuveita Reykjavíkur býður gestum og gangandi að heimsækja Nesjavelli, kynna sér orkuverrið ásamt því hvernig staðið hefur verið að umhverfismálum og aðgengi fyrir ferðamenn og gesti á Nesjavöllum.

Opið á Nesjavöllum í september og október: Mánudaga til laugardaga er opið frá kl. 9:00–17:00. LOKAÐ á sunnudögum.

ÍSLENSKA AÐGANGSSTOFNANNAFÉLAGIÐ 09K 1002 01/2006



[www.or.is](http://www.or.is)

Karlmaður látinn laus úr gæsluvarðhaldi:

## Kærður fyrir hrottalega nauðgun

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem kona kærði fyrir nauðgun fyrir í mánuðinum var látinn laus úr gæsluvarðhaldi í gær að gengnum dómi Hæstaréttar.

Maðurinn hafði kært úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur, sem hafði gert honum að sitja inni til 20. september.

Atvikið átti sér stað um þarsíðustu helgi. Konan fór með systur sinni á veitingahúsið The Dubliner aðfaranótt sunnudagsins. Þar hitti hún manninn og tvo vini hans. Undir morgun fór hún heim með honum og vini hans sem hafði slegist í för með þeim.

Í greinargerð lögreglu kemur fram að maðurinn hafi farið með konuna inn í herbergi, skyndilega ráðist þar á hana og beitt hana miklu ofbeldi og haft síðan harkalegt samræði við hana gegn vilja hennar. Maðurinn hefur borið að samræðið hafi verið með hennar vilja.

Í skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun á konunni, sem lögreglan hefur fengið í hendur, kemur fram að hún var með mikla áverka, eymsli í andliti og á líkama þegar hún kom á neyðarmótöku fyrir þöndur kynferðisofbeldis.

- jss



DUBLINERS Konan kveðst hafa hitt manninn fyrst á The Dubliner.





„LÁTTU HJARTAÐ  
RÁÐA FÖR Í NÁMINU.  
HEILINN ER EKKERT  
TIL AÐ TREYSTA Á.“

- ☐ KB námsmenn fá helmingsafslátt af færslugjöldum.
- ☐ Allt að 300.000 kr. **tölvukaupalán**.
- ☐ **20 bókastyrkir** á ári að upphæð 20.000 kr. hver.
- ☐ **15 námsstyrkir** á ári að upphæð 200.000 kr. hver.
- ☐ **Ekkert árgjald** af kreditkortum fyrsta árið.
- ☐ Mánaðarlegt **framfærslulán** tengt LÍN á hagstæðum vöxtum.
- ☐ **Ábyrgðir** vegna LÍN lána.
- ☐ Útgjaldadreifing – fyrsta árið frítt!
- ☐ Netklúbbur – sérstök tilboð til meðlima.
- ☐ Allt að **3.000.000 kr. námslokalán** á frábærum vöxtum.
- ☐ Nýir KB námsmenn geta valið um USB minnislykil eða 1.500 kr. ávísun til niðurgreiðslu á nemendagjöldum.
- ☐ KB námsmenn fá **einstakt útskriftartilboð** til að gera árin eftir nám þægilegri.

[WWW.KBNAMSMENN.IS](http://WWW.KBNAMSMENN.IS)







## Dælulyklahafar hækkun sólarhringsheimilda

Á undanföllum mánuðum hafa fjölmargir viðskiptavinir óskað eftir hækkun Dælulyklaheimilda úr 5.000 í 10.000.

Af þeim sökum hefur Atlantsolía ákveðið að frá og með mánudeginum 25. september munu allir Dælulyklar með 5.000 króna sólarhringsheimild verða hækkaðir upp í 10.000 krónur.

Þeir viðskiptavinir okkar sem vilja halda í 5.000 króna sólarhringsheimild er bent á að hafa samband við skrifstofu okkar, í síma eða með tölvupósti.

Athygli er vakin á því að viðskiptavinir geta hvenær sem er í framtíðinni breytt sólarhringsheimildum í 5, 10 eða 15 þúsund kr.

Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar [www.atlantsolia.is](http://www.atlantsolia.is), með því að hringja í síma 591-3100 eða með því að senda okkur tölvupóst á [atlantsolia@atlantsolia.is](mailto:atlantsolia@atlantsolia.is)

**ATLANTSOLÍA**

Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - [atlantsolia@atlantsolia.is](mailto:atlantsolia@atlantsolia.is)

Hraðamyndavélar í Hvalfjarðargöngum:

## 101 ók of hratt

**LÖGREGLUMÁL** Lögregluftirlitsmyndavélar mynduðu 101 öku-mann á ólöglegum hraða í Hvalfjarðargöngunum í síðustu viku. Sá sem keyrði hraðast ók á 114 km hraða en mælingarnar stóðu frá þriðjudegi til fimmtudags.

Þá á lögreglan enn eftir að vinna úr gögnum frá hraðamyndavél sem var á gatnamótum Njarðargötu og Hringbrautar um liðna helgi. Þó er vitað að 420 brot hafa verið mynduð þar að sögn Guðbrands Sigurðssonar, aðalvarðstjóra umferðarmála hjá Lögreglunni í Reykjavík. Hann segir lögregluna þó ekki vera í neinu sérstöku átaki. „Það eru hraðamyndavélar í göngunum

meira og minna allan sólarhringinn þannig að menn eiga nú að vita af þeim.“

Að sögn Guðbrands er fátt annað til ráða en að auka eftirlitið. „Þess vegna viljum við fleiri eftirlitsmyndavélar vítt og breitt um borgina. Þá vita menn að brotið verður upplýst jafnvel þó að lögreglumenn séu ekki endilega á staðnum. Eftirlitsmyndavélar halda niðri hraða. Það er staðreynd að hraði leiðir til slysa. Við komum kannski aldrei í veg fyrir óhöpp eða árekstra en við getum lágmarkað hættuna á meiðslum og dauðsföllum með því að halda hraðanum niðri.“

- þsj



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Lesley Ágústsson segir fólk sem hafi fjárfest í Aquanetworld hafa tapað milljónum. Aðalmeðferð í málinu hefst á mánudaginn.

## Hótað vegna dómsmáls

Lesley Ágústsson hefur höfðað mál gegn Aquanetworld og Mark Ashley Wells. Hún kveðst hafa fengið hótunarbréf frá starfsmönnum Wells.

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð verður í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudaginn í máli Lesley Ágústsson gegn Aquanetworld og Mark Ashley Wells, stofnanda fyrirtækisins. Lesley höfðar málið til að fá endurgreiddar háar fjárhæðir sem hún greiddi inn á reikning Aquanetworld eða forvera þess, fyrirtækisins Sprinklenetworld, árið 2003.

Lesley var einn af mörgum Íslendingum sem lögðu fé í Sprinklenetworld. Hún segir að Wells hafi komið hingað til lands sumarið 2003 til að kynna félagið og fá fólk til að fjárfesta. Hann hafi fljótlega horfið af landi brott og samstarfsmenn hans gefið þá skýringu að hann hafi farið til Kýpur til að stofna sams konar fyrirtæki þar.

Um haustið hafi stór hluti af starfsmönnum Sprinklenetworld verið kominn til Bahamaeyja. Wells hafi í kjölfarið komið til Íslands og lýst yfir að Sprinklenetworld væri svikafyrirtæki. Hann hafi stofnað eigið fyrirtæki, Aquanetworld, og boðið fólki að fjárfesta í því.

„Ég er með samninga við bæði fyrirtækin og það eina sem hann gerði var að takanafnið af Sprinklenetworld og setja nafnið Aquanetworld í staðinn. Þetta var í október 2003. Ári síðar kom Mark Ashley Wells til Íslands og opnaði skrifstofu á Stórhöfða. Ég varð ósku-

reid og fór á staðinn. Þessi maður var ekkert fórnarlamb,“ segir Lesley.

Lesley segir að viðskiptahugmyndin, eins og hún hafi verið kynnt sér, hafi upprunalega gengið út á að gefa út kort sem veitti afslátt hjá fyrirtækjum og gæfi

punkta til söfnunar. Í dag virðist starfsemin hins vegar ganga út á það að markaðssetja auglýsingar fyrir félög á veraldarvefnum.

Lesley segir að fólk á Íslandi og Kýpur hafi tapað milljónum á Mark Ashley Wells og fyrirtækjum honum tengdum. „Ég þekki konu sem fékk taugaáfall og er fráskilin út af þessu. Það eru margir fleiri sem lentu illa í því, sumir misstu heimili sitt og hjónaskilnaðir áttu sér stað,“ segir hún.

Lesley hefur lagt mikla vinnu í að kynna sér viðskipti Wells og meðal annars farið til Kýpur og Englands. Hún segir að Wells flytji stöðugt milli staða og skipti ört um bíl. Hún kveðst hafa fengið og fái enn hótunarbréf frá starfsmönnum hans. Fórnarlömb hans á Kýpur muni höfða mál gegn honum fyrir jól.

ghs@frettabladid.is

2.590.000,-

Subaru Forester er ódýrari en Toyota RAV4, Honda CR-V og allir hinir jepplingarnir. Samt stendur hann sig betur.\*



Fyrir þennan pening færðu sjálfskiptan jeppling sem stendur sig betur en aðrir þegar kemur að aksturseiginleikum, afli, öryggi og endingu. Hann er hvorki of stór né of lítill, situr vel á vegi en hefur samt meiri veghæð en aðrir jepplingar. Hann er á svipuðu verði og venjulegir fólksbílur en þrátt fyrir það er vélin í Forester 158 hestöfl sem er meiri kraftur en í flestum dýrari jepplingum.

[www.subaru.is](http://www.subaru.is)

### \* CAR AND DRIVER

Subaru Forester hefur verið valinn besti jepplingurinn 3 ár í röð af tímaritinu Car and Driver.

**STADALBÚNAÐUR:** 2.0 lítra - 158 hestöfl, fjórhjóladrif, hiti í speglum, hraðastillir (PLUS), hiti í sætum (PLUS), hiti í framrúðu (PLUS), sjálfvirk loftkæling (PLUS), kastarar í stúðara (PLUS), sóllúga (LUX), aðgerðastýri (LUX) og ledurinnrétting (LUX).

Forester 2.590.000,- Forester PLUS 2.790.000,- Forester LUX 3.090.000,-

SYMMETRICAL AWD

<b>Ingvar Helgason</b>	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 <a href="http://www.ih.is">www.ih.is</a>	Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 481-2960	Njarðvík 421-9808
	Höfn í Hornafirði 478-1980	Reykjavíki 474-1453



VISALán er hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

- + Staðgreiðsluverð
- + Lægri vextir
- + Lægri kostnaður
- + Til allt að 36 mánaða
- + Framlengdur ábyrgðartími
- + Flutningstrygging
- + Vildarpunktur

**VISALán**  
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Nánari upplýsingar á [www.visa.is/visalan](http://www.visa.is/visalan) eða í síma 525 2000





## Frábær árangur!

Metnaður, sterk liðsheild og frumkvæði hafa fært FH Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu karla þriðja árið í röð.

Við erum stolt af því að hafa stutt FH til sigurs.

**Til hamingju FH!**

 **actavis**  
hagur í heilsu





**CRISTIAN MAJARES FAGNAR SIGRI**  
Mexíkóski boxarinn Majares fór með sigur af hólmi í keppni við hinn japanska Katsushige Kawashima í Yokohama í gær. Keppt var í ofurlétt-fluguvigt. NORDICPHOTOS/AFP

Árni Páll Árnason sækist eftir sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi:

## Stefnir í forystusveitina

**STJÓRN MÁL** Árni Páll Árnason, lögmaður og sérfræðingur í Evrópu-rétti, ætlar að taka þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Árni Páll var ráðgjafi Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra í Evrópumálum frá 1992-1994 og embættismaður í utanríkisþjónustunni 1994-1998. Síðan þá hefur hann rekið eigin lögmannsstofu.

„Ég býð mig fram af því að ég held að ég hafi reynslu og þekkingu sem nýtist Samfylkingunni á nýjum tímum,“ segir Árni Páll, sem tók ákvörðun um framboð eftir að Rannveig Guðmundsdóttir

lýsti yfir að hún myndi draga sig í hlé frá stjórn mála. „Ég er alinn upp í Kópavogi og hef fylgst með og dáðst að Rannveigu sem stjórn málamanni síðan ég var barn og ákvað að hlýða kalli hennar um að fram kæmi ný sigursveit í kjördæminu.“ Árni Páll hefur veitt stjórnvöldum og fyrirtækjum ráðgjöf í Evrópumálum og segist telja að sú reynsla nýtist Samfylkingunni vel. „Flokkurinn er að búa sig undir að taka á alvöru verkefnum í ríkisstjórn og mikilvægt að stilla upp liði í samræmi við það. Ég held að ég hafi ýmsu að miðla en það er auðvitað kjósenda að ákveða það.“

- bps



**ÆTLAR Í FRAMBOÐ** Árni Páll var ráðgjafi Jóns Baldvins fyrir rúmum tíu árum.

Brot gegn valdstjórninni:

## Sakaður um að slá til lögreglu

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð er hafin í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli rúmlega tvítugs manns. Manninum er gefið að sök að hafa í nóvember á síðasta ári slegið til lögreglukonu með þeim afleiðingum að hún hlaut minniháttar áverka á höfði. Þá er hann sagður hafa veist að öðrum lögreglumanni, reynt að ryðjast fram hjá honum og rifið í jakka hans.

Ákærvaldið krefst þess að maðurinn verði dæmdur til refsingar auk þess sem lögreglukonan hefur lagt fram skaðabótakröfu upp á rúmlega 200.000 krónur auk vaxta og dráttarvaxta.

- þsj

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



**1. VERÐLAUN**  
í Þýskalandi  
W2241WPS

## Hreinn sparnaður

**Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum**

Miele þvottavélar eru með nýrri tromlu með vaxkókumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

Miele þvottavélar eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Miele þvottavélar endast lengur en aðrar þvottavélar.

**ALLT AÐ**  
**30%**  
**AFSLÁTTUR**

**MIELE ÞVOTTAVÉL**  
- fjárfesting sem borgar sig

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg.	kr. 164.000	<b>kr. 114.800</b>
Þvottavél W3241 1400sn/mín/6 kg.	kr. 168.000	<b>kr. 126.075</b>
Þvottavél W3245 1600sn/mín/6 kg.	kr. 191.300	<b>kr. 143.475</b>
Purrkari T233 m rakaskynjara og útblæstri/5 kg.	kr. 112.200	<b>kr. 78.540</b>
Purrkari T233C m rakaskynjara og þétti/5 kg.	kr. 131.000	<b>kr. 91.700</b>
Purrkari T4163 m rakaskynjara og útblæstri/6 kg.	kr. 119.800	<b>kr. 107.820</b>
Purrkari T4263C m rakaskynjara og þétti/6 kg.	kr. 141.200	<b>kr. 127.080</b>

**Íslenskt stjórnborð**

**Miele**

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)



**ÁLFTANES** Til stóð að byggja hjúkrunarheimili í miðbæ sveitarfélagsins. Þeim samningum hefur nú verið rift og deiliskipulagi miðsvæðisins hafnað. Félagsmálaráðuneytið á að úrskurða um lögmæti ákvarðananna.

## Saka bæinn um lögbrot

Minnihlutinn á Álftanesi hefur sent félagsmálaráðuneytinu erindi vegna uppsagnar á samningi við Eir. Verið að efna kosningaloforð segir bæjarstjóri.

**SVITARSTJÓRNARMÁL** Samningum sem gerðu ráð fyrir byggingu hjúkrunarheimilis í miðbæ Álftaness hefur verið slitið. Þá hefur einnig verið ákveðið að ráðast í lántökur upp á 450 milljónir.

Minnihlutinn er afar ósáttur við aðgerðirnar og hefur sent félagsmálaráðuneytinu beiðni um úrskurð á lögmæti þeirra. Guðmundur G. Gunnarsson, oddviti minnihlutans, segir að kjarni málsins sé að ekki hafi verið reynt að komast að mála miðlun. „Ég tel að þessir samningar hafi verið óhemju sterkir fyrir bæjarfélagið og það verður erfitt að finna viðunandi hlöðstæðu.“

Sjálfstæðismenn vilja einnig meina að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafi verið sett úr skorðum með lántökunni þar sem umsögn sérfróðs aðila lá ekki fyrir. Því stangist lántakan á við 65. grein sveitarstjórnarlaga, en þar stendur að allar fjárfestingar sveitarstjórna sem nema hærra upphæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi reikningsárs sé skylt að leggja fyrir með slíkri umsögn. Skatttekjur bæjarfélagsins eru áætlaðar um 636 milljónir á þessu ári og lántakan því töluvert hærra en leyfileg upphæð.

Sigurður Magnússon bæjarstjóri segir að einfaldlega sé verið að fylgja eftir niðurstöðum kosninga. Framboðshreyfing meirihlutans hafi gefið kosningaloforð um að efna til arkitektasamkeppni um miðbæinn ef hún fengi meiri-



**GUÐMUNDUR G. GUNNARSSON**

**SIGURÐUR MAGNÚSSON**

hluta. Hann segir ekki rétt að ekki sé boðið upp á valkosti. „Við erum í samvinnu við Garðabæ og Hrafnistu í nýju félagi sem heitir Lyngholt. Það ætlar að byggja hjúkrunarheimili í Arnarnesvogi og við ætlum að eiga þar nokkur rúm fyrir okkar fólk. Í samningunum við Eir var gert ráð fyrir því að fara með það fólk okkar sem þyrfti mesta hjúkrun upp í Grafarvog. En nú verður það áfram í Arnarnesvoginum.“ Í sambandi við lántökurnar segir Sigurður að þegar landið undir fyrirhugað hjúkrunarheimili var keypt í fyrra hafi því fylgt sérfræðiálit þáverandi bæjarstjóra, Gunnars Vals Gíslasonar, sem allir tóku gilt. Lántökurnar séu til þess að endurkaupa hluta af sama landi og því eigi það sérálit áfram við. „Hinn hlutinn af lántökunni er vegna viðbyggingar við íþróttahús leikskólans sem bæjarstjórn er búin að samþykka. Við erum bara að greiða ógreidda reikninga vegna framkvæmda sem búið er að taka ákvörðun um.“

- þsj



Bílsprengja í Sómalíu:

## Forsetinn komst lífs af

**MÓGADISJÚ** Minnst 11 létust í sprengjutílræði til höfuðs Abdullahi Yusuf, forseta hinnar valdalitlu bráðabirgðastjórnar Sómalíu. Forsetann sakaði ekki. Bílasprengrjan sprakk stuttu eftir að bílalest forsetans lagði af stað og kviknaði í einum fimm bílum. Bróðir forsetans var meðal fórnarlamba.

Bráðabirgðastjórn Sómalíu stýrir nú einungis borginni Baidoa og nærliggjandi sveitum, en íslamskir uppreisnarmenn hafa lagt undir sig mest allt landið. Forsetinn var á leið til fundar við uppreisnarmennina þegar tilræðið var gert. - kóp

Tyrkneska þingið verður kallað saman tveimur vikum fyrr en venjulega:

## Tyrkir bregðast við gagnrýni ESB

**ANKARA, AP** Tyrkneskir þingmenn hyggjast svara gagnrýni evrópskra kollega sinna með lagasetningum í lýðræðisátt og til bóta fyrir minnihlutahópa í landinu. Þing verður kallað saman tveimur vikum fyrr og mun flýturinn vera til þess gerður að koma umbótum í gegn áður en málefni Tyrklands koma til umræðu á fundi Evrópusambandsins, viku síðar.

Málefni minnihlutahópa og deila Grikkja og Tyrkja um Kýpur eru helstu ágreiningsefni ESB og Tyrklands og brýnt að leysa úr þeim eigi að ræða nánar mögulega aðild Tyrkja að ESB. Ein umkvörtun ESB er sú að grískir Kýpurbúar hafi ekki

aðgang að höfnum og flugvöllum í Tyrklandi og sagði Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrkja, að þeim yrði ekki veittur slíkur aðgangur fyrr en endir væri bundinn á „einangrun“ tyrkneskra Kýpurbúa, en ríki Tyrkja á Kýpur er einungis viðurkennt af Tyrkjum sjálfum, meðan gríski hlutinn tilheyrir ESB. Eitt helsta kosningaloforð forsætisráðherrans í síðustu kosningum var að aðildarviðræður við ESB kæmust aftur á koppinn. Nú stýttist í kosningar að nýju og á ráðherrann óhægt um vik að virðast gefa undan í Kýpurdeilunni, þrátt fyrir að það gæti liðkað til í aðildarviðræðum.

- kóp



**HUGUR Í TYRKJUM** Tyrkneskir þingmenn vilja nú reyna að koma til móts við þingmenn Evrópusambandsins. NORDICPHOTOS/AFP



**EARTHBOUND FARM** Spínat frá Earthbound Farm er meðal þess sem hefur verið afturkallað.

Bandarískt spínat afturkallað:

## Fæst í öllum verslunum

**NEYTENDUR** Bandaríska spínatið sem var afturkallað úr verslunum landsins á laugardaginn vegna hugsanlegrar bakteríusýkingar var ekki einungis selt í verslunum Hagkaups eins og sagt var í Fréttablaðinu í gær.

Hagkaupsmenn voru fyrstir til að bregðast við tilkynningu um afturköllunina, en spínatið er selt í fleiri verslunum á landinu undir merkjunum „Earthbound Farm“ og „Hollt og gott“. Verið er að kanna upptök sýkingarinnar í Bandaríkjunum og mun spínatið ekki fara í sölu fyrr en komist verður fyrir hana. Spínatið er talið smitað af E. coli-bakteríum. - ap



**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR** í ævisögunni talar Margrét meðal annars um formannslaginn í Alþýðubandalaginu árið 1995.


Margrét Frímannsdóttir:

## Gerir upp í ævisögu sinni

**STJÓRNMÁL** Ævisaga Margrétar Frímannsdóttur alþingiskonu kemur út á vegum Hólaútgáfunnar í október. Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, höfundur sögunnar, segir að Margrét fari vítt yfir sviðið og segi frá ævi sinni og uppveiti á Stokkseyri, upphafinu í stjórnmálum og geri upp ævi sína, bæði pólitískt og í einkalífi.

Margrét kemur meðal annars inn á formannslaginn 1995 þegar hún og Steingrímur J. Sigfússon, núverandi formaður Vinstri grænna, tókust á í Alþýðubandalaginu.

„Þar kemur ýmislegt á óvart. Alþýðubandalagið var strákaflokkur þannig að það var margt sem Margrét upplifði sem hinir stjórnmálamennirnir upplifðu ekki,“ segir Þórunn Hrefna. - ghs



„Ég stundaði nám í íslensku við Háskóla Íslands. En það var Guðrún Kristín Antonsdóttir sem kenndi mér að lesa Skólaljóðin í 4., 5. og 6. GA í Árbæjarskóla.“





**FRÁ ÁRSHÁTIÐ BLEKSLÖNGVARA**  
Pennan glæsilega hanakamb mátti sjá á árlegri hátíð tattóveringa og líkamslistar í Los Angeles í síðustu viku.

NORDICPHOTOS/AFP

Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.  
**www.sturta.is**  
allan sólarhringinn!

**Pú verður bara líka...**

Simi: 565-5566  
sturta.is

Helle Thorning-Schmidt, formaður danska Jafnaðarmannaflokksins, hefur áhyggjur af velferðarkerfinu:

## Formaður Jafnaðarmanna vill kosningar

**DANMÖRK** Helle Thorning-Schmidt, formaður danska Jafnaðarmannaflokksins, vill að boðað verði til kosninga í landinu sem fyrst. Segir hún danska velferðarkerfið í hættu vegna skattalækkinga ríkisstjórnarinnar. Því verði Danir að fá tækifæri til að kjósa á milli skattastefnu ríkisstjórnarinnar eða eflingar velferðarkerfisins.

Talsmaður ríkisstjórnarflokksins Venstre segir hugmyndina ekki koma sér á óvart, enda óttist jafnaðarmenn að ganga til kosninga að kjörtímabilinu loknu þegar enn betri árangur af starfi ríkisstjórnarinnar muni blasa við.

Samkvæmt nýjustu skoðanakönnun á fylgi flokka í Danmörku eykst fylgi við Jafnaðarmannaflokkinn um tæp fjögur prósentu-  
stig.

Minnkandi stuðningur við ríkisstjórnina skrifast á óvinsældir íhaldsmanna, en þeir fengju aðeins átta prósent atkvæða ef kosið yrði nú. Danski þjóðarflokkurinn mælist rétt yfir kjölfylgi, sem er þó nokkur lækkun frá því fyrr á árinu. En vinsældir flokksins jukust töluvert þegar deilan um Múhameðsteikningarnar var í algleymingi. Flokkurinn fengi í dag tæplega fjórtán prósentu fylgi.



**HELLE THORNING-SCHMIDT** Danski Jafnaðarmannaflokkurinn eykur fylgi sitt um tæp fjögur prósent samkvæmt nýjustu skoðanakönnun á fylgi flokka.

- ks

## CAPACENT KYNNIR

# MICHAEL E.

Prófessor Michael E. Porter, sem talinn er fremsti hugsuður heims á sviði stefnumótunar og stjórnunar, heldur tvo fyrirlestra á Íslandi þann 2. október næstkomandi.

Hótel Nordica kl. 7.30–11.00

## THE COMPETITIVENESS OF ICELAND

Michael Porter er forseti World Economic Forum sem gefur út virtustu skýrslu heims um samkeppnishæfni þjóða – „Global Competitiveness Report“. Dr. Porter hefur undanfarið unnið að skýrslu um samkeppnishæfni Íslands og gerir hann grein fyrir niðurstöðum sínum á ráðstefnunni. Þátttakendur fá skýrsluna í hendur og eftir fyrirlesturinn verða pallborðsumræður.

Þessi rannsókn er hvalreki fyrir alla sem áhuga hafa á einhverju eldfimasta umræðuefni síðustu missera og ára á Íslandi og á eflaust eftir að vekja mikla athygli.

### PALLBORÐSUMRÆÐUR



Baldur Pétursson  
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið



Sigurjón Þ. Arnason  
Landsbankinn



Dr. Gylfi Magnússon  
Háskóli Íslands



Þórdís Sigurðardóttir  
Dagsbrún



Hannes Smáráson  
FL Group



Bjarni Snæbjörn Jónsson  
Ráðstefnustjóri  
Framkvæmdastjóri Capacent í Danmörku

Háskólabíó kl. 14.00–15.00

## WHAT IS STRATEGY?

Í nýjustu útgáfu European Foundation of Management Development (EFMD) er Dr. Michael Porter talinn vera fremstur vísindamaður í heiminum á sviði stjórnunar og stefnumótunarfræða. Þessari skoðun deila flestir sem um þessi mál fjalla. Allt frá því bók hans „Competitive Strategy“ kom út árið 1980 hefur hann haft gríðarleg áhrif á stjórnun fyrirtækja og stofnana um allan heim og er enn leiðandi í allri umræðu um stefnumótun.

Í þessum fyrirlestri fjallar hann um hvað stefnumótun er – og einnig hvað hún er ekki og rekur ýmsar ranghugmyndir manna um efnið. Þetta er fyrirlestur sem enginn áhugamaður um stefnumótun og stjórnun má láta fram hjá sér fara.

Skráning er hafin á [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR





**RAÚL CASTRO** Litli bróðir Fidels fór höfðum orðum um utanríkisstefnu Bandaríkjanna á fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkjafundur í Havana:  
**Árásir Ísraels fordæmdar**

**KÚBA, AP** Kúba tók á föstudaginn við formennsku í Samtökum hlutlausra ríkja, en fulltrúar allra 118 aðildaríkja samtakanna funduðu í Havana um helgina.

Í samtökunum eru þau ríki sem telja sig ekki hluta af nokkru stóru hernaðarbandalagi, eins og Atlantshafsbandalaginu.

Fundurinn samþykkti ályktun þar sem stríð Ísraels í Líbanon var fordæmt og stutt við friðsæla lausn deilu Bandaríkjanna og Írans í kjarnorkumálum.

Raúl Castro, sem stýrir Kúbu á meðan á veikindum bróður hans Fidels stendur, sagði bandarísk stjórnvöld reka óraunsæja heimsvaldastefnu. -sgj

# Forréttindi að lifa með fötlun

Freyja Haraldsdóttir, sem er hreyfihömluð og bundin við hjólastól, heldur í október fyrirlestra í öllum framhaldsskólum landsins. Yfirskrift fyrirlestranna er „Það eru forréttindi að lifa með fötlun“.

**MENNTAMÁL** Oft er talað um að sterk bein þurfi til að vinna afrek í lífinu. Í tilfalli Freyju Haraldsdóttur koma sterk bein síður en svo við sögu en samt sem áður hefur þessi tvítuga stúlka unnið afrek á ævi sinni. Freyja segist hafa orðið þeirra fríðinda aðnjótandi að hljóta fötlun sem kallast osteogenesis imperfecta en það er galli í beinum sem veldur því að beinin í líkamanum eru mjög stökk og brotna auðveldlega. Sjálf hefur Freyja ekki tölu á því hve oft hún hefur brotnað en telur það hafa gerst hátt í hundrað sinnum.

Freyja kveinkar sér þó ekki og í byrjun október ætlar hún að halda fyrirlestra í öllum framhaldsskólum landsins. Fyrirlestraröðin ber heitið: Það eru forréttindi að lifa með fötlun og er verkefnið styrkt af mennta- og félagsmálaráðuneyti.

„Hugmyndin kviknaði þegar ég var í námi við Fjölbrautaskólann í Gardabæ. Þar áttum við að skrifa um minnihlutahópa og ég valdi mér þann sem mér stóð næst, það er að segja málaflokk fatlaðra. Þegar ég fór að vinna verkefnið fann ég að þetta var allt öðruvísi en annað sem ég hafði áður gert. Þetta verkefni byggði

ég á persónulegri reynslu minni og þegar ég kynnti það fyrir bekknum þurfti ég að deila henni með öðrum,“ segir Freyja, sem segir afraksturinn hafa vakið mikla athygli, en þess má einnig geta að hún útskrifaðist sem dux frá Fjölbrautaskóla sínum í fyrra. Við vinnsluna segist hún hafa áttað sig á því að þetta langaði hana að leggja fyrir sig, það er að vinna að bættum kjörum fatlaðs fólks.

„Ég tel að það sé ástæða fyrir öllu. Ég held að ástæðan fyrir því að ég er eins og ég er sé sú að ég eigi að koma reynslu fatlaðs fólks á framfæri við þá sem eru það ekki. Umfjöllun um fötlun fylgir oft svo mikið volæði en ég vil sýna fólki að það að vera fatlaður er ekki slæmt hlutskipti. Oft er það krefjandi og mikil áskorun. Um leið fylgja samt því mikil forréttindi að fá að upplifa hluti sem aðrir eiga ekki tækifæri á að kynna,“ segir Freyja.


Hún segir markmið sín með verkefninu einkum þau að fræða samfélagið um líf fólks með fötlun og skólagöngu þess, opna augu fólks fyrir heimi fatlaðra einstaklinga, deila reynslu sinni, benda á hvað sé hægt að gera til að gera



**FREYJA HARALDSDÓTTIR** Segir að margt hafi batnað á þeim tuttugu árum sem hún hefur lifað þótt enn sé ekki hægt að halda því fram að fatlaðir njóti fullra mannréttinda, lífsgæða og frelsis.

fólk með fötlun virkari þátttakendur í eigin samfélagi og reyna að opna raunsærri umræðu um skóla fyrir alla. karen@frettabladid.is

# PORTER Á ÍSLANDI



## The Thinkers 50

er listi yfir fimmtíu helstu viðskiptahugsuði heims og Michael Porter er þar í fyrsta sæti.

1. Michael PORTER
2. Bill GATES
3. CK PRAHALAD
4. Tom PETERS
5. Jack WELCH



Meira á [www.thinkers50.com](http://www.thinkers50.com)







**SKRAUTLEGIR Á OKTÓBERFEST**  
Þessi hnébuxnaklæddu þjóðverjar biðu þess að Októberfest hæfist í München á dögunum. NORDICPHOTOS/AFP

Jón Gunnarsson:

## Sækist eftir fyrsta sætinu

**STJÓRNMÁL** Jón Gunnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar í



JÓN GUNNARSSON

Suðurkjördæmi, sækist eftir fyrsta sæti listans fyrir þingkosningararnar í vor. Jón var kjörinn á þing 2003 og skipaði þá fjórða sæti á lista flokksins. Margrét Frímansdóttir

var oddviti Samfylkingarinnar í kjördæminu en hún lætur af þingmennsku í vor. Lúðvík Bergvinsson og Björgvin G. Sigurðsson voru í öðru og þriðja sæti og er búist við að þeir sækist eftir forystusætinu nú, líkt og Jón.

- bps

Ungir framsóknarmenn:

## Ísland í forystu í umhverfisvernd

**STJÓRNMÁL** „Ísland hefur alla burði til að vera forysturíki í umhverfismálum. Hreinleiki landsins er auðlind sem ekki má fórn á altari nútímaneysluhátta,“



JAKOB HRAFNSSON

segir meðal annars í ályktun sem samþykkt var á þingi Sambands ungra framsóknarmanna um helgina. SUF hafnar hugmyndum um einkavæðingu heilbrigðiskerfisins og innritunargjöldum á sjúkrahúsum, lýsir ánægju með húsnæðislöggjöfina og skorar á Alþingi að heimila hvalveiðar í atvinnuskyni, þó þannig að hagsmunir ferðaþjónustunnar verði tryggðir.

- bps

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum ályktar:

## Tekjustofnum verði fjölgað

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum skorar á ríkisvaldið að hefja nú þegar heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga með það að markmiði að fjölga skattstofnum.

Í ályktun aðalfundar sambandsins frá 9. september segir að stórukinn fjöldi einkahlutafélaga og einstaklinga sem einungis hafa fjármagnstekjur hafi leitt það af sér að fjöldi einstaklinga, sem áður greiddi skatt bæði til ríkis og sveitarfélaga, greiða nú í litlum mæli skatt til sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafi lögbundnar skyldur um að veita öllum íbúum sínum

þjónustu og því óeðlilegt að breytingar á skattaumhverfi og skattareglum leiði það af sér að skattar, sem undir þeirri þjónustu eiga að standa, hverfi eða rýrni verulega fyrir einhliða ákvarðanir ríkisins.

Fullum stuðningi er lýst við fyrirhuguð áform um byggingu álvers í Helguvík þar sem brýnt sé að setja fleiri sterkar stöðir undir atvinnulíf á svæðinu í kjölfar stærstu hópuppsagna í sögu þjóðarinnar vegna brotthvarfs varnarliðsins.

Aðalfundurinn segir brýnt að fullt samráð verði haft við heimamenn um ráðstöfun húsnæðis og þróun atvinnumála á svæðinu. - sdg



**ÁLVER Í HELGUVÍK** Sambandið ítrekar að allra umhverfissjónarmiða sé gætt við tilhögun verkefnisins og að álverið verði til fyrirmyndar á heimsvísu í slíku tilliti.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðis:

## Vill byggja nýjar stöðvar

**BRUNAVARNIR** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins stefnir að því að byggja tvær nýjar slökkvistöðvar við Vesturlandsveg og Breiðholtsbraut.

Ef verður af þessum framkvæmdum verður slökkvistöðin við Tunguháls lögð niður í staðinn. Þá hafa verið kynntar tillögur um að sameina Slökkvistöð Reykjavíkur við Skógarhlíð og stöðina á Reykjavíkflugvelli. Þetta kom fram í samtali Jóns Viðars Matthíassonar slökkviliðsstjóra við Fréttastofu Útvarps um helgina. Honum hefur verið falið að athuga hvort lódir séu á lausu fyrir nýju stöðvarnar. - þsj

# Tíu lögreglumenn á vakt í miðborginni um helgar

Reykjavíkurborg hefur úthlutað 215 stöðum vinnveitingaleyfi. Þar af eru fimmtíu barir í pósthúsi 101, sem hafa leyfi fyrir tæplega átta þúsund gestum. Um helgar eru tíu lögreglumenn á vakt í miðborginni.

**LÖGREGLA** Á höfuðborgarsvæðinu hafa alls 215 fyrirtæki fengið úthlutað vinnveitingaleyfi frá Reykjavíkurborg. Aðallega er um veislusal, veitingahús og bari að ræða en þar að auki hefur Orkuveitunni og Ráðhúsi Reykjavíkur verið úthlutað vinnveitingaleyfi fyrir móttökur hvers konar.

Fyrirtækin 215 hafa leyfi til að hafa tæplega sautján þúsund gesti samanlagt og eru vítt og breitt um borgina en í miðbæ Reykjavíkur, eða pósthúsinu 101, eru samtals fimmtíu barir sem hafa leyfi fyrir tæplega átta þúsund gestum alls. Samkvæmt tölum frá Reykjavíkurborg hefur úthlutun vinnveitingaleyfa í miðbænum aukist lítillega síðastliðin tvö til þrjú ár en hins vegar hefur fleiri leyfum

verið úthlutað í úthverfum borgarinnar, til dæmis í Grafarvogi og Grafarholti. Alls hefur tuttugu vinnveitingaleyfum verið úthlutað frá árinu 2002.

Lögreglan í Reykjavík tvöfaldr fjöldi lögreglumanna á vakt um helgar. „Um helgar eru þetta þrjátíu til fjörutíu lögreglumenn sem eru á vakt,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík. „Það er löggæsla sem byrjar um ellefu að kvöldi og lýkur klukkan sex um morguninn en þá fækkar í liðinu enda háannatíminn hjá.“

Geir Jón segir löggæsluna fara fram með þeim hætti að flestir lögreglumannanna á vakt sinni



**LAUGAVEGUR OG BANKASTRÆTI** Um helgar er tíu lögreglumönnum falið eftirlit í miðborginni sérstaklega. Barir í pósthúsi 101 mega taka við tæplega átta þúsund gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Þessi samvinna er fagnadarefni og hefur skilað góðum árangri.“

**GEIR JÓN ÞÓRISSON**  
YFIRLÖGREGLUÞJÓN

eftirlitsstörfum í hverfum borgarinnar úr lögreglubílum en lögreglumenn séu einnig fótgangandi í miðbænum. Þá sinna tveir menn eftirliti með eftirlitsmyndavélum sem eru á víð og dreif um miðbæjarsvæðið. „Tíu menn sjá eingöngu um miðborgina og kalla til

menn ef eitthvað kemur fyrir.“

Lögreglan hefur að undanförunni verið í samstarfi við vinnveitingastaði í miðborginni til að sinna betur eftirliti. Samstarfið hófst í sumar og segir Geir Jón það hafa gengið vel. „Við erum með sérstaka tengingu við fjóra stærstu skemmtistaðina í miðbænum, þar eru dyraverðir með talstöðvar frá lögreglunni og í sérmerktum vestum,“ segir Geir Jón. „Þeir hjálpa hver öðrum og láta okkur vita af því sem gerist bæði innan- og utanhúss. Þessi samvinna er fagnadarefni og hefur skilað góðum árangri,“

þannig að við ætlum að auka þetta enn frekar og fá fleiri skemmtistaði í lið með okkur.“

Lögregla sinnir eftirliti með skemmtistöðunum sjálfum og gætir þess að gestafjöldi fari ekki fram yfir það sem heimilt er og að aldur gesta sé innan marka laganna. „Við erum með sérstaka eftirlitsmenn sem sinna þessu eftirliti og þeir fara óreglulega inn á staðina svo að skemmtistaðirnir séu ekki viðbúinir komu þeirra. Einnig sinna lögreglumenn á vaktinni þessu eftirliti,“ segir Geir Jón.

aegir@frettabladid.is

Konukot talið hafa bætt umhverfi og öryggi heimilislausra kvenna til muna:

## Framtíð Konukots óákveðin

**KONUKOT** Feministafélag Íslands skorar á formann velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að tryggja áframhaldandi rekstur Konukots. Ekkert hefur verið ákveðið um framtíð þess.

Sif Traustadóttir, ritari Feministafélagsins, segir fulla þörf á úrræði á borð við Konukot og segir það staðreynd að heimilislausar konur hafi ekki þorað í gistiskýlið við Þingholtsstræti þar sem heimilislausir karlar eru vistaðir.

„Konukot er úrræði sem mikil ánægja hefur verið með og hefur orðið til þess að færri heimilislausar konur biðja um gistingu á lögreglustöðinni. Starfsmenn lögreglunnar í Reykjavík og Kvennaathvarfsins telja Konukot hafa bætt til muna umhverfi og öryggi heimilislausra kvenna

í borginni.“ Sif segir Feministafélagið ekki sjá ástæðu til að breyta Konukoti, þar sem almenn ánægja hafi verið með þetta úrræði.

„Við teljum það skyldu borgaranna að styðja við heimilislausar konur og útvega þeim skjól fyrir veðri og vindum þar sem þær eiga ekki á hættu að verða fyrir ofbeldi.“

Elly Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði, segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um framtíð Konukots. „Það er verið að skoða stöðuna og framtíð Konukots verður rædd nánar á fundi velferðaráðs í næstu viku.“ - hs

**SIF TRAUSTADÓTTIR** Færri heimilislausar konur hafa leitað gistingu á lögreglustöðinni eftir að Konukot var opnað.



**Til Sölu**

Smáauglýsingar af öllum gerðum.  
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi  
Uppl. í s. 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá



# ST. MORITZ

Heillandi skíðaferð í svissnesku alpna

Tvær sannkallaðar lúxusferðir til St. Moritz verða í boði í febrúar og mars. Um er að ræða vikudvöl á þessum draumastað í svissnesku Ölpunum. Gist verður á Kempinski Grand hóteli des Bains sem er fimm stjörnu lúxushótel sem á fáa sína líka.

23. feb. - 2. mars (7 nætur)  
2. mars - 9. mars (7 nætur)

# EINSTÖK UPPLIFUN



# JÓLAFERÐ

10 daga draumaferð til Aspen Colorado (19. - 29. desember)

Núna er tækifærið til að fara í hina fullkomnu skíðaferð á besta skíðastað veraldar, Aspen Colorado. Afsláttur á skíðapössum. Leiðsögumaður í fjöllum. Flogið til Minneapolis og þaðan til Denver. Takmarkaður fjöldi. Bókið tímanlega.



ASPEN SNOWMASS  
PREFERRED TRAVEL PARTNER

Bókanir á [www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is) og í síma 534-5000



[www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

Samstarfsaðili GB ferða

GB FERÐIR  
[www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is)



## „ORÐRÉTT“

Einstakur stjórn-  
málamaður

„Hún er stelpan af Stokkseyri sem komst inn á svið stjórn-málanna með dugnaði og varð einn af leiðandi stjórnáráðgjafum sinnar kynslóðar.“

Óssur Skarphéðinsson um framlag Margrétar Frimannsdóttur til íslenskra stjórnála.

Slekkur á símanum

„Ég er eiginlega ekki búinn að ákveða hvað tekur við núna en það eina sem ég veit er að ég er að fara heim til mín og leika við son minn, Marínó og slökkva á símanum í að minnsta kosti vikunni.“

Magní Ásgeirsson tónlistarmaður við komuna til landsins í fyrradag. Magna var fagnað sem þjóðhetju eftir frammistöðu sína í þættinum Rock Star: Supernova.

nær og fjær  
**tilveran**

**SJÓNARHÓLL**  
PÁFINN OG ÍSLAM

**Allar skoðan-  
ir eru gagn-  
rýniverðar**

„Besti mælikvarðinn á réttmæti skoðana er rök. Og allar skoðanir eru jafn gagnrýniverðar, trúarskoðanir líka,“ segir



BIRGIR BALDURSSON  
TROMMARI

segir Birgir Baldursson, trommari og einn þeirra sem skrifa á vantru.is. „En til að hægt sé að gagnrýna skoðanir þurfa þær að fá að heyrast. Nú vilja einhverjir múslimar draga páfann fyrir dóm fyrir ummæli hans um Múhamed og Íslam. Það kemur ekki á óvart eftir að við höfum fylgst með viðbrögðunum við skopmyndunum í vetur sem leið. Heilagleiki skoðana er til marks um það hversu fátækleg rök standa að baki þeim. Í stað þess að hrekja skoðanir páfanns brenna múslimar bara brúður af honum, heimta hann fyrir rétt eða vilja skjóta úr honum líftórana. Getur nokkur maður verið raunverulega stoltur af því að burðast með skoðanir sem ekki má pota í? Ef þetta eru mótrökín getur varla verið mikið varið í innihaldið.“

**Tvæer milljónir máltíða á ári**

IGS Flugeldhús er stærsta eldhús landsins og það sem afkastar mestu. Þar eru búnar til í kringum tvæer milljón máltíðir á ári og fyrirtækið þjónustar bæði íslensku flugfélögin og fjölmörg erlend. Þar er meira gert en að framreiða mat því öll þjónusta sem fer fram í millilandaflogi, frá Saga Boutique til salernis-pappírs, fer í gegnum fyrirtækið. Það er í 4.000 fm húsnæði rétt við alþjóða-flugvöllinn í Keflavík.

„Það er þrefalt meira að gera hérna á sumrin en á veturna,“ segir Klemenz Sæmundsson, rekstrarstjóri. „Við erum með um 250 manns í vinnu á sumrin en um hundrað á veturna, enda eru miklar sveiflur í fluginu eftir árstíðum. Þegar við fluttum í þetta húsnæði árið 1987 fannst mörgum að það væri alltof stórt, en síðan hefur starfsemin vaxið gífurlega og við erum nánast búnin að sprengja húsnæðið utan af okkur.“

Klemenz leiðir blaðamann um fyrirtækið sem er í krókum og kimum í mörgum herbergjum. Alls staðar er starfsfólk á fullu. Í

einu herbergi er verið að tyna til litlar áfengisflöskur, í öðru eru konur að setja saman Saga Boutique-pakka, í því þriðja skammta konur lasagna á bakka sem boðið verður upp á í Bandaríkjafluginu seinna um daginn, og í enn öðru herbergi er dýrindis sjávarfang sett á diska fyrir Saga Class farþega.

Saga Class farþegar fá veglegra fæði en fólk á almennu farrými. Það er borið fram á postulínsbökkum en álbakkar látnir duga fyrir almennung. „Við reynum að nota eins mikið af íslenskum mat og við getum á Saga Class, fisk og lamb til dæmis,“ segir Klemenz. „Á almennu farrými erum við með danskar eða þýskar eggjakökur og kjúklingurinn er frá Bandaríkjunum. Þetta er svo gífurlegt magn sem við þurfum að ekkert íslenskt fyrirtæki gæti annað þessu fyrir okkur.“

Klemenz brosir þegar blaðamaður segir honum að hann muni ekki eftir öðrum mat hjá Icelandair en eggjaköku, skinkusneið og kartöfluteningum. „Já, þetta er búið að vera eins ansi lengi, enda er þetta mjög vinsælt. Á Saga Class skiptum við um matseðil mánaðarlega og þar hefur fólk meira val. Sjálfur flýg ég alltaf í almennu farrými og finnst eggjakakan nú bara mjög góð.“

Klemenz segir að tuttugu tegundir af sérþæði þurfi að vera til taks. „Það er t.d. boðið um grænmetisfæði, mat fyrir sykursjúka, fyrir fólk með mjólkuróþol og múslimar og gyðingar þurfa sérþæði. Við önnum þessu öllu nema kosher-matnum fyrir gyðingana. Hann er aðkeyptur, enda þarf sá matur að vera blessaður af rabinum og það er lítið um þá hérna á Suðurnesjum.“

Blaðamaður er margs vísari eftir þessa heimsókn og næst þegar flugfreyja réttir honum bakka verður honum hugsað til fólksins í Flugeldhúsinu. „Reyndu nú að hafa þetta jákvætt,“ segir Klemenz þegar við kveðjumst. „Það er komið nóg komið að neikvæðum fréttum héðan af Suðurnesjunum, þetta með herinn og það allt. Ég er einn af fáum Suðurnesjamönnum sem hafa aldrei unnið hjá hernum og ég er viss um að eftir 2-3 ár verða allir búnir að gleyma því að hér hafi nokkurn tímann verið her.“

gunnarh@frettabladid.is

sé að stökkva eða blása hérna á firðinum. Íbúar skrá hvalakomur og næsta sumar er stefnt að því að setja upp nokkra öflugra sjónauka svo fólk geti fylgst betur með dýrunum. Selurinn og fuglalífið er svo bónusinn.“



KLEMEZ SÆMUNDSSON REKSTRARSTJÓRI IGS Stendur við Saga Class bakkana.



Í SMÁFLÖSKUDEILDINI Margir fá sér enn áfengi í flugi þótt mikið hafi dregið úr stífri drykkju.



ÖRLYGUR R. ÞORKELSSON MATREIÐSLUMAÐUR Nýbyrjaður hjá Flugeldhúsinu en vann lengi í messanum uppi á velli.



LASAGNABAKKAR ÚTBÚNIR Farþegar til Bandaríkjanna gæða sér á þessu í kvöld.

**Ræstivagn Elite 100**



**35 %  
Afsláttur**

Hentugur vagn fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

Verð á vagni, moppu og skafti

**Nú: 33.904.-**

Áður: 52.159.-

\*meðan birgðir endast

**BESTA**

Suðurlandsbraut 26  
108 Reykjavík  
Sími: 510 0000  
Fax: 510 0001  
besta@besta.is

Brekkustíg 39  
260 Njarðvík  
Sími: 420 0000  
Fax: 420 0001  
njardevik@besta.is

Miðás 7  
700 Egilsstöðum  
Sími: 470 0000  
Fax: 470 0001  
egilsstaðir@besta.is

Grundargötu 61  
350 Grundarfirði  
Sími: 430 0000  
Fax: 430 0001  
grund@besta.is



# ESTÉE LAUDER

---

# GJAFATÍMI

## Petta er gjöfin til þín

Ef þú kaupir Estee Lauder vörur fyrir 3.900 kr. eða meira.\*

### Allt sem þú þarfnast til að kynnst Estée Lauder

- Háþróuð krem og litavara.
- 7 daga skammtur af Idealist undrakreminu og HydraComplete rakakremi.
- Full stærð af Pure Color varalit – Sugar Honey.
- Nýr augnskuggi – Cinnamon og Lash XL maskari.

Að auki glæsileg ferðasnyrtitaska ásamt snyrtibuddu. Allt þetta fyrir þig ef þú kaupir Estée Lauder vörur fyrir 3.900 krónur eða meira í Lyfju Lág múla, Lyfju Smáratorgi og Lyfju Laugavegi, dagana 19.- 24. september.

(verðgildi gjafarinnar er um 9.200 kr.)

\*Meðan birgðir endast



## Við mælum með Estée Lauder rakakremum


Prófaðu háþróuð rakakrem frá Estée Lauder – upplifunin kemur þér á óvart.

Andlitskrem með lyftingu eða vörn, rakagjöf eða lagfæringu á línum og hrukkum. Við hjálpum þér að finna krem sem uppfyllir þarfir húðar þinnar.



## Svona erum við

&gt; Hjónavígslur á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands

## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL GREINING: KÓLÍGERLAR

## E. coli bakteríusýking

Sala á fersku spinati frá Bandaríkjunum í verslunum hérlandis var stöðvuð nýlega eftir að alvarleg E. coli bakteríusýking kom upp í Bandaríkjunum. Sýkingin, sem var rakin til neyslu á spinati, hefur dregið eina bandaríska konu til dauða og yfir hundrað manns hafa veikst víðs vegar um Bandaríkin.

## Hvað er E. coli sýking?

Bakterían E. coli veldur bólgu í smáþörmunum og niðurgangi sem oft gengur einnig undir nafninu ferðamannaniðurgangur. Bakterían framleiðir eiturfæni sem veldur niðurgangi og er meðgöngutíminn frá því bakterían kemst inn í líkamann og þar til einkenni koma fram á milli 24 og 72 klukkustundir.

Einkenni sýkingar eru vatnskenndur niðurgangur, uppköst, lystarleysi og kviðverkir. Fullorðnir verða sjaldan mjög veikir, en börn geta hins vegar veikst það alvarlega að sjúkráðsinnlagner er þörf.



## Hvernig er hægt að forðast sýkingu?

Til að forðast sýkingu er það fyrst og fremst hreinlæti sem gildir, góður handþvottur og hreinlæti við meðhöndlun matvæla. Mikilvægt er að steikja allan mat við það háan hita að bakteríur drepist og hann sé gegnsteiktur þegar hann er borðaður.

Ferska ávexti ætti að þvo vandlega og síðan afhýða. Grænmeti og salat þarf einnig að þvo áður en þess er neytt.

Heimild: Doktor.is

## SPURT &amp; SVARAÐ

100 KM AF HJÓLASTÍGUM Á ÁRI

## Hjólið sparar aurinn

Um helgina var haldinn dagurinn Hjólum saman - hvílum bílinn en þetta er liður í Evrópsku samgönguvíkunni.

Að þessu sinni er samgönguvikan helguð loftslagsbreytingum. Pálmi Freyr Randversson, sérfræðingur í samgöngumálum hjá umhverfissviði, komst að því að hjólréiðamaður getur komist um fimm kílómetra leið á aðeins fimmtán mínútum.



PÁLMI FREYR RANDVERSSON

## Hve mikið hefur verið lagt af hjólastígum á höfuðborgarsvæðinu?

„Um 100 kílómetrar hafa verið lagðir af göngu- og hjólastígum á ári undanfarið og nú er verið að leggja fyrstu stígana sem eingöngu eru ætlaðir til hjólréiða en þeir eru í Lönguhlíðinni.“

## Hve mikið sparast við að hjóla 5 kílómetra í vinnu á hverjum degi?

„Ég áætla að sparnaðurinn yrði um 20 þúsund á mánuði eða 240 þúsund á ári. Síðan getur þetta líka verið spurning um að spara einn bíl á heimilinu og þá eru upphæðirnar mun hærra því rekstur á bíl kostar um 600-700 þúsund á ári.“

## Sögulegur sigur Hægriflokksins

Úrslit þingkosninganna í Svíþjóð eru sögulegur sigur fyrir borgaraflokkana og Hægriflokkinn einkum og sér í lagi. Klukkan var ekki orðin ellefu að kvöldi kjördags þegar Fredrik Reinfeldt, formaður Hægriflokksins og forsætisráðherraefni kosningabandalags borgaralegu flokkanna, lýsti því yfir í hópi samherja sinna að „Nýi Hægriflokkurinn“ væri stærsti sigurvegari kosninganna.

„Nú geta þeir sem kusu bandalagið verið stoltir af því að atkvæði þeirra dugðu í raun til að koma breytingum til leiðar og knýja fram stjórnarskipti,“ sagði Reinfeldt.

Reinfeldt var tvímælalaust mesti sigurvegari kosninganna, sem og flokkur hans, Hægriflokkurinn. Hann er hinn sögulegi andstæði póll Jafnaðarmannaflokksins í sænsku flokkakerfi. Undir slagorðunum „Nýi Hægriflokkurinn“ og „hinn nýi launþegaflokkur Svíþjóðar“ vann flokkurinn nú sinn mesta kosningasigur síðan árið 1928.

„Þetta markar söguleg tímamót í Svíþjóð,“ hefur AP eftir Önnu Corazza Bildt, eiginkonu Carls Bildt, fyrrverandi leiðtoga Hægriflokksins sem var forsætisráðherra

1991-1994. „Fólk var orðið þreytt á stjórn jafnaðarmanna,“ sagði hún.

## Hægrigrýluáróðurinn beit ekki

Göran Persson, fráfarandi forsætisráðherra og formaður Jafnaðarmannaflokksins, hefur lýst „Nýja Hægriflokknum“ sem úlfi í sauðargæru; á bak við hina nýju „mjúku“ ásýnd væru sömu gömlu frjálshygguhaukarnir sem iðuðu í skinninu að ráðast til atlögu gegn velferðarkerfinu og hygla hinum ríku á kostnað hinna efnaminni. Greinilegt var þó að í þetta sinn tóku kjósendur þennan „hægrigrýlu“-áróður lítt trúanlegan og veittu jafnaðarmönnum eina eftirminnilegustu áminningu sem um getur í sænskri stjórnmálasögu.

Úrslitin eru versta útkoma sænska Jafnaðarmannaflokksins úr kosningum frá árinu 1914. Hann tapaði um fimm prósentustigum frá síðustu kosningum og fékk nú rúm 35 prósent atkvæða. Þar með er flokkurinn eftir sem áður langstærsti flokkurinn í sænskum stjórnmálum, en ekki með þeim yfirburðum sem hann á að venjast.

Ósigurinn var sérstaklega sár fyrir Persson, sem setið hefur í ríkisstjórninni í tólf ár og þar af í tíu sem flokksformaður og forsætisráðherra. Enda lýsti hann því strax yfir á sunnudagskvöld að hann tæki þennan ósigur á sig. Hann myndi hætta sem flokksformaður og láta yngri manni af nýrri kynslóð stjórntauma flokksins í hendur á aukaflokksþingi í mars.

Persson sagði ennfremur að þótt flokkurinn hefði tapað þessum kosningum væri fjarri því að hann væri sigraður. Hann sagði að með borgaralegu flokkana í stjórn og jafnaðarmenn í stjórnarandstöðu væri „stríð um sænska velferðarmódelið“ framundan.

Stjórnmálaskýrendur taka þó ekki nærri eins djúpt í árinu.

„Borgaralega bandalagið hefur ekki í grundvallaratriðum dregið sósíaldemókratiska módelið í efa,“ hefur AP eftir stjórnmálafræðiprófessornum Tommy Möller. „Þvert á móti hefur það sótt eftir umboði til að betrubæta það,“ segir hann.

## Átök um eftirmann Perssons

Aftur á móti er viðbúið að miklir flokkadrættir séu framundan innan Jafnaðarmannaflokksins. Persson á sér engan sjálfgefinn eftirmann, eftir að Anna Lindh var myrt fyrir þremur árum, og því má búast við allharðvítugum átökum um það hver eigi að leiða flokkinn í stjórnarandstöðu og í næstu kosningum.

Að sögn Eriks Fichtelius, sem um árabíl stýrði umræðuþætti um stjórnmál í sænska ríkissjórnvarpinu SVT, getur þessi staða valdið mikilli spennu í flokknum nú á fyrsta misserinu eftir að flokkurinn hefur misst völdin. Fichtelius er gjörkunnugur pólitískum ferli Perssons, en hann er nú að leggja loka hönd á sjónvarpsþáttaröð um það efni, sem byggður er á fjölda viðtala við Persson sem tekin eru á löngu árabíli.

„Í flokknum er sterk hreyfing sem vill að næsti formaður verði kona,“ segir Fichtelius. „Anna Lindh var sterkur leiðtogi með



REINFELDT TIL VALDA Hinn 41 árs gamli leiðtogi „Nýja Hægriflokksins“ skapaði sér ímynd miðjusækis, hófsams íhaldsmanns í aðdraganda kosninganna. Hér talar hann á fundi í Sturecompagniet í Stokkhólmi á endaspretti kosningabaráttunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

eigin bakland í flokknum; hún hefði að öllum líkindum orðið bæði flokksformaður og forsætisráðherra, sennilega ekki seinna en árið 2005.“ Sviplegt andlát hennar hafi verið flokknum mikið áfall.

„Nú er það svo að það er enginn í flokksforystunni, hvorki kona né karl, sem blasir við sem hugsanlegur arftaki Perssons,“ segir Fichtelius. Eftir tapið í kosningunum og afsögn Perssons, „þá kemur að ég tel - líkt og í Verkamannaflokknum í Bretlandi - til leiðtogaslags milli ólíkra fylkinga innan flokksins, sem gæti orðið bysna „blóðug“.“

## Ráðherrapókerinn hafinn

Göran Persson lagði í gær fram afsagnarbeiðni sína. Jafnframt því hófu fulltrúar borgaralega kosningabandalagsins stjórnarmyndunarviðræður. Eina embættið sem samstaða var um fyrirfram er forsætisráðherrastóllinn.

Reinfeldt sagði sjálfur á fundi sem blaðamaður var viðstaddur í Stokkhólmi fyrir réttu viku að samningum um skiptingu ráðherraembættanna hefði vísvitandi verið frestað fram yfir kosningar, þar sem hún ætti eðlilega að byggjast á styrkleika flokkanna eftir kosningarnar nú, ekki þær síðustu. Hægriflokkurinn fékk nú meira en 10 prósentustigum meira fylgi en í síðustu kosningum og reyndar meira en allir hinir samstarfsflokkarnir þrjár til samans. Hann mun því gera tilkall til flestra ráðherraembættanna. Samkvæmt útreikningi Svenska Dagbladet, sem miðaður er við óbreyttan fjölda ráðherra fráfarandi stjórnar, getur Hægriflokkurinn gert tilkall til tólf ráðherra-stóla, Miðflokkurinn til fjögurra og hinir tveir, Þjóðarflokkurinn og Kristilegir demókratar, til þriggja hver. Engan veginn er þó víst að skiptingin verði svona þegar upp verður staðið.

## Óvenjulegur ósigur í góðæri

Að Jafnaðarmannaflokkurinn skyldi tapa völdum nú þegar vel árar í sænsku efnahagslífi þykir tíðindum sæta. Hagvöxtur er góður, útflutningstekjur vaxandi og ríkisfjármálin í jafnvægi.

Stjórnmálaskýrendur eru á einu máli um að Akkílesarhæll Perssons hafi verið hversu illa hefur gengið að fjölgja störfum samhliða hagvextinum. Samkvæmt opinberum tölum er atvinnuleysi í Svíþjóð þó

ekki meira en um sex prósent, en í kosningabaráttunni tefldi Reinfeldt því ítrekað fram að fimmti hver vinnufær íbúi landsins er utan vinnumarkaðar, ef taldir eru þeir sem eru skráðir í langtíma sjúkraleyfi, þeir sem taka þátt í atvinnubóta-starfsþjálfunarfærni stjórnvalda eða eru farnir á eftirlaun fyrir aldur fram.

Það sem einnig sætir tíðindum við kosningasigur borgaraflokksins nú er að í bæði fyrri skiptin sem þeir komust að stjórnartaumunum á síðustu þremur áratugum, sem var árin 1976 og 1991, ríkti bullandi kreppa og forsendur þar með afleitar til að fylgja stjórnarstefnu sem til vinsælda væri fallin meðal kjósenda í næstu kosningum þar á eftir. Það hamlaði einnig árangri, sérstaklega stjórnar Thorbjörns Fálldin úr Miðflokknum á árunum 1976-1982, að meðlimir hennar höfðu enga reynslu af ríkisstjórnarsetu þar sem jafnaðarmenn höfðu setið einir að stjórnartaumunum næstu þrjú áratugina á undan.

## Opinberi geirinn áfram stór

Í sameiginlegri kosningastefnuskrá borgaralegu flokkanna, sem þeir kynntu fyrir kjósendum fyrir kosningarnar nú, er heitið hófsöm skattalækkunum, einkum og sér í lagi á fjölskyldufólk með lægri tekjur. Þá hafa þeir heitið því að herða á reglum um atvinnuleysisbætur og að einkavæða viss ríkisfyrirtæki. En stjórnmálaskýrendur telja að opinberi geirinn haldist áfram umsvifamikill í landinu og að ekki sé við því að búast að til þeirra miklu kerfisbreytinga komi sem Persson varaði við í kosningabaráttunni að Svíar myndu kalla yfir sig með stjórnarskiptum.

Enda hefur það verið mest áberandi í málflutningi Reinfeldts sem forsætisráðherraefni miðju-hægribandalagsins að ekki stæði til að gera neinar byltingarkenndar breytingar á velferðarkerfinu; markmiðið væri að gera það skilvirkara, lækka skattbyrði lægri tekjuhópa og draga úr álögum á sjálfstæða atvinnurekendur, sem allt eigi að stuðla að fjölgun starfa og bættri samkeppnishæfni sænsks atvinnulífs.



## FRÉTTASKÝRING

AUDUNN ARNÓRSSON  
audunn@frettabladid.is

## Heildarlausn fyrir snyrtinguna Lotus Professional



Arngrímur Þórgrímsson  
Sölustjóri hjá RV

## Á tilboði í september



Hvítur enMotion snertifrís skammtari

3.982 kr.



Hvítur sápuskammtari Foam

1.865 kr.



Hvitt WC Compact statif fyrir tvær rúllur

1.865 kr.

## Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is







# LANGÓDÝRUSTU GERVIGÆSIRNAR

**12 skeljar í kassa. 8 á beit, 2 í hvíld og 2 á verði. Festijárnin fylgja með.**

**Aðeins 7.995 fyrir 12 gæsir og festijárn**

Einnig álftrir á aðeins 2.195 • flotgæsir aðeins 1.595 • gerviendur aðeins 595, stél aðeins 495

**Hvergi betra verð!**




**Aðeins 8.423  
á mánuði.**

## Beretta ES 100 Standard White

Prengingar og ólarfestingar fylgja.

Staðgreitt aðeins 89.900 eða aðeins 8.423 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



**Aðeins 7.906  
á mánuði.**

## Beretta ES 100 Synthetic White

Prengingar og ólarfestingar fylgja.

Staðgreitt aðeins 84.900 eða aðeins 7.906 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



**Aðeins 7.560  
á mánuði.**

## Beretta ES 100 Synthetic Black

Prengingar og ólarfestingar fylgja.

Staðgreitt aðeins 81.900 eða aðeins 7.560 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



### Sellier & Bellot gæsaskot.

Veiðihornsverð á þessum vinsælu gæsaskotum.

**2 ¾" 42,5gr. hleðsla aðeins 885 pakkinn (25 skot).**


**3" 53gr hleðsla aðeins 1.090 pakkinn (25 skot).**



**Aðeins 5.318  
á mánuði.**

## Stoeger Model 2000 Standard

Prengingar og ólarfestingar. Staðgreitt aðeins 56.900 eða aðeins 5.318 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



**Aðeins 5.835  
á mánuði.**

## Stoeger Model 2000 Camo

Prengingar og ólarfestingar. Staðgreitt aðeins 61.900 eða aðeins 5.835 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



**Aðeins 5.145  
á mánuði.**

## Stoeger Model 2000 Synthetic


Prengingar og ólarfestingar. Staðgreitt aðeins 54.900 eða aðeins 5.145 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



**Aðeins 3.420  
á mánuði.**

## Stoeger P350 Synthetic.

Prengingar fylgja. Staðgreitt aðeins 35.900 eða aðeins 3.420 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



**Aðeins 3.765  
á mánuði.**

## Stoeger P350 Camo

Prengingar fylgja. Staðgreitt aðeins 39.900 eða aðeins 3.765 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



Uppgefið heildarverð er með staðgreiðsluafslætti  
3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í mánaðagreiðslum.

**Meira úrval skotvopna er í Veiðihorninu Síðumúla 8**





Má sjá hliðstæðu í sænsku kosningunum?

## Hófsöm en afgerandi sveifla

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Mála sannast er að sveiflan í sænsku kosningunum var hófsöm breyting en afgerandi. Það var augljóslega vilji til breytinga, að því gefnu að hornsteinar velferðarkerfisins fengju samt sem áður að standa.

Borgaraflokkunum tókst að svara þessum sjónarmiðum. Tilfærsla Hófsama flokksins frá hægri nær miðjunni sýnist hafa verið forsenda fyrir því að flokknum tókst að ávinna sér aukinn trúnað kjósenda.

Formlegt bandalag borgaraflokkanna með sameiginlegri kosningastefnu sýnist aukheldur hafa verið lykillinn að innngöngu þeirra í stjórnarskrifstofurnar. Andspænis áratuga sósíaldemókratískri kjölfestu urðu borgaraflokkarnir að sýna með skýrum hætti fram á samstöðu í málflutningi. Það tókst.

Að þessum forsendum uppfylltum voru sænskir kjósendur fúsir til að gefa sósíaldemókrötunum frí eftir áratuga lítt slitna stjórnarsetu. Með öðrum orðum var það efnisleg breyting á stöðu borgaraflokkanna sem opnaði möguleika þeirra á að nota gömlu kenninguna um að Svíþjóð væri orðin einsflokksríki og breytingar breytinganna vegna væru því nauðsynlegar. Sá boðskapur hefur aldrei dugað einn og sér.

Hvað sem öðru líður felur þessi hófsama sænska sveifla í sér veruleg pólitísk tíðindi. Gróska hefur verið í sænsku efnahagslífi. Stjórnarandstaðan flaggaði heldur engum stundarvinsældarmálum. Í þessu viðliti er ákvörðun sænskra kjósenda þeim mun merkilegri.

Sænskir kjósendur fengu vaxandi atvinnuleysi ekki til þess að ríma við góðan hagvöxt. Skatta- og atvinnuleysisbótastefna borgaraflokkanna reyndist trúverðugri en skýringar fráfarandi ríkisstjórnar.

Spurning er hvort draga meg einhvern lærdóm af þessum sænsku kosningum þegar lítið er til komandi kosninga hér. Í því viðfangi er þó ljóst að umhverfið er nægjanlega ólíkt til að gera samanburð erfiðan.

Formlegt og málefnalegt bandalag borgaraflokkanna færði sænskum kjósendum þó óneitanlega tvo skýra kosti til þess að velja á milli. Stjórnarandstöðuflokkarnir hér hafa ekki viljað ganga jafn langt. Að því leyti verða þeir ekki jafn skýr málefnalegur kostur andspænis ríkisstjórnarflokkunum eins og gerðist í sænsku kosningunum.

Ríkisstjórnarflokkarnir hér hafa framkvæmt svipaða pólitísk og borgaraflokkarnir í Svíþjóð boða. Hins vegar liggur ekki fyrir hvort Framsóknarflokkurinn telur vænlegra að veðja á samstöðu um þá hluti eða einhvers konar sérstöðu varðandi ókomna tíð.

Eins og sakir standa verða því tæpast dregnar upp pólitískar hliðstæðumyndir af sænsku kosningunum og þeim sem hér eru í vændum.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arnís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Til leigu



### 2. hæð í húsnæðinu að Dalshrauni 15 í Hafnarfirði.

Um er að ræða tæplega 700 m<sup>2</sup>. Húsnæðið skiptist í tvo veislusali, starfsmannastöðu, eldhús og einnig eru 3 skrifstofur á hæðinni. Ýmsir möguleikar eru á nýtingu húsnæðisins en þar hefur veislupjónustan Hraunholt verið með starfssemi undanfarin ár og er allur búnaður fyrir slíkan rekstur á staðnum.

Áhugasamir hringi í s. 893-3569, Júlíus eða sendi tölvupóst á [sigurjon@heima.is](mailto:sigurjon@heima.is)

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Breytt áætlun

Guðlaugur Þór Þórðarson hefur nú skipað svo fyrir að fyrsti áfangi Helliðarvirkjunar verði tekinn í gagnið fyrr en áður var áætlað og keppast starfsmenn OR við að uppfylla þær óskir stjórnarformannsins. Ráðgert var að hefja raforkuframléiðslu á Helliðarheiði í nóvember en Guðlaugur ætlar að setja vélnarar í gang 20. október.



Samsæriskenningasmíðir voru fljótir að setja málið í samhengi en prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík er fyrirhugað viku síðar. Leikurinn er því - í þeirra huga - aðeins gerður svo að Guðlaugur geti baðað sig í sviðsljósi fjölmiðlanna ein-

mitt þegar prófkjörbaráttan er að ná hámarki.

#### Gefur út bók

Margrét Frímansdóttir sagði í viðtali við NFS í gær að hún vissi ekki hvað tæki við þegar hún léti af þingmennsku. Hún hefði gegnt ýmsum störfum, meðal annars unnið í fiski í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Eitt veit hún þó. Hún ætlar að gera upp fortíð sína, baráttuna við Steingrím J. Sigfússon í Alþýðubandalaginu og fleira, með útgáfu bókar.

#### Enn sótt að BTB

Mestu strigakjaftra viðskiptalífsins standa uppi í hárinu á Björgólfi Thor Björgólfsyni (BTB) þessa dagana.

Víglundur Þorsteinsson lætur hann heyra það í Frjálsri verslun og Magnús Kristinnsson í Mogganum á sunnudaginn. Magnús segir að félag BTB hafi keypt hlut í Kaldbak af KEA og selt hann Burðarási sólarhring síðar þar sem Björgólfi var stjórnarformaður. Hagnaður félags BTB hafi verið tæpur milljarður, sem er langtum meira en hinir fimmtán þúsund hluthafar Burðaráss nutu. Minnir þetta á viðskipti Jóns Ásgeirs Jóhannessonar þegar félag hans keypti 10/11 og seldi síðar Baugi. Hæstiréttur sagði hins vegar ekki hægt að draga þá ályktun að „Jón Ásgeir hafi auðgast af þessari háttsemi eða hún leitt til tjóns eða hættu á tjóni fyrir Baug“.

[bjorn@frettabladid.is](mailto:bjorn@frettabladid.is)

## Til hamingju, Magni

Þegar þessi orð eru skrifuð er mágur og margmenni í Smáralind að taka á móti Magna, rökkstjórnunni okkar. Giskað er á átta þúsund manns og líklega á sú tala eftir að hækka. Tilsýndar í sjónvarpi ber mest á börnum og unglungum en í aðdáendahópnum er hinsvegar fólk á öllum aldri, af báðum kynjum og úr öllum stéttum.

Æ stærri hluti þjóðarinnar hefur fylgst með öllum þáttunum, vakað fram á nótt og setið sveittur við kosningar, ýmist á neti eða í síma. Konur og karlar, stelpur og strákar hafa mætt í vinnu og skóla með bauga undir augum að undanfögnu og veðrið hefur verið víkjandi umræðuefni á mannámótum því allir hafa skoðun og áhuga á Supernóvu ævintýrinu. Vafalaust hefur þetta komið niður á vinnuafköstum okkar þessar vikur og mánuði en kannski minna en ætla mátti því margir hafa verið í sumarfrí. Og þótt einhverjir hafi kannski verið svolítið þreyttir um miðbik vikunnar kemur það ekki að sök því slík þjóðareining eflir andann og hvetur okkur öll til dáða. Það er gott að leggja argaþrasíð til hliðar um tíma og sameinast um markmið og hlýjar hugsanir. Það skiptir ekki minnstu máli að Magni hefur sýnt og sannað að hann er góð fyrirmynd, traustur fjölskyldumaður og vel jarðtengdur.

Ég hef reyndar átt því láni að fagna að kynast allmörgum Borgfirðingum og mér hefur alltaf virst þeir allir vel jarðtengdir enda ekki amalegt að tengjast náttúru eins og er á Borgarfirði, þar sem sveit og þorp eru umkringd einum fallegustu fjöllum Íslands,



INGA RÓSA ÞÓRBARDÓTTIR Í DAG | Afrek Magna

fjöllum eins og Staðarfjallinu og Hvítserki að ónefndum Dyr-fjöllum og er þá fátt eitt talið. Slíkt umhverfi hlýtur að ala af sér gott og traust fólk. Þá skiptir vafalaust ekki síður máli að í litlum samfélögum fá allir tækifæri til að spreyta sig á ólíkum verkefnum, allir eru mikilvægir og skólakrakkar í fámennum grunnskólum í litlum þorpum eflast og styrkjast við þátttöku í fjölbreyttum menningarviðburðum, atvinnulífi og mannlífi öllu.

*Þá skiptir ekki minnstu máli að Magni hefur sýnt og sannað að hann er góð fyrirmynd, traustur fjölskyldumaður og vel jarðtengdur.*

Það hefur verið ákaflega skemmtilegt að fylgjast með stráknum frá Borgarfirði eystra taka þátt í undarlegu ævintýri í útlöndum. Áhuga þjóðarinnar var nokkuð stíllt í hóf framman af en eftir því sem leið á ævintýrið fylltumst við öll gríðarlegu stolti, sem hefur vaxið með hverri vikunni. Það er alveg óþarfi að leggja í djúpar pælingar um þjóðarsálinu í þessu samhengi. Strákurinn hefur einfaldlega staðið sig vel,

jafnt sem tónlistarmaður og maður og við höfum haft ástæðu til að vera stolt af honum. Fyrst og síðast hafa áhorfendur og aðdáendur glaðst yfir einlægri og kurteisri framkomu, látleysi hans og jafnaðargeði. Svona ævintýri reynir á og örugglega auðveldara að missa tókin á sjálfum sér en halda þeim. Það hlýtur að hafa verið erfitt fyrir Magna og fjölskylduna hans að koma beint úr hringiðunni ytra og langri flugferð inn í Smáralindina þar sem stór hópur æpandi aðdáenda beið en ekkert virðist geta raskað ró þeirra.

Landkyrning þessa ævintýris virðist hafa verið talsverð. Íslenskir aðdáendur Magna hafa þýtt íslenska umfjöllun um þáttinn yfir á netsíður og erlendir lesendur þeirra eru fullir þakklætis, áhuga á Íslandi og jafnvel áhuga á því að læra íslenska tungu svo þeir geti skilið það sem sagt er. Mamma Magna fær góðar kveðjur og þakkar frá netverjum fyrir gott uppeldi og Eyrún nýtur bæði aðdáunar og öfundar. Svona mætti áfram telja og ekkert lát hefur verið á netskrifum um Magna og frammistöðu hans þótt nokkrir dagar séu liðnir frá lokum þáttaradarnar.

Nú verður fróðlegt að fylgjast með framhaldinu. Hljómveitin Á móti só! hefur stækkað aðdáendahóp sinn umtalsvert, fyrst og fremst innanlands en einnig að einhverju leyti erlendis, og vafalaust gefast mörg tækifæri til að nýta þennan meðbyr, sem að sumu leyti var óvæntur. Við höfum öll eignað okkur Magna og munum fylgjast með honum af auknum áhuga næstu vikur, mánuði og jafnvel ár. Til hamingju Magni.

## Orð og efndir

### Umræðan

Lækkun matarskattsins

Undanfarið hafa þingmennirnir Guðlaugur Þór Þórðarson og Birgir Ármannsson ljáð máls á mikilvægi þess að lækka matvælavæð á Íslandi. Ég fagna þessum nýja liðsauka í umræðunni um lægra verð á matvöru, en viðurkenni að sinnaskipti þingmannanna koma furðulega fyrir sjónir.

Í upphafi þessa kjörtímabils lagði Samfylkingin fram frumvarp um helmingslækkun á matarskatti. Svo vildi til að Sjálfstæðisflokkurinn hafði lofað því nákvæmlega sama í kosningabaráttunni. En þegar kom að efndum kosningalofordanna greiddi allur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins atkvæði gegn málinu, einnig Guðlaugur Þór og Birgir. Þá var ekki liðið hálf á frá kosningum en það virtist nægilega langur tími til þess að loforð kosningabaráttunnar væru gleymd.

Afstaða þingmanna Sjálfstæðisflokksins til frumvarps Samfylkingarinnar um helmingslækkun á matarskattinum birtist m.a. í DV 8. október 2003. Einar K. Guðfinnsson, þá þingflokks-



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

formaður, sagðist ekki vilja styðja frumvarpið því hann vildi lækka matarskattinn á eigin forsendum eins og hann orðaði það. Ég veit ekki hvernig túlka á þessi orð, því forsendur Sjálfstæðisflokks í þessu máli voru þær sömu og Samfylkingarinnar í kosningabaráttunni. Hvort að eigin forsendur merki að ekki þurfi að standa við gefin loforð er erfitt að segja. Loforð beggja flokkanna lutu að því að lækka matarskatt úr 14% í 7%.

Þingmaðurinn Sigurður Kári Kristjánsson sagði að Sjálfstæðisflokkurinn myndi vinna að þessu máli en það yrði ekki í anda frumvarps Samfylkingarinnar. Aftur nokkuð sérstök afstaða í ljósi loforðs hans eigin flokks. Birgir Ármannsson treysti sér ekki heldur að styðja sitt eigið kosningaloforð og vildi frekar bíða og sjá skattapakka ríkisstjórnarinnar í heild sinni.

Nú er komið að lokum þessa kjörtímabils og þingmenn hafa fengið fleiri tækifæri til að kjósa með lækkun matarskattsins en aldrei stutt málið. Kannski þarf kosningabaráttu til að sjálfstæðismenn fari að taka upp fyrri stefnu og loforð.

Höfundur er varaformaður Samfylkingarinnar.



## AÐ SÆTTAST VIÐ SJÁLFAÐ SIG

Sölvi Fannar Viðarsson gefur út nýja heilsuhandbók í lok mánaðarins.

HEILSA 2



EYKUR LÍFSGLEÐI OG KRAFT  
Marta Eiríksdóttir hefur kennt dansjoga í tæp tvö ár.

HEILSA 4



# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[HEILSA]

**Guðjón Bergmann**, rithöfundur og jógakennari, heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni „Þú ert það sem þú hugsar - lærðu að ná betri stjórn á hugsunum þínum“ í Maður lífandi, Borgartúni 24, miðvikudaginn 20. september kl. 17.30-19.00. Á fyrirlestrinum kynni Guðjón brot af því sem hann hefur kennt. Sjá [www.madurlifandi.is](http://www.madurlifandi.is)



Nú stendur yfir tilboð á árskortum í heilsuræktarstöðvar Nautilus í Kópavogi, Hafnarfirði og á Álftanesi. Misjafnt er eftir stöðvum hvaða tilboð eru í gangi en hvert kort gildir eingöngu á þeirri stöð þar sem það er keypt. Allar nánari upplýsingar má finna á [www.nautilus.is](http://www.nautilus.is)

**Grænmetisnámskeið** Sollu eða Sólveigar Eiríksdóttur, er haldið í kvöld kl. 18.50-23.00 í Hagkaupum í Smáralind. Er það blanda af fræðslu og sýnikennslu. Námskeiðið verður endurtekið 25. september, 26. september, 2. október og 3. október. Sjá [www.himneskt.is](http://www.himneskt.is)

## GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn  
19. september, 262. dagur  
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.01	13.22
Akureyri	6.44	13.06
		19.26

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á [visir.is](http://visir.is)



Gabrielu finnst ekki bara gaman í sundi, heldur líka í róló. Svo á hún marga vini í hverfinu sem gaman er að leika við.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

## Allt skemmtilegt og ekkert erfitt

**Gabríela Kristjánsdóttir er hress fimm ára stúlka sem er nýbyrjuð á sundnámskeiðinu Sæhestar hjá KR.**

Það liggur vel á Gabrielu þegar blaðmaður hittir á hana. Hún er nýkomin af annarri sundæfingu og er búin að læra svo marga skemmtilegt að hún ræður sér vart fyrir kæti.

„Það er allt skemmtilegt, að kafa, ýta plastinu áfram með hökunnunni og busla,“ segir Gabríela þegar hún er innt eftir því hvort eitthvað sé meira spennandi en annað. Svo þagnar hún, hugsar sig betur um og segir að hringurinn sé kannski skemmtilegastur, það er að segja plastringur sem börnin eru látin synda í gegnum á námskeiðinu.

Gabríela er líka búin að kynna skemmti-

legum krökkum í sundi og finnst sko ekki leiðinlegt að Rebekka, vinkona hennar af leikskólanum, skuli einnig vera með. „Briet, systir Rebekku, er líka í sundi og alveg rosa klár,“ segir hún og bætir við að það sé vegna þess að hún sé svo stór, alveg átta ára.

Að mati Gabrielu er ekkert of erfitt í sundi og svo er hún Guðrún Ásta, sundkennari, alltaf skammt frá til að tryggja öryggi barnanna og sjá til þess að þau geri allt rétt. „Krakkarnir gera stundum ekki rétt og þá þarf Guðrún Ásta að sýna hvernig á að gera það,“ útskýrir hún.

Ekki gefst tími til að spyrja frekari spurninga því Gabríela er búin að draga fram spil sem hún vill spila við blaðamann, sem finnst það fín skipti í staðinn fyrir viðtalið.

[roald@frettabladid.is](mailto:roald@frettabladid.is)

## Himnesk hollusta fær lífræna vottun

FYRIRTÆKIÐ HIMNESK HOLLUSTA, SEM SÉRHÆFIR SIG Í INN-FLUTNINGI Á LÍFRÆNUM MATVÖRUM, HEFUR FENGIÐ LÍFRÆNA VOTTUNARSTIMPILINN FRÁ VOTTUNARSTOFUNNI TÚNI.

Vottunin tekur bæði til fyrirtækisins sem og hinnar lífrænu vörulínu þess. Þar með hafa rúmlega fimmtíu vörutegundir frá Himneskri hollustu fengið lífræna vottun frá Vottunarstöðinni Túni. Samkvæmt fréttatilkygningu frá Himneskri hollustu hafa 55 aðilar á Íslandi fengið vottun fyrir framleiðslu, dreifingu eða vinnslu lífræna afurða, allt frá dillakjöti til æðardúns. Þetta er þó í fyrsta sinn sem íslensk vörulína hlýtur vottun sem þessa. Vörulínan er frá Himneskri hollustu ehf. en þó ber að geta þess að framleiðendur varanna eru frá ýmsum löndum. Vörurnar sem um ræðir eru æði fjölbreyttar en á meðal þeirra eru kjúklingabaunir, kakóduft, hnetusmjör, eplamauk, tómatmauk, agave-siróp, ýmiss konar hnetur og fræ og hörfræjaolía.



Sólveig Eiríksdóttir og Elías Guðmundsson taka við vottuninni frá Gunnari Á Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Túns.

# SEPTEMBER

# Kafbátur mánaðarins Pizzabátur

...með öllu því grænmeti  
sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu  
bátur **kr. 299**

Gildir í sept. 2006 • Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnunumáli



# SUBWAY





**Ertu óvinsæll í rúminu?**  
**snoreeze**  
auðveld leið til að hætta að hrjóta

**Dr. Hauschka**  
Náttúrulegar snyrtivörur  
**Kynningarkvöld**  
Miðvikudag kl. 20:00

Kynning á hinum heimspektu náttúrulegu Dr. Hauschka snyrtivörum. Dr. Hauschka snyrtifræðingur veitir persónulega ráðgjöf.

**20% afsláttur** á öllum Dr. Hauschka vörum á kynningunni.

Skráning í Yggdrasil

**Námskeið í Bowen Tækni**

Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu. Virkar vel á hverskonar vandamál.

**Kennt í Reykjavík 20. - 23. október 2006**

Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.

Uppl. síma 421 4569 og 897 7469 • Margeir  
www.bowentækni.com • jmsig@simnet.is

**Yfirburðataeki fyrir yfirburðarfólk!**

Life Fitness – vænstu þess besta

**T9e** Treadmill

- LCD tölvuskjár kórónar ríkulegan búnað T9e hlaupbrautarinnar

**Life Fitness** allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI** Skeifunni 19 - S. 568 1717

þrekhlól, hlaupbrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar

Hagstæð greiðslukjör | Opíð 10-18 mán.-fös. | www.hreysti.is



Sölvi byggir nýju bókina á áralangri reynslu af einkabjálfun og ráðgjöf.

FRÉTTABLAÐID/HRÖNN

## Að sættast við sjálfan sig

Sölvi Fannar Viðarsson, framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar, gefur út nýja heilsuhandbók, *Kaloriukvótann - borðaðu eins og þig lystir, í septemberlok sem hann byggir á áralangri reynslu af einkabjálfun og heilsuráðgjöf.*

góðu formi. „Ég stunda líkamsrækt til að geta borðað flest af því sem mig langar í, en finnst allt of fáir gera það,“ útskýrir Sölvi. „Ég hef hins vegar veitt því eftirtekt að þeir sem taka þann pól í hæðina eru sáttari fyrir vikið, eru að þessu fyrir sjálfa sig og ná meiri árangri.“

Sölvi segist sjálfur hafa glímt við aukakílóin sem barn og hafa farið út í íþróttir til að vinna bug á

þeim vanda. „Með tímanum fann ég hversu góð áhrif íþróttirnar höfðu á mig,“ útskýrir hann og segist hafa séð hvernig þær skiludu öðrum svipuðum niðurstöðum.

„Þegar ég var að velta framtíðinni fyrir mér á yngri árum hafði ég áhuga á guðfræði, lækisfræði og sálfræði en íþróttifræðin varð fyrir valinu af því að mér fannst hún góð blanda af þessu þrennu,“ segir hann. „Enda hef ég átt í góðu samstarfi við lækna og sálfræðinga í gegnum tíðina, því hugaríðið skiptir ekki síður máli ætli maður sér að ná einhverjum árangri.“

Sölvi bendir einmitt á hvernig neikvætt hugarfar geti hreinlega haft eyðileggjandi áhrif. Hann vitnar í bókina þar sem stendur á einum stað að samviskubit sé eins og að ala nöðru við brjóst sér, það geri ekkert nema að skemma fyrir.

„Ég hef líka horft upp á allt of marga stunda ómarkvissa líkamsrækt, líklegast af því að þeir vita ekki hvað þeim hentar best,“ segir hann. „Þeir hefðu átt að spyrja sig í upphafi hvað hæfði þeim best, auk þess að endurmeta reglulega stöðuna með spurningunum hvaðan er ég að koma, hvar er ég staddur og hvert stefni ég? Bókin er gerð til að hjálpa fólki að gera það.“

roald@frettabladid.is



Sölvi víðaði að sér miklum fróðleik við gerð Kaloriukvótans og í henni fléttar hann heimspeki, sálfræði, hagræði, lífeðlisfræði og íþróttifræði saman við almenna skynsemi.

FRÉTTABLAÐID/HRÖNN

**ENGLAKRÖPPAR**

VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ GRENNAST, LOSNA VIÐ APPELSÍNUHÚÐ OG AFEITRA LÍKAMANN.

4, 6 OG 8 VIKNA ÁTAK Í BOÐI.

PANTAÐU ÓKEYPIS PRUFUTÍMA NÚNA Í SÍMA 587-3750

ENGLAKRÖPPAR.IS  
STÓRHÖFÐI 17

### bætiefnið }

#### Joð

Tveir þriðju af joði líkamans eru í skjaldkirtlinum. Joð hjálpar fólki að grennast með því að brenna umframfitu, en það stuðlar að því að fólk nái fullri stærð. Það gefur meiri orku, skerpir greind og stuðlar að heilbrigðu hári, nögglum, húð og tönnum.

Ef skortur er á joði í líkamanum getur það haft í för með sér stækkun skjaldkirtils og slímbjúg. Þau matvæli sem innihalda joð eru þari, laukur, allt fiskmeti og grænmeti sem vex í joðríkum jarðvegi. Joð er einnig hægt að fá í mörgum fjölvítamínnum og steinefnablöndum. Á Íslandi er hverfandi hætta á joðskorti, þar sem jarðvegur nálægt hafi inniheldur mikið joð.

Ráðlagður dagskammtur er 80-150 mg fyrir fullorðið fólk en 125-150 mg fyrir ófrískar konur eða konur með barn á brjósti.

Heimild: Ný og betri bætiefnabíla





# Nýtt lyf gegn sykursýki 2 gefur góða von

Nýtt lyf, DREAM, gefur góðar vonir um að hægt sé að draga allverulega úr líkum á sykursýki 2 í áhættuhópum.

Frá þessu er greint í nýjasta hefti læknatímaritsins The Lancet. Sykursýki er stórt heilbrigðisvandamál í hinum vestræna heimi en sjúkdómurinn lýsir sér þannig að líkamann vantar insúlín, eða það er gallað, svo hann nær ekki að vinna sykur úr fæðu og stjórna magni blóðsykurs. Sykursýki er af tvennum toga, 1 og 2, og er 1 mun alvarlegri. Lyfið á að gagnast þeim sem þjást af glúkósaþoli og lágum blóðsykri, en á hverju ári fá tíu prósent þeirra sem þjást af þessum kvillum sykursýki 2. Talið er að um átta prósent af mannkyninu þjást af glúkósaþoli og lágum blóðsykri.

Vísindamenn prófuðu DREAM (Diabetes Reduction Assessment with ramipril and rosiglitazone Medication) á 5.269 einstaklingum með

annan hvorn kvillann. Í þrjú ár var sjúklingum gefið annars vegar DREAM og hins vegar lyfleysa og allan tímann voru þátttakendur hvattir til að lifa heilbrigðu líferni, borða rétt og hreyfa sig nægilega. Í lok tilraunarinnar höfðu 658 einstaklingar á lyfleysu fengið sykursýki en aðeins 280 af þeim sem fengu DREAM. Þetta þýðir að líkur á að fá sykursýki 2 minnka til muna með inntöku lyfsins.

Talsmenn tilraunarinnar fullyrða að með heilbrigðu líferni og inntöku DREAM megi minnka líkur á sykursýki 2 um tvo þriðju. Þessi árangur kostar þó sitt því lyfið eykur líkur á vægu hjartaáfalli. Áætlað er að af hverjum 1.000 sem taka lyfið fái fjórir til fimm hjartaáföll en í sama hópi hefur tekist að forða 144 einstaklingum frá því að fá sykursýki. Þetta telja vísindamennirnir viðunandi aukaverkanir.



Um 171 milljón manns þjást af sykursýki og er talið að sú tala muni tvöfaldað fyrir árið 2030.



Heiðmörkina skreyta fallegir haustlífir um þessar mundir.

## Heillandi haustganga

GENGIÐ VERÐUR Í HAUSTLITUNUM Í HEIÐMÖRK Á LAUGARDAG.

Heiðmörk skartar sínum fegurstu haustlitum um þessar mundir. Skógræktarfélag Reykjavíkur, sem staðið hefur fyrir fjölbreyttri dagskrá alla laugardaga í september, ætlar af því tilefni að efna til stafgöngu í haustlitunum laugardaginn 23. september. Gangan verður fjögurra kílómetra löng en farið verður um Elliðavatnsheiðina.

Guðný Aradóttir og Jóna H. Bjarnadóttir stafgöngubjálfarar leiða hópinn, en þær ætla að kenna undirstöðuatriði stafgöngu en gengið verður rösklega á göngustígum. Mæting er við Borgarstjórplan kl 11.00. Gangan hentar öllum aldurs- hópum. Gangan tekur um tvo tíma og er aðgangur ókeypis.

Laugardaginn 30. september verður síðan haldin skemmtileg fræðsluganga er nefnist Á slóðum Einar Ben. Þar fræðir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur gesti um þjóðskáldið Einar Ben. Gangan hefst inni í gömlu „hlöðunni“ á Elliðavatnsbænum þar sem Einar Benediktsson fæddist árið 1864. Guðjón svipast um í nágrenni bæjarins og veitir innsýn í líf fjölskyldu Einar og ævi þessa merka manns. Nánari upplýsingar og kort má finna á [www.heidmork.is](http://www.heidmork.is) og [www.stafganga.is](http://www.stafganga.is) - sgi



Margs konar æfingar eiga að fara fram næsta vor hér á landi til varnar alheims flensufaraldri.

## Viðbragðsáætlun

UM HUNDRAD MANNS Í TUTTUGU OG SJÓ STARFSHÓPUM VINNA NÚ AÐ VIÐBRAGÐSÁÆTLUN Á ÍSLANDI VEGNA INFLUENSUFARALDURS SEM HINGAÐ TIL HEFUR GENGIÐ UNDIR NAFNINU FUGLAFLENSA OG HUGSANLEGA GÆTI BREIÐST UM HEIMSBYGGÐINA.

Dreifing nauðsynjavara, fræðsla til almennings og faghópa, sálrænn stuðningur, sjúkraflutningar og takmarkanir á ferðafrelsi almennings eru meðal þeirra atriða sem 27 starfshópar um viðbrögð við alheims flensufaraldri hafa fjallað um. Starfshóparnir voru stofnaðir af stýrihópi sem ríkislögreglustjóra og sóttvarmalækni mynduðu í febrúar síðastliðnum og eiga að skila skýrslum í lok þessa mánaðar. Þetta kemur fram í nýútkomnum Farsóttafréttum Landlækniseimbættisins. Mikilvægir áfangar hafa náðst í því að styrkja varnir landsins gegn þeim heimsfaraldri sem um ræðir. Til dæmis hafa 89.000 meðferðarskammtar af influensulyfjum verið keyptir til landsins og samningar liggja fyrir um kaup á 20.000 til viðbótar. Einnig hefur verið samið um neyðarbirgðir af dreypilyfjum sem eiga að duga í slæmum faraldri í þrjú mánuði, jafnvel þó flutningar til landsins brygðust. Íslendingar eru í samstarfi við Dani um að tryggja sér bóluefni gegn influensu og er reiknað með undirritun samninga á næstu vikum. Heildardrög að viðbragðsáætlun ætti að liggja fyrir í lok nóvember og stefnt er að æfingum hennar næsta vor. Heimild/Farsóttafréttir 2. árg. 9. tbl.

## Allir þurfa að sofa vel, þú líka .....

**S-CAPE WALLHUGGER**

**Veldu þér eitt með öllu**

WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú alltaf við hlið náttborðsins. Mest seldi ameríski botninn í heiminum.

**SWISSFLEX**

50 ára reynsla

**Loftrúm án rafmagns**

Eitt virtasta framleiðslufyrirtæki Evrópu. Stillanlegu loftrúmin hjá SWISSFLEX eru í sérflokki.

**BIFLEX**

**Einn góður á frábæru verði.**

Mest selda stillanlega rúmið. Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 2000. Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er BIFLEX lausnin.

**IQ-CARE HEILSUDÝNUR**

**iq-care.com**

**Einstök hönnun**

**IQ-CARE heilsudýnan er ein besta heilsudýna í heimi**

Sérstök efnisupbygging IQ-CARE heilsudýnnar gefur henni eiginleika sem eru engu líkir.

- Þrýstijöfnun er lykilorðið. IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir gott blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni.
- IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
- IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum sem gerir það að verkum að hún andar mun betur.
- IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
- IQ-CARE er ein sterkasta efnablenda sem hefur verið þróuð og endist því lengur en flestar vörur úr skyldum efnum.
- IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

**Úrval af þýskum hágæðasængum frá BETTY [www.betty.de](http://www.betty.de)**

- NASA Outlast með 100% hvítum Siberíu gæsadúni [www.outlast.com](http://www.outlast.com)
- Thalascá dúnsængur og koddar fyrir asmasjúklinga.
- Thinsulate sængur. [www.thinsulate.com](http://www.thinsulate.com)
- Thinsulate sængur með Comfortemp efni.
- Camel sængur Betty Hyspring tækni
- Silkisængur
- Cashmere sængur Betty Hyspring tækni
- Sensofill heilsukoddar

**Veldu það besta**

**Við aðstoðum þig við að velja það sem þér hentar**

**REYKJAVÍK**

**AKUREYRI**

**Svefn & heilsa**

★★★★★

**Verið velkomin**

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

**WILLIS & GAMBIEG**

HÁGÆDA HÚSGÖGN

[www.wguk.com](http://www.wguk.com)

**Lille Collection**

★ GÆDI

★ GÓÐ VERÐ

★ ÞJÓNUSTA

★ ÚRVAL

★ ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150

Opið virka daga 10:00 - 18:00 • Opið á laugardögum frá 11-16:00 frá og með 12. ágúst



## Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10–20  
laugardaga kl. 10–17

**maður lifandi**  
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

**19. sept. Ayurveda heilsufræði**  
17:30-19:00 Sigurlín Guðjónsdóttir

**20. sept. Þú ert það sem þú hugsar...**  
17:30-19:00 Guðjón Bergmann

**26. sept. Hvað heldur þú að þú sért?**  
17:30 - 19:00 Þorvaldur Þorsteinsson

**27. sept. Eru geðlyf töfralausn eða martröð?**  
18:00- 19:30 Benedikta Jónsdóttir

**27. sept. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**  
18:00 -21:00

## STAFGANGA Í LAUGARDAL

Stafgöngunámskeið hefst 26. september n.k.

TÍMAR FYRIR BYRJENDUR: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30  
TÍMAR FYRIR LENGRA KOMNA: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30

SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: [www.stafganga.is](http://www.stafganga.is)

GUÐNÝ ARADÓTTIR \* stafgöngubjálfi \* sími 616 8595  
JÓNA H. BJARNADÓTTIR \* stafgöngubjálfi \* sími 694 3571

STAFGANGA – áhrifarík leið til líkamsræktar

uniQue Huð, hár og heilsuvörur  
Föröunar lína

Vantar þig vinnu? Hafðu samband!

Lilja Dóra s. 8657036  
Eydis Björk s. 8695226

Kiðtu á [www.volare.is](http://www.volare.is)  
Verðum í Egilshöll 7-11 sept.



## SÓMABAKKAR

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING\*

\*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.



Nánari upplýsingar á [somi.is](http://somi.is)

## VEGGFÓÐUR.

UNNIÐ & LEIÐIÐ  
við sjóinnu

8 hugmyndir að vinnuástöðu

allt

Dávid Óðlaugsson FORSÍÐA  
A VEGGFÓÐURIN  
UT Í LAUGARDAL

**NÝTT BLAÐ  
KOMIÐ ÚT!**



Dansjoga er fyrir alla sem hafa gaman af að hreyfa sig á frjálsan og heilbrigðan hátt, að sögn Mörtu Eiríksdóttur dansjógakennara sem talar af reynslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

## Eykur lífsgleði og kraft

Marta Eiríksdóttir hefur kennt dansjoga í tæp tvö ár á Suðurnesjum. Nú fá höfuðborgarbúar einnig tækifæri til að kynnast töfrum þeirrar iðkunar.

„Þetta er hin fullkomna hreyfing og hún er fyrir þá sem vilja auka líðleika, þol og brennslu. Líka fyrir þá sem vilja hlæja meira og læra að njóta augnabliksins enda köllum við hana konfektíð í heilsuræktinni,“ segir Marta glaðlega þegar hún er spurð hvað dansjoga sé. „Það nefnist Kripalu DansKinetics á frummálinu og þýðir einfaldlega hreyfiaflfræði dansins. Ég kys að kalla það dansjoga og eitt er víst að iðkun þess eykur lífsgleði og kraft,“ bætir hún við. Hún segir Kripalu DansKinetics stundum kallað best geymda leyndarmál

kripalu-joga-miðstöðvarinnar í Bandaríkjunum og hyggst afhjúpa þetta leyndarmál hér á höfuðborgarsvæðinu og hefja fjögurra vikna námskeið í Rósinni í Bolholti 4 í næsta mánuði, 6. október.

Marta hefur í mörgu að snúast. Hún kennir leiklist í grunnskólanum í Sandgerði auk þess að fræða kennara um gildi leiklistar í kennslu og halda fyrirlestra á Suðurnesjum um hollt mataræði. Hún heldur utan um hópefli fyrir þá sem þess óska og kennir fólki á öllum aldri jóga. Eftir að hún aflaði sér kennararéttinda í Kripalu DansKinetics í janúar 2005 hefur hún leitt námskeið í þeirri grein á Suðurnesjum við miklar vinsældir, nú að undanförunni í Íróttaka-demíunni í Reykjanesbæ. Hún segir aðsóknina að dansjoganámskeiðunum hafa verið frábæra enda fái einstaklingurinn og hans

innri líðan útrás í tímunum og áhrifin séu greinilega góð.

„Fólk sem kynnist dansjoga hefur mjög gaman af þessari líkamsrækt því hún sameinar dans, jóga og jóga og góða slökun. Dansinn eflir orkuflæðið og eykur hita og brennslu en jógateygjarnar líða stíðleikann í burtu og slökunin í lokin veitir innri ró. Því finna þátttakendur strax fyrir léttleika og gleði sem fylgir því að blanda saman þessum öflugum aðferðum líkamsræktar,“ lýsir hún.

Hún segir fólk á öllum aldri geta stundað þessa tegund líkamsræktar. „Dansjoga er fyrir alla sem hafa gaman af að hreyfa sig á frjálsan og heilbrigðan hátt,“ segir hún og er síðan rokin í danshópin sinn aftur. Skráning í námskeiðin í Rósinni er hafin í síma 848 5366 og á heimasíðunni [www.pulsinn.is](http://www.pulsinn.is)



### Persona.is

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON  
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Sambönd og væntingar

Nú þegar haustar fer að bera á því að fólk leitar sér aðstoðar hjónabandsráðgjafa til þess að bjarga hjónabandi eða sambandi. Þetta er vissulega jákvætt og gott að sjá þegar fólk leggur sig fram við sambönd sín og er reiðubúið að vinna í þeim. Skilnaðartíðnin hækkar þó stöðugt og virðist fólk að mörgu leyti hafa gefið upp vonina um ævilangt samband. Fjölmargar ástæður má án vafa finna fyrir þessari þróun og ein þeirra er ólíkar væntingar fólks til ástarsambands. Samhliða fjölmiðlafári síðustu aldar hefur ákveðin ímynd sambands orðið til sem ekki var til fyrr á öldum og samræmist að mörgu leyti ekki öðru í samfélaginu. Það er því ekki óalgengt að þegar fólk leitar sér hjálpar þá er það vegna þess að sambandið stendur ekki undir væntingunum. Þar sem sambandið er ekki eins og það á að vera leggur fólk oft þann skilning í það að því ekki verið ætlað að vera og því sé réttast að slíta sambandinu og leita að því sem þá vill annars staðar.

Í ráðgjöfinni verður fólk oft fyrir áfalli þegar það kemst að því að það þarf að hafa fyrir sambandinu og leggja á sig vinnu til að viðhalda því. Þegar tveir einstaklingar ákveða að taka saman og jafnvel eyða saman ævinni eru ýmsir hlutir sem breytast í lífi þeirra. Frá þessu augnabliki byrja einstaklingarnir að lifa í mikilli nánd og þurfa því að þroskast saman, bæði sem einstaklingar og par. Þessi þroski kemur þó ekki áfálalaut og í nútímasambandi hafa ótal breytur flækt málin mjög mikið og gert það að verkum að meiri vinnu þarf til að viðhalda sambandi. Það sorglega er þó að samhliða því að meiri vinnu þarf til að viðhalda sambandi hefur ímynd ástar úr fjölmiðlum gert það að verkum að fólk leggur meira upp úr að sambönd falli að ákveðnu móti og helst geri það af sjálfu sér án fyrirhafnar. Forlagatru í ástamálu hefur til að mynda gert það að verkum að fólk leggur mikið upp úr upphafsblössa sambandsins og hinni rómantisku ást sem einkennir upphaf nýs sambands. Þegar sambönd byrja að þroskast af þessu stigi og yfir á meira krefjandi stig fer fólk því oft

að efast um samband sitt og jafnvel að trúa því að hugsanlega hafi því ekki verið „ætlað“ að ganga upp. Sú mynd sem fjölmiðlar gefa af „hinni einu sönnu“ ást er nefnilega afar blekkjandi og því miður einum of mikil einföldun. Þegar fólk elst upp við þessa mynd virðist það þó fara að nota hana sem mælistiku á sín sambönd og hættir því til að trúa því að ef allt gengur ekki vel fyrir sig og það þarf að leggja mikið á sig, þá sé það til marks um að sambandinu sé ekki ætlað að endast. Fólk tengir þannig minnkandi ástríðu við minni áhuga og ást, en í raun er það á þessum stigum sem reynir á sambandið og þá sést úr hverju sambandið er byggt. Ein skemmtilegasta lýsing um ég hef heyrt á því hvernig samband entist áratugi var í viðtali við hjón sem höfðu verið gift í 50 ár. Spurð hvaða brellum þau hefðu beitt til að láta sambandið endast, svaraði konan um hæl „ja það var nú einfalt, við hættum aldrei að vera ástfangin á sama tíma“.

Staðreyndin er þó sú að ekkert samband er áfallalaut og jafnvel ástfögnustu einstaklingar þurfa að vinna að sambandi sínu til þess að það haldist. Eðlilegt er að samband gangi í gegnum ákveðin þroskastig líkt og einstaklingar og eykst álagið oft við umskiptin á milli stiga. Í upphafi einkennast sambönd gjarnan af rómantík og miklum tilfinningahita en smám saman breytist þetta þannig að náðin og vinskapurinn verður mikilvægari en rómantíkin. Það er þó ekki verið að segja að öll ástríða hverfi úr sambandinu heldur breytist hún og þarf mögulega að hafa aðeins meira fyrir henni en áður. Það er því afar sorglegt þegar maður sér fólk gefast upp áður en það hefur fullreynt að láta sambandið virka og komast á innlegra stig. Þrátt fyrir að upphafið einkennist af fidringi í maga, spennu og mikilli ástríðu eru eiginleikar þroskaðra sambands engu síðri og í raun eitt það besta sem lífið hefur upp á að bjóða. Reyndi því frekar að þrauka og prófa sambandið áður en þið gefist upp, því þegar fólk eltist við upphafsástríðuna er hætt við að það muni vera endalaut á hlaupum.





Almenn ánægja ríkti um þau lög sem hafa verið samþykkt og miða að því að gera veitinga- og skemmtistaði reyklauða.

### Vel heppnað LOFT

Um niútiú manns tóku þátt í tóbaksráðstefnunni LOFT sem haldin var í síðustu viku. Tóbaksvarnarráðstefnan LOFT var haldin dagana 14.-15. september 2006 í Reykjanesbæ. Hún var í umsjón Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í samvinnu við Landlækniseimbættið, Lýðheilsustöð og Krabbameinsfélagið. Þátttakendur voru um 90 heilbrigðisstarfsmenn og aðrir áhugasamir um tóbaksvarnir. Ráðstefnunni lauk með samþykkt eftirfarandi ályktana:

„Ráðstefnan LOFT 2006 lýsir yfir ánægju sinni með að búið sé að samþykkja lög um reyklauða veitinga- og skemmtistaði og þakkar núverandi heilbrigðisráðherra hennar frammistöðu í málinu.

Ráðstefnan hvetur til þess að banninu verði vel framfylgt frá fyrstu byrjun og að árangur þess verði markvisst metinn á vísindalegan hátt. Einnig verði séð til þess að mæta þeirri auknu eftirspurn eftir stuðningi til reykleysis sem líklegt er að fylgi í kjölfarið.

Ráðstefnan hvetur eindregið til að unnið verði markvisst að því á komandi ári að byggja upp tengslanet fólks sem starfar að tóbaksvörnum innan heilbrigðiskerfisins sem verði virkur stuðningsaðili við þá sem vinna að þessum mikilvæga málaflökki milli LOFT-ráðstefnanna.

Ráðstefnan skorar á yfirvöld að stuðla að aukinni menntun heilbrigðisstétta á sviði tóbaksvarna og vinna að rétti barna til reyklauða umhverfis.

Ráðstefnan þakkar þá mikilvægu ákvörðun heilbrigðisráðherra að eyrnamerkja föst framlög til íslenska Reyksímans. Ráðstefnan bindur miklar vonir við að Reyksíminn geti með tímanum þjónað lykilhutverki í að binda saman klínískar tóbaksvarnir í landinu.“

## Tilvísun nauðsynleg

Það getur verið dýrt að fara til hjartasérfræðings.

Tilvísun heilsugæslulækni, útgef in fyrir fram, er forsenda endurgreiðslu kostnaðar við heimsókn til hjartasérfræðings. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar almannatrygginga sem skar úr um það hvort Tryggingastofnun ríkisins hefði verið stætt á að hafna endurgreiðslu þar sem tilvísun var dagsett eftir heimsókn til hjartalækni.

Af vef heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins.

Tryggingastofnun endurgreiðir ekki heimsókn til hjartasérfræðings nema með tilvísun frá heilsugæslulækni.





**6-pack á sex dögum?**  
Nei, alveg örugglega ekki. Notir þú Diet fitubrennsluhylin á réttan máta getur þú hinsvegar verið viss um aukna fitubrennslu, herra orkustig og minni matarlyst. Þú færð vöruna í næstu matvöruverslun eða apóteki.  
[www.eas.is](http://www.eas.is)



# Svefn & heilsa

★★★★★

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

## 100% REKJANLEGT Á AKURINN | VÖRUR SEM ÞÚ GETUR TREYST






# SPÍNAT

150g e

REKJANLEGT Á AKURINN | ÖSKIÐ MÖG KLIPPALEIÐI BAKEN - ÖSKIÐ MÖG KLIPPALEIÐI BAKEN



8 712625 510209

# allt

## bílar

Alla laugardaga






# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á [visir.is](http://visir.is) ]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000  
[smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS  
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG  
LAUGARDAG 9-17 SUNNUDAG

8-18  
8-19  
11-16

## BÍLAR & FARARTÆKI



**bíla land**  
næðri bílar

[www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)  
**BÍLL DAGSINS**



LandRover Discovery nýskr. 07/1996, 4000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 134.000 þ. Verð 990.000, tilboð 570.000.

**Bilaland, B & L**  
Grjótháls 1, 110 Rvk.  
Sími: 575 1230  
[www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)



**BILASALAN**  
**HÖFÐAHÖLLIN**

567-4840 og 660-0565  
-Kletthálsi 2-  
[www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is)

MINI COOPER. AC/SCHNITZER Árgærd 2004. Ekinn 30 þ.km þúsund km. Áhvilandi kr. 2700 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 35 þúsund. Verð kr. 2980.000.



M.Benz S 500 árgærd 1999, ekinn 59 þ.km þúsund km. Áhvilandi kr. 3.700 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. -1 þúsund. Verð kr. 5.390.000.

**Höfðahöllin**  
Klettháls 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
[www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is)



**HEIMSBÍLAR**  
[www.heimsbilar.is](http://www.heimsbilar.is)



VW VENTO GL 1.6 árg 1997 ek. 149 þ.km Listi 270 þ. Verð 149 þ. Möguleiki á 100% láni Getum bætt bílum á plan og skrá. S: 5674000

**Heimsbílar**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 567 4000  
[www.heimsbilar.is](http://www.heimsbilar.is)



**100bilar.is**



Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, sérstaklega dýrari bíla. Stórt útiplan og 700m<sup>2</sup> innisalur. Erum einnig með mikið úrval af mótörhjólum. 100 bílar ehf s. 517 9999 [www.100bilar.is](http://www.100bilar.is) opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17.

**100 bílar ehf**  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 517 9999  
Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)



Nýir Jeep Grand Cherokee Ltd. 3.0 Diesel. Eyðsla 10,2 L í blönduðum akstri. Allur fánlegur aukabúnaður. Þrjár litir til á lager. Silfur, svartur og dökkgrár. Full ábyrgð, þjónustaður af Ræsi. Okkar verð: 5.790 þús.

**Sparibill ehf**  
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)

## Bílar til sölu



**islandus.com**

**Spurðu Tóta**  
**NÝTT! Leitir-Vélmenni!**

GM, Ford, NISSAN, VW, Audi, Volvo

**Bílar á lægra verði!**  
Ábyrgð fylgir öllum bílum

[www.islandus.com](http://www.islandus.com)

NÝTT! Bílaleitar-Vélmenni. Finnur bílinn á augnarblíki! Tóti er tengdur fleiri hundruð bílasölum með yfir þrjár milljónir bíla á söluskrá. Smelltu á Tóta á [www.islandus.com](http://www.islandus.com) og hann finnur bílinn um leið, reiknar út verð í íslenskum krónum með flutningsgjöldum tolli og VSK á augabráði og sýnir þér niðurstöður strax á [www.islandus.com](http://www.islandus.com) vefsíðunni. Í dag fylgir Ábyrgð frá Vörður-Íslandstrygging á öllum bílum [www.islandus.com](http://www.islandus.com) og hægt að fá viðbótarábyrgð í allt að 5 ár! Við seljum bíla langt undir markaðsverði. Sími þjónustuvefs 552 2000 og netspjall við sölumenn er á [www.islandus.com](http://www.islandus.com)



Renault Laguna RTE 2.0 station ssk, nýskr. 11/99 álfelgur, dráttarkr., vetrard., hraðast., geislasp., ABS og m.fl. Vel með farinn bíll, ekinn 73.500 Ný endurn. bremsubún, tímareim og fl. Næsta skoðun júní '07. Verð 880 þús. uppl. í s. 896 0134.



Jeep Cherokee. árg. '91, sjálfsk., 33"dekk, ek.165 þús., verðhugm. 300 þús. S. 699 3369.



## 0-250 þús.



Til sölu Peugeot 206. árg.'99. fallelgur og góður bíll, lítill tjónaður 240þús. Uppl í s. 663 4493.



Góður bíll í toppstandi, skoðaður '07 án aths. tilboð óskast s: 8672567 Gummi

Nissan Sunny árg. '95. Bsk. 1400. Ek. 151 þús. Nýskoðaður, í toppstandi, lítur vel út. S. 867 1923.

Subaru Legacy 2.0. 4x4. árgærd '93, ssk., ekinn aðeins 150 þ. Góður bíll. Uppl. í s. 849 5000.

VW Golf GL '94. Góður bíll, eyðir litlu. Verð 95 þús. S. 868 6974.

Hyundai Elantra árg. 95. ek. 188þ. skoðaður 06, lýtur vel út, góð dekk. v 100 þ s:8225378 e kl 18.



Góður línu/færabátur til sölu. Vél: Volvo Penta 117 kw (95) Uppl. s. 4311021/6958431 kl. 19-22

## 250-499 þús.



50 þúsund kr útborgun  
Til sölu er Vw polo 1.0 árg'00. Ekinn 80 þús. 3dyra. 5g. CD, samlæsingar,smurbók. Verð 550.000 þús. Áhvilandi 410 þús. Tilboð 50þ út og yfirtaka á láni. Uppl í s 659 4269



Jeep Cherokee '96, 138.000 km, skoðaður '07. Mjög vel með farinn. Verð 400 þús. S. 6927880



Til sölu Hyundai Coupe FX, árg. 1999. Ek. 75.000 km, beinsk. leður. Verð. 500.000. Sími 898 7741.



## Útsala

Eyðir 7 lítrum verð 490.000, áður 690. Toyota Avensis Wagon. 1999. Ekinn 173.000 km. Lán 316.000 kr. Afb. 19 þ á mánn. Uppl í s 896 1976 ath skipti á alskyns dóti.



Daihatsu GranMove árg. '99, ek. aðeins 86 þús. ný tímareim, nýsk. '07, 5 gir, toppointak, á álfelgum, m/CD og smurbók. Verð 390 þús. Uppl. í s. 864 8338.



Eyðslugrannur!! Ek.118þús, ný vetrar- og sumardekk, verð 260þús. 8961462 og 8451224

Daewoo Lanos árg. 04/'99, ek. 83 þús., er á álfelgum, snjódekk á stálfelgum fylgja, bíll í mjög góðu lagi, nýsk. '07, góðar Pioneer steriógræjur. Ásett verð 380 þús., selst á 250 þús. Uppl. í s. 892 3737.

Daewoo Matiz SE, 9/99, ek. 76 þ., mjög sparneytinn. Tilboð óskast í síma 552 4722, einnig Trabant Station fornbíll árg. '64, fyrsti station bíllinn sem Ingvar Helgason flutti inni landið.

Til sölu MMC Carisma árg. '99, ek. 145 þús., ásett verð 500 þús. stgr.verð 430 þús. Uppl. í s. 867 5007.

Til Sölu Opel Vectra'98 buíð lagfæri nýskoðun án aths. vetradekk á felgum og tengdamómmubox.TILBOÐ 300. þús.kr uppl 6954248,ef ekki svar þá skilboð (SMS).

## 500-999 þús.



Opel Astra 1.6 árg. '99 Næsta skoðun '07 Sjálfskiptur, V: 690.000, TILBOÐ: 520.000 Prútt mögulegt. S: 616-2304



## 4x4 Corolla Station á 100% láni !!

Corolla touring 4x4 '99, E-127 þ., sk. '07, s/vdekk, CD. Verð 670 þ. Lán 624. 100% yfirtaka. S. 661 8197.



Súpertilboð! 300þús afsl. Passat Turbo 1.8 10/98 ekinn 142þ topplúga.17"felgur + vetrard. filmur. 150hó. ásett 950þ en fæst á 650þ stgr. skoða skipti. uppl í síma 864-5554



## Auðveld Kaup á flottum 4x4 Golf Station.

VW Golf 4Motion árg '01, ek. 67 þ., sk. '07. Verð 1.070. Fæst gegn yfirtöku á láni 1.029 þ. S. 661 8185.



20 þús. pr mán og spari-baukurinn er þinn !!  
Suzuki Liana árg. '04, 1600, sk. '07, ek. 25 þús., CD. Ásett 1.290 þ., 100% lán 1.199 þ. 20 þ. pr. S. 897 2425.



Ford Focus SVT 2.0L árg. 2003 Svartur, 3 dyra, 6 gir, 200 hestófl, álfelgur, leður, loftkæling, dúndur græjur. Möguleiki á 100% láni. Verð 1.990 þús ath. skipti. S. 663-3300

## 2 milljónir +



NN745 Opel Zafira 1.8. nýskr.01-'07-05. ssk. ek.18.þús.km. Verð.2.350.000.-DVD-spilari, cd. dekkar rúður, 7.manna bíll. er í verksmiðju ábyrgð. yfirtaka á láni möguleg. Uppl í s 892 9772



Flottur Patrol klár á fjölli!!  
Nissan Patrol árg. '01, 3.0 L, ek. 150 þ., 5 gir, 44". 3.490 þús. Lán 3.190 þús. A.t.h. skipti. S. 661 8185.

GLÆSILEGUR OG GRÍÐARLEGA ÖFLUGUR Benz E-320 CDI Avantgarde station árg '03 ekinn 120þ, einn með ÖLLU, silfurgr, svart leður, áhv um 3,7m. Verð 5,3m. ath skipti á ód, uppl. 843-9091



# SAMTAKAMÁTTUR FORELDRA Í 20 ÁR



GEYMDU  
ÞETTA  
EINTAK

VÍMUVERNIR  
HEFJAST  
HEIMA

1986-2006



MÁLEFNIÐ



SAGAN



STARFIÐ





# ÉG ætla að biða

MyPocket Productions

því ég vil ekki láta vímuefni eyðileggja öll mín framtíðarplön  
 vegna þess að þú er ekki hægt að spóla til baka ef illa fer  
 vegna þess að mig langar að hitta fólk án þess að þurfa að hressa um lyktina út úr mér eða hvort eitthvað sjáist í augunum og svoleiðis.  
 vegna þess að mig langar að vita hvernig ég virka í þessum heimi  
 vegna þess að ég er á kafi í tónlist og mér finnst ekki til betri tilfinning en að syngja með öllum líkamaþum og finna fyrir hverri frumu, ef þið skiljið hvað ég á við.  
 vegna þess að ég er ástfangin  
 vegna þess að mig langar til að lifa heil  
 því ég er nokkuð forvitinn um framtíðina og vil helst ekki missa af henni  
 því næstu ár gera mig að því sem ég verð, kannski alla ævi  
 vegna þess að ég er ekki tilbúin til að breytast í eitthvað annað en sjálfa mig  
 bara vegna þess að þannig get ég alltaf vitað hvað er að gerast og hverjir eru vinir mínir  
 því ég vil læra á sjálfa mig og geta sent börnun rétt skilaboð, sérstaklega strákuð auðvitað  
 af því að ég vil geta sagt satt og sleppið þessum samman að meta mig fyrir það sem ég er  
 vegna þess að þegar ég er ég finnst mér ég geta allt, og svoleiðis vil ég vera, - á minnu svæði einhvern veginn  
 vegna þess að þegar ég les get ég upplifað allt sem ég vil og samt verið ég sjálf allan tímann  
 af því að það er nógu flókið að vera unglingur þó maður bæti ekki ruglinu við líka  
 út af því að ég er alltaf að taka myndir og finnst það bara málið  
 vegna þess að vinur bróður mín dó út af töflum sem hann tók og hann var samt nýbúinn að segja mér að hann væri með allt á hreinu  
 af því að ég ætla að kynnast mér eins og ég er  
 því ég er of upptekin við að skrifa bloggjið mitt  
 vegna þess að árin fram að tvítugu er maður í bakaraofninum og eins gott að taka ekki sénsinn á að opna of snemma því þá gæti allt farið í klessu





# ALLTAF Í LYKILHLUTVERKI

Anna Ólafsdóttir Björnsson, formaður Vímulausrar æsku frá 1998

**S**amtökin Vímulaus æska hafa slitið barnskónum og reynsla undanfarinna tuttugu ára er sá grunnur sem samtökin starfa nú á. Með tilkomu Foreldrahússins komst fjölbreytt starfsemi samtakanna undir eitt þak á höfuðborgarsvæðinu. Þar fyrir utan hefur tilfallandi verkefnum víðs vegar um landið jafnan verið sinnt eins og kostur er. Í fræðslu- og forvarnamálum hefur verið byggður upp sjóður þekkingar sem nýst hefur foreldrum jafnt sem fagfólki um allt land. Starf Vímulausrar æsku hefur alla tíð verið ákveðinn samfélagsþegill og endurspeglad bæði harðan veruleika og háleitt markmið. Það er harður veruleiki að sinna málefnum verst settu ungmennanna í samfélaginu en þegar vel tekst til er það þakklátt verk. Að sama skapi er það háleitt markmið að sinna alltaf þeim



málefnum sem heitast brenna hverju sinni og spyrja ekki hvort það sé gerlegt eða ekki. Vímulaus æska hefur rutt brautina í foreldrastarfi, eftirmeðferð, sjálfsstyrkingu unglunga og ýmsum fleiri málum. Alltaf þegar hugmyndir og starfsaðferðir samtakanna eru farnar að hljóta hljómgrunn í samfélaginu og smita út frá sér er eins

og nýjar spretti af þeirri nauðsyn sem blasir við starfsfólki Foreldrahússins. Vímulaus æska hefur átt því láni að fagna að njóta starfskrafta einstaklinga sem hafa hvergi hlíft sér í því erfiða hlutverki sem starfsemi Foreldrahússins er oft á tíðum. Reynsla, þekking og sérfræðikunnátta þessa fólks hafa gert Foreldrahúsið að gríðastað þegar á gefur. Á þessum tímamótum vil ég nota tækifærið og þakka því góða fólki fyrir að leggja líf sitt og sál í starfið. Slíkt er ómetanlegt. Einnig þakka ég stjórn Vímulausrar æsku fyrir liðsinni í blíðu og stríðu og síðast en ekki síst þeim fjölmörgu velunnurum sem hafa ljáð sam-tökunum lið, bæði óbugandi hópi foreldra og skyldmenna fíkla og öflugum liðsmönnum víða í samfélaginu.

**SAMTAKAMÁTTUR  
FORELDRA  
Í 20 ÁR!**



## FORMENN VÍMULAUSRAR ÆSKU 1986-2006



**Ragnar Gíslason,**  
formaður 1996-1998,  
skólastjóri Garðaskóla  
í Garðabæ

málstaðnum og hefur beitt sér af alefli gegn þeim öflum sem laða óharðnað æskufólk í viðjar fíkla og róleysis.

Það var mér mikill heiður og ómetanleg reynsla að fá um nokkurra ára skeið að vinna að þessum göfuga málstað með því harðduglega fólki sem hefur verið drifkrafturinn í starfi foreldrasamtakanna Vímulausrar æsku undanfarin 20 ár.

Með hamingjuóskum – megi starf samtakanna blómstra um ókomin ár.

**F**orvarnir í þágu æskunnar eru uppeldis- og mótunarstarf sem aldrei verður unnið á einn veg. Í mínum huga eru forvarnir öryggisnet sem margir hnýta og því minni sem móskvarnir eru því öruggari verða varnirnar. Undir merkjum Vímulausrar æsku hefur verið unnið dýrmætt þróunarstarf sem hefur hjálpað ótal mörgum fjölskyldum og ungmennum til að ganga til móts við heilbriggt og innihaldsríkt líf án vímuefna.

Fullnaðarsigur í þessum málum verður seint unninn en til Vímulausrar æsku hefur valist fólk sem hefur haft óbilandi trú á



**Sæmundur Hafsteinsson**  
formaður 1994-1996,  
yfirsálfræðingur  
Hafnarfjarðarbæjar

**V**ímulaus æska hefur vakið þjóðina til samstarfs í vímuvörnum og verið í fararbroddi í forvörnum á Íslandi frá fyrstu tíð. Ég færi foreldrasamtökunum, starfsfólki og sjálfbodaliðum mínar bestu árnaðaróskir og baráttukveðjur á merkum tímamótum. Oft var þörf en nú er bráðnaudsyn á því starfi sem samtökin hafa sinnt með miklum sóma í tvo áratugi.

**Bogi Arnar Finnbogason**  
formaður 1986-1994

**N**ú eru liðin 20 ára frá því að við, nokkrir áhugamenn um velferð íslenskrar æsku, tókum okkur saman um að stofna landssamtök til að verjast fíkniefnaflóðinu sem þegar var farið að eyðileggja marga æskumenn. Við vorum bjartsýn á árangur, enda tókst okkur að koma af stað þjóðarvakningu og landsöfnun sem dugði okkur til framkvæmda fyrstu árin.

Við vorum svo bjartsýn að halda að ráðamenn, sem keppast um það á tyllidögum að berja sér á brjóst, eins og presturinn í sögu Laxness um Laugu í Gvöndarkoti, og tromma með feitum fingrum á brjóst sér og segja: „Óttalegt, óttalegt!“ vilji hjálpa okkur. Enþá keppast fyrimennin við að sýnast hvert öðru alvörufegnara þegar þau koma fram í fjölmiðlum og segja í raun það sama. Ég er ekki að segja að þetta sér vont fólk. En besta fólkið lætur kærleikann til barnanna ráða og stendur við stóru orðin um „aðstoð við þá sem minna mega sín.“



Við verðum því miður að viðurkenna að það sem hefur úrslitaáhrif í nánast öllum málum er það sama og annars staðar í heiminum: Peningar og völd – völd og peningar. Ef svo væri ekki hefðum við fengið miklu meiri aðstoð við fórnfúst sjálfbodastarf þeirra sem hafa haldið uppi merki Vímulausrar æsku í 20 ár.

Megi þessi þjóð sjá sóma sínum best borgið með því að styðja starf þeirra sem vilja hefta útbreiðslu fíkniefna. Hvert ungmenni sem bjargast eykur þjóðarauð Íslands.

Hamingjuóskir með 20 ára þátttöku í vímuvörnum



HAFNARFJARÐUR



Vestmannaeyjabær



KÓPAVOGUR



LÝÐHEILSUSTÖÐ  
www.lydheilsustod.is



Reykjavíkurborg



Elísa Wíum, framkvæmdastjóri Vímulausrar æsku.

# SAMTAKAMÁTTUR FORELDRA Í 20 ÁR



Fljótlega eftir stofnun samtakanna var opnuð skrifstofa í Síðumúla í Reykjavík og ráðinn starfsmaður. Fyrsti formaður samtakanna var Bogi Arnar Finnþogason, þýðandi og núverandi framkvæmdastjóri Elísa Wíum hefur verið það frá upphafi.

Sama ár og samtökin voru stofnuð tóku þau þátt í nýstofnuðum samtökum á norðurlöndunum Norden mot Narkotika (NMN), og síðan EURAD (Evrópu gegn fíkniefnum). Síðan hefur Vímulaus æska tekið þátt í norræna og Evrópsku samstarfi, sem hefur undanfarið snúist töluvert um að vinna gegm lögleiðingu fíkniefna.

Fyrsta verkfni samtakanna var að láta þýða foreldrabókina, „Lengi muna börnin“, sem fylgdi Lions quest verkefninu og gáfu samtökin öllum foreldrum eintak af þessari bók næstu 10 árin.

Vímulaus æska hóf strax vinnu með foreldrum en þeir leituð eftir ráðgjöf samtakanna frá byrjun. Þá kom fljótlega fram þörf hjá foreldrum eftir aðstoð, ekki bara að degi til heldur um helgar og nætur. Þess vegna var settur upp Foreldrasími sem opinn hefur verið allan sólarhringinn í næstum 20 ár. Þúsundir foreldra notfært sér þessa þjónustu á hverju ári.

Fljótlega fór Vímulaus æska að gefa út fréttabréf og fræðslubæklinga af ýmsu tagi fyrir foreldra. Þá var einnig sett á laggirnar „Fjölskylduráðgjöf“ sem hefur starfað síðan við góðan orðstír. Boðið upp á námskeið fyrir foreldra, börn og unglunga. Fyrstu árin sáu sálfræðingarnir Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinson um flest þessi námskeið. Í dag eru haldin námskeið allan veturinn; forvarnarskeið fyrir 10-17 ára og „Börn eru líka fólk“ frá 6 – 10 ára.

Sérfræðingar og fagfólk hafa umsjón með námskeiðunum, en foreldrar mæta 1x til 2x tvisvar auk þess sem þeim býðst að vera í sambandi við umsjónarfólk hvers námskeiðs. Á þessu hausti eru 14 námskeið að hefjast, bæði í Foreldrahúsi og á fimm stöðum öðrum utan Reykjavíkur „Öflugt sjálftraust“ er vinsælt námskeið fyrir foreldra og er einnig boðið foreldrum út um landið.

Foreldrahópar hafa starfað hjá samtökunum síðan 1987 og hefur þátttaka í þeim sífellt verið að aukast, náði hámarki síðast liðinn vetur.

Útgáfumál Vímulausrar æsku hafa verið fyrirferðamikil s.l. tuttugu ár.



Öll þessi ár hafa verið gefin út fréttabréf 2 - 3 á ári ásamt fræðslubæklingum, geisladiskum, hljómplötum, bókum og veggspjöldum. Mest af þessu útgáfuefni tengist forvörnum eða fjárflynum.

Þá hafa samtökin haldið fjölmargar ráðstefnur, upplýsinga- og fræðslufundi sem ávallt hafa verið vel sóttir.

Árið 1999 var „Foreldrahúsið“ opnað í Vonarstræti 4b í Reykjavík en síðan þá hefur starfsemi samtakanna margfaldast að umfangi. Hvers vegna þessi starfsemi hefur aukist svo er ekki vitað þótt etv. hafi staðsetningin eitthvað að segja, meira framboð af námskeiðum, fleira starfsfólk, eða þörfin aukist vegna stöðunnar í vímuefnamálum. Yfir vetrarmánuðina er um 16 manns í vinnu í Foreldrahúsi.

Fyrir þremur árum fóru samtökin að bóða uppá „Stuðningsmeðferð“ fyrir ungt fólk sem kemur úr meðferð. Þessi „eftirmeðferð“ hófst með fimm einstaklingum en í dag eru 20 þátttakendur í hverjum hópi. Meðferðin stendur yfir frá 6 mánuðum upp í tvö ár.

Fyrir skömmu opnaði Vímulaus æska „Litla Foreldrahúsið“ í samvinnu við Félagspjónustuna í Hafnarfirði. Mörg undanfarin ár hafa samtökin haldið forvarnarskeið í Hafnarfirði í samstarfi Geir Björnsson forvarnafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og Regnboga-börn. Þessi námskeið hafa gengið sérlega vel og ávallt fullbókuð, eins og reyndin er þar sem boðin eru þessi námskeið. Til að byrja með verður Litla Foreldrahúsið í Hafnarfirði opið á mánudögum,

en síminn þar er 511-6163. Um áramótin verður auglýstur lengri opnunartíma. Verið er að undirbúa opnun fleiri Foreldrahúsa úti á landsbyggðinni.

Eins og áður sagði hefur starfsemin vaxið stöðugt og mál sem koma til samtakanna alltaf að verða erfiðari og verri viðureignar. Leitað er til Vímulausrar æsku vegna yngri barna en áður og vandinn virðist aukast.

Lokaorð

Foreldrasamtökin Vímulaus æska eru búin að slíta barnsskónum. Á 20 árum hafa markmið samtakanna skýrst og verkefnið tekið meira mið af þeim raunveruleika sem við búum við. Með tilvist sinni hafa þau verið að skerpa muninn á faglegu forvarnastarfi og því sem kalla má sýndar- og solumennsku í forvörnum. Samtökin sinna alfarið fyrirbyggjandi starfi í vímuefnavörnum og hafa átt frumkvæðið að landsverkefninum og nýjum áherslum í forvarnastarfi. Nú ríður á að áfram verði haldið í uppbyggingu fræðslustarfs fyrir börn og foreldra þeirra. Stærsta forvarnaverkefnið sem Vímulaus æska stóð að með þátttöku 80 stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja af öllu landinu var „Stöðvum unglíngadrykkju“. Það var árangursríkt og sýndi að samtakamáttur allra verður að koma til ef vel á að farnast í forvörnum. Með því tókst að vekja þjóðina til vitundar um gildi forvarnastarfs. M.a. var sett af stað kynningarherferð á reglum um útvístartíma barna, landasala til ungmenna var stöðvuð, sveitarfélög og skólar hvattir til að setja sér stefnu í forvörnum og móts-haldarar tóku upp hertari reglur um aldursmörk þeirra sem sækja útihátíðir um verslunarmannahelgar. Mörg þessara verkefni eru enn megináherslur í forvarnastarfi á Íslandi og öðrum til fyrirmyndar.

Vímulaus æska foreldrasamtök standa í þakkarskuld við þá foreldra sem ruddu brautina og létu skyn semi og og fagmennsku ráða í stefnumótun. Við trúum því að samtökin eigi framtíð fyrir sér.



STÖÐVUM UNGLÍNGADRYKKJU

[www.vimulaus.is](http://www.vimulaus.is)

Námskeið í Foreldrahúsi:

sími 511 6161

eða Foreldrasíminn 581-1799

eða [vimulaus@vimulaus.is](mailto:vimulaus@vimulaus.is)

## ► Fjölskylduráðgjöf

Í Fjölskylduráðgjöfinni er lögð áhersla á að aðstoða foreldra og börn þeirra. Boðið er uppá fjölskylduviðtöl, einkaviðtöl og stuðningshópa fyrir foreldra.

## ► Stuðningshópur foreldra Foreldrahópar

Fyrir foreldra barna og unglunga sem eru eða hafa verið í neyslu vímuefna.

### Stuðnings- og meðferðarhópar

Fyrir foreldra barna/ungmenna sem eru í meðferð á vegum Barnaverndarstofu og fleiri aðila.

## ► Stuðningsmeðferð

Er ætluð unglíngum sem hafa lokið langtímameðferð sem og foreldrum þeirra. Boðið er uppá stuðning í sex mánuði til allt að tveggja ára.

## ► Öflugt sjálftraust

Námskeiðið er ætlað öllum foreldrum sem vilja auka þekkingu sína og færni í mannlegum samskiptum. Hæfni í samskiptum er grundvöllur velgengni bæði í starfi og einkalífi.

Sálfræðingarnir Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinson sömdu námsefnið en starfsfólk Foreldrahúss hefur hlotið þjálfun til að leiðbeina á námskeiðinu.

## ► Sjálfsstyrking fyrir 13 – 16 ára unglunga

Námskeiðinu er ætlað að efla sjálftraust, sjálfsvirðingu og félagslega færni unglunga á aldrinum 13 – 16 ára.

## ► Börnin okkar

Námskeið ætluð börnum 11 – 12 ára. Markmiðið er að hjálpa börnum að tjá sig, styrkja sjálfsvirðinguna og til að skilja eigin líðan og tilfinningar.

## ► Forvarnaverkefnið „Börn eru líka fólk“

Námskeið ætlað börnum 6 – 11 ára sem eiga foreldra sem eru alkóhólistar, ofvirkir, með athyglisbrest eða eiga við geðrænan vanda að stríða. Einnig ætlað börnum sem búa við óryggi af ýmsum toga innan fjölskyldunnar. Þetta námskeið einkennist af virðingu og hlýju en ekki fordómum.

**Geymið þessar upplýsingar**

Hamingjuóskir með 20 ára þátttöku í vímuefnum





AFMÆLISDAGURINN 20. SEPTEMBER 2006:

# TÍMAMÓTUM FAGNAÐ MEÐ FORELDNUM

## MORGUNVERÐAR FUNDUR

Forvarna- og fræðsluhópurinn NÁUM ÁTTUM hefur haldið morgunverðarfundi síðustu 6 árin og hefur Vímulaus æska verið virkur þátttakandi í því fræðslustarfi. Í tilefni afmælisins eru málefni næsta fundar hjá NÁUM ÁTTUM tileinkað viðfangis fni samtakanna

undir yfirskriftinni „börn í vanda“-sjónarhorn foreldra. Fundurinn er haldinn á Hótel Lind 20. september nk. og hefst kl. 8.15. Boðið er uppá léttan morgunverð en aðgangseyrir er kr. 1.500 sem staðgreiðist. Fundurinn er opinn á meðan húsrúm leyfir. Frummælendur eru þrír foreldrar sem átt hafa börn í vanda og þau segja frá reynslu sinni og hugleiðingum.

## AFMÆLISHÁTIÐ Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR

Að kvöldi 20. september býður Vímulaus æska til afmælisfagnaðar í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur til að minnst þessar tímamóta. Hátíðin er öllum opinn en dagskráin hefst kl. 18.30 með tónlistatriði. Að lokinn dagskrá kl. 20.00 er boðið uppá léttar veitingar að dagskráin heldur áfram kl. 20.30 úti við tjarnarbakkann en þar munu ungliðar frá Landsbjörgu tendra 60 blys sem dreift verður um norðurhluta tjarnarinnar. Á meðan blysin lýsa upp loftið verður söngatriði látið óma útyfir rökkvað yfirborð vatnsins. Dagskránni verður stjórnað af séra Jónu Hrönn Bolladóttur.

### DAGSKRÁ

18.30

#### Tónlistatriði

Signý Sæmundsdóttir,  
undirleikari Þóra Friða Sæmundsdóttir  
Borgarstjóri, Vilhjálmur Þ Vilhjálmsson  
Vímulaus æska á tímamótum  
Anna Ólafsdóttir Björnsson, formaður VÆ

#### Tónlistatriði

Bergþór Pálsson  
undirleikari Þóra Friða Sæmundsdóttir  
Reynslusaga foreldris  
Reynslusaga unglings  
Foreldrabókin „Að þora“ afhent  
Fyrsta eintakið afhent fyrstu foreldrunum  
Foreldrahlutverkið  
Jóhann Ingi Gunnarson, sálfræðingur  
Ráðgjöf til foreldra  
Ólöf Ásta Farestveit, afbortafæðingur

#### Léttar veitingar

„Samtakamáttur foreldra“ lokaatriði við tjörnina



## MORGUNVERÐARFUNDUR

# Börn í vanda sjónarhorn foreldra

Samstarfshópurinn NÁUM ÁTTUM heldur fræðslufund um reynslu foreldra barna í vímuefnavanda á Hótel LIND (kjallara) í tilefni 20 ára afmælis Vímulausrar æsku  
**miðvikudaginn 20. september n.k.  
kl. 08.15 til 10.00**

SAMTAKAMÁTTUR  
FORELDRA  
Í 20  
ÁR!  
www.vimulaus.is



## ERINDI FORELDRA

Fundarstjóri; Jónas Friðrik Jónsson

1. Lilja Dóra Halldórsdóttir:  
**1. Nauðsyn skjótra viðbragða og aðgengi að langtímavistun**
2. Hinrik Laxdal:  
**2. Stuðningur við foreldra og fjölskyldu**
3. Þorlákur Jónsson:  
**3. Viðurkenning á vandanum og vilja til að takast á við hann**

## ÞÁTTTAKA

## OPIÐ Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR

**Þátttökugjald** kr. 1.500 sem þarf að staðgreiða. Morgunmatur er innifalinn í gjaldinu. **Ath!** Fyrirtæki eða stofnanir geta fengið sendan reikning fyrir þátttökugjaldi einungis gegn beiðni sem skilað er á staðnum.  
**Morgunverðarfundurinn** er öllum opinn meðan húsrúm leyfir.  
**Skráning** fer fram á [www.lydheilsustod.is/skraning](http://www.lydheilsustod.is/skraning)

### Náum áttum er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál sem í sitja:

Landlæknisembættið, Lyðheilsustöð, Félag grunnskólakennara, Ríkislögreglustjóri, Barnaverndastofa, Ný leið - ráðgjöf, Rannsóknastofa um mannlegt atferli HI, Forvarnaefnd Reykjavíkurborgar, Félagssvið Akureyrarbæjar, Rauði kross Íslands, Vímulaus æska, Bindindissamtökin IOGT, Heimili og skóli, Fræðslumiðstöð í fíknvörnum FRÆ, Þjóðkirkjan, Lögreglan í Reykjavík og Jafningjafraeðslan.

## B O Ð S K O R T

Í tilefni af 20 ára afmælisdegi  
Vímulausrar æsku - foreldrasamtaka  
**miðvikudaginn 20. september nk.**  
bjóða samtökin til afmælishátíðar þann dag  
í Tjarnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur.  
Dagskráin hefst **kl. 18.30**  
Kl. 20.30 fer fram táknræn athöfn við tjörnina.  
Léttar veitingar

OPIÐ ÖLLUM Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR

Stjórn og starfsfólk

www.vimulaus.is  
SAMTAKAMÁTTUR  
FORELDRA  
Í 20  
ÁR!



Hamingjuóskir með 20 ára þátttöku í vímuvörnum





# De Dietrich



FULLKOMINN GLÆSILEIKI!

*Luxus í sérstokki*

GLÆSILEG **ESPRESSO KAFFIVÉL** 

INNBYGGÐ KVÖRN  
2.5 LÍTRA VATNSTANKUR  
1 EÐA 2 BOLLAR Í EINU  
HRÖÐ, MEÐAL, HÆG STILLING Á KAFFIBRUGGUN  
RAFEINDASTÝRING  
ÖFLUG VÉL FYRIR KAFFIUNNENDUR

**SPANSUÐU- OG  
HALOGENHELLUBORÐ  
Í ÚRVALI**



**EINN FULLKOMNASTI OFNINN Á MARKAÐINUM** 

MEÐ ICS (INTELLIGENT COOKING SYSTEM)  
ALSJÁLFVIRKT MATREIÐSLUKERFI  
HRAÐHITUN Á OFNI, BIOGRILL, HALOGENLJOS Í OFNI  
ALSJÁLFVIRK LYKTEYÐANDI LOFTHREINSUN  
PYROLYSE HREINSIKERFI MEÐ RAFEINDASKYNJURUM  
**ÞETTA ER OFNINN FYRIR MATGÆÐINGA**



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





13.01.06 † Sæbraut  
Pétur Sigurðsson  
59 ára



19.01.06 † Hnífsdalsvegur  
Þórey Guðmundsdóttir  
17 ára



23.02.06 † Bæjarbraut  
Halla Margrét Ásgeirsdóttir  
15 ára



28.02.06 † Sæbraut  
Guðrún Jónsdóttir  
18 ára



04.03.06 † Hjalteyrargata  
Sesar Þór Viðarsson  
19 ára



07.05.06 † Kjósarskarðsvegur  
John Joseph Cramer  
47 ára



06.06.06 † Elliðavátnsvegur  
Hallgrímur Páll Guðmundsson  
34 ára



02.07.06 † Varmahlíð  
Sigrún Kristinsdóttir  
20 ára



02.07.06 † Örafasveit  
Heiðar Þórarinn Jóhannsson  
52 ára



23.07.06 † Drangsnæsvegur  
Þórður Björnsson  
83 ára



23.07.06 † Eystri-Rangá  
Birkir Hafberg Jónsson  
26 ára



07.08.06 † Suðurlandsvegur  
Rósa Björg Guðmundsdóttir  
36 ára



16.08.06 † Kjalarnes  
Linda Björg Rafnsdóttir  
16 ára



16.08.06 † Garðskagavegur  
Guðmundur Adam Ómarsson  
21 árs



16.08.06 † Garðskagavegur  
Jóhann Fannar Ingibjörnsson  
34 ára



20.08.06 † Vesturlandsvegur  
Eugeniusz Leszek Lojko  
47 ára



23.08.06 † Vesturlandsvegur  
Dariusz Wojewoda  
25 ára



27.08.06 † Faxabraut  
Bryndís Zophoniasdóttir  
74 ára



28.08.06 † Borgarfjarðarvegur  
Unnur Bettý Guðmundsdóttir  
18 ára



14.09.06

## NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!

Það sem af er þessu ári hafa tuttugu einstaklingar látið lífið í umferðarslysum á Íslandi. Þetta er hræðilegur fórnarkostnaður og við hljótum að spyrja hvort lífi einhvers þeirra hefði ekki mátt bjarga með betri umferðarmenningu.

**Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp.** Þú getur lagt þitt af mörkum með því að fara inn á [www.stopp.is](http://www.stopp.is) og skrifa undir yfirlýsingu um betri hegðun í umferðinni.

Við vottum aðstandendum hinna látnu okkar dýpstu samúð og þökkum þeim fyrir að leggja okkur lið í þessu brýna verkefni.

[www.stopp.is](http://www.stopp.is)



UMFERÐARSTOFA



## Hefur þú áhyggjur af barninu þínu?

### Faðir hringdi...

Sonur okkar hefur breyst mikið undanfarið og í gær fann ég undarlega hluti í skólatöskunni sem vekur grun um að ekki sé allt með felldu. Hann er nýbyrjaður í framhaldsskóla og hefur eignast nýja vini sem hann hangir mikið með um helgar. Hann er farinn að tala um að hætta í skóla og fara að vinna, vanti pening og hluti. Síðustu nótt kom hann ekki heim fyrr en undir morgun...

### Móðir hringdi...

Dóttir mín kom heim í kvöld eftir bíóferð með vinkonum sínum og var talsvert ölvuð. Hún neitaði því að hafa drukkið áfengi en við vitum að hún hefur fíktað við að reykja. Hún verður alltaf uppstökk og æst þegar við reynum að tala við hana um vímuefni og í kvöld hótaði hún því að láta sig hverfa ef við hættum ekki. Hún er 14 ára...

Foreldrasíminn opinn allan sólarhringinn...

FORELDRA  
Síminn 581 1799

1986-2006

www.vimulaus.is



### Hamingjuóskir með 20 ára þátttöku í vímuvörnum



**KB BANKI**

**NÁMUS EST LIESTIUM  
NÁM ER LIFSSTÍL**

**„LÁTTU HJARTAÐ  
RÁÐA FÖR Í NÁMINU.  
HEILINN ER EKKERT  
TIL AÐ TREYSTA Á.“**

- ☐ KB námsmenn fá helmingsafslátt af færslu-gjöldum.
- ☐ Allt að 300.000 kr. **tölvukaupalán.**
- ☐ **20 bókastyrkir** á ári að upphæð 20.000 kr. hver.
- ☐ **15 námsstyrkir** á ári að upphæð 200.000 kr. hver.
- ☐ **Ekkert árgjald** af kreditkortum fyrsta árið.
- ☐ Möguleiki á allt að **1.000.000 kr. yfirdráttar-heimild.**
- ☐ Mánaðarlegt **framfærslulán** tengt LÍN á hagstæðum vöxtum.
- ☐ **Ábyrgðir** vegna LÍN lána.
- ☐ Útgjaldadreifing – fyrsta árið frítt!
- ☐ Netklúbbur – sérstök tilboð til meðlima.
- ☐ Allt að **3.000.000 kr. námslokalán** á frábærum vöxtum.
- ☐ Nýir KB námsmenn geta valið um USB minnislykil eða 1.500 kr. ávísun til niðurgreiðslu á nemendagjöldum.
- ☐ KB námsmenn fá **einstakt útskriftartilboð** til að gera árin eftir nám þægilegri.

**WWW.KBNAMSMENN.IS**



# TOSHIBA



MARGVERÐLAUNUÐ HÁGÆÐA SJÓNVARPSTÆKI

# framtíðin hefst núna...

Þú þarft ekki að bíða lengur !

**TOSHIBA**  
**REGZA**  
ÖRPUNNT 42" LCD

Ótrúleg myndgæði  
- það fullkomnasta í dag!

Full HD upplausn   
1920 x 1080 pixlar

★★★★★

Viðurkenning í What Video  
september 2006: 5 stjörnur

Kynningarverð: kr.419.900 stgr.



**42" TOSHIBA**  
**42WL58PG**

Upplausn 1366 x 768  
Contrast 550:1  
Birta 500 cd/m<sup>2</sup>  
Svartími 10 ms  
3 scart  
2 HDMI  
1 Component Video  
**HD ready**

**Tilboð: 349.900 stgr.**



**37" TOSHIBA**  
**37WL58PG**

Upplausn 1366 x 768  
Contrast 800:1  
Birta 500 cd/m<sup>2</sup>  
Svartími 10 ms  
3 scart  
2 HDMI  
1 Component Video  
**HD ready**

**Tilboð: 199.900 stgr.**



**32" TOSHIBA**  
**32WL58PG** 

Upplausn 1366 x 768  
Contrast 800:1  
Birta 500 cd/m<sup>2</sup>  
Svartími 10 ms  
3 scart  
2 HDMI  
1 Component Video  
**HD ready**

**Tilboð: 169.900 stgr.**

Öll tækin má festa á vegg

Eigum einnig glæsileg sjónvarps- og hljómtækjaborð

Skoðið nýja heimasíðu:

[www.ef.is](http://www.ef.is)



## Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)



# SAMTAKAMÁTTUR FORELDRA Í 20 ÁR!

1986

## Sagan í 20 ár ...

### Stofnuð í Háskólabíói ...

Vímulaus æska – foreldrasamtök voru stofnuð formlega í Háskólabíói 20. september 1986 að viðstöddu fjölmenni, m.a. forseta Íslands frá Vigdísí Finnbogadóttur. Um 10 þúsund félagsmenn skráðu sig í samtökin á fyrsta starfsárinu.

1987

### Borgartún 28 ...

Samtökin voru fyrst til hús í Síðumúlanum í Reykjavík en fluttu fljótlega í Borgartún 28 þar sem starfsemin var rekin til ársins 1993.

1988

### Foreldrasíminn ...

Á fyrsta árinu var settur á fót Foreldrasíminn sem hafði það hlutverk að veita foreldrum barna í vímuefnavanda fyrstu ráðgjöf. Síminn hefur frá byrjun verið opinn allan sólarhinginn og hefur hringingum í hann fjölgað ár frá ári.

1989

### Lions Quest ...

Vímulaus æska beitti sér fyrir því að tekið var í notkun lífsleikninámskeið Lions-Quest fyrir efri bekk grunnskóla, sem þróað hefur verið í Bandaríkjunum. Lions hreyfingin á Íslandi studdi þýðingu og framleiðslu efnisins en Vímulaus æska sá um útgáfu á foreldrabókinni „Að ná tökum á tilverunni“ og dreifði í 10 ár til allra foreldra barna í 7. bekk grunnskóla.

1990

### Foreldranámskeið ...

Frá upphafi var Vímulaus æska í forystu um forvarnafræðslu til foreldra og hannaði sérstök foreldranámskeið sem haldin hafa verið vítt og breytt um landið af starfsfólki samtakanna.

1991

### Fréttabréf ...

Frá árinu 1986 hafa samtökin gefið út sérstök fréttabréf sem send hafa verið félagsmönnum og öðru áhugafólki um forvarnastarf. Gefin hafa verið út 2 – 3 eintök af fréttabréfum árlega til ársins 2000. Frá 2004 hafa samtökin gefið út fréttabréf í 100 þúsund eintökum og dreift á öll heimili með dagblöðunum.

1992

### Ráðstefnur ...

Vímulaus æska hefur staðið fyrir fjölda ráðstefna og fræðslufunda um foreldrastarf, fíkniefnamál og forvarnir.

1993

### NMN og EURAD ...

Frá 1986 hefur starfsfólk samtakanna tekið þátt í erlendu samstarfi meðal foreldrasamtaka á Norðurlöndum NMN og forvarnasamtaka í Evrópu undir nafninu EURAD (Evrópa gegn fíkniefnum). Nokkrum sinnum hafa samtökin haldið ráðstefnur á Íslandi undir nöfnum þessara samtaka.

1994

### FRÆ ...

Samtökin Vímulaus æska og Íslenskir ungtemplarar (ÍUT) stofnuðu árið 1993 Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ). Markmiðið með þessari samvinnu samtakanna var að efla faglega og fjölbreytta gagna- og upplýsingamiðlun í vímuefnum. Frá árinu 1999 hefur FRÆ starfað sjálfstætt undir sérstakri stjórn sem skipuð er af ÍUT.

1995







### Grensásvegur 16

Frá árinu 1993 til 1999 var Vímulaus æska með starfssemi sína á Grensásvegi 16 í Reykjavík en þar höfðu einnig aðstöðu ÍUT og FRÆ. Samnýting og stærra húsnæði skapaði ný tækifæri fyrir þessi samtök til að byggja upp sitt forvarnastarf.

1996

### Stöðvum unglíngadrykkju ...

Árið 1994 stóð Vímulaus æska ásamt FRÆ að stofnun átaksins „Stöðvum unglíngadrykkju“. Til liðs við átakið gengu síðan 80 stofnanir, samtök og fyrirtæki í landinu sem áhuga höfðu á forvarnastarfi meðal barna og unglínga. Framkvæmdastjóri verkefnisins var Valdimar Jóhannsson. Átakið stóð í 2 ár og áorkaði ýmsu af þeim markmiðum sem því voru sett í byrjun. Foreldrar vöknudu til vitundar um eigin getu til að koma í veg fyrir unglíngadrykkju.

1997

Stjórnvöld, sveitarfélög og lögregla hófu kynningarherferð á reglum um útivistartíma barna og unglínga. Landasala til barna og unglínga lagðist að mestu niður og mótshaldarar á úthátíðum hertu reglur um aldursmörk mótsgesta. Vakin var athygli á eftirlitslausum partíum meðal framhaldsskólanemenda og sérstakt átak gert í því að halda áfengislausar skólaskemmtanir.

1998

### Lengi muna börnin ...

Í tengslum við átakið Stöðvum unglíngadrykkju gaf Vímulaus æska út foreldrabókina „Lengi muna börnin“ þar sem má finna 102 ráð fyrir foreldra til að vinna forvarnastarf í uppeldinu. Höfundar bókarinnar eru þeir Sæmundur Hafsteinsson og Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingar.

1999

### Foreldrahópurinn...

Árið 1996 gekk Foreldrahópurinn til samstarfs við Vímulausa æsku en þar voru á ferðinni foreldrar sem allir áttu barn í vímuefnavanda og höfðu staðið saman í því að greiða götur þeirra til bata. Þessi hópur sá síðan m.a. um að koma upp skipulögðu foreldrastarfi með þeim foreldrum sem leituðu til samtakanna vegna vímuefnavanda barna sinna.

2000

### Fræðslufni ...

Frá byrjun hafa samtökin staðið fyrir útgáfu á fjölbreyttu fræðslufni í samstarfi við ýmsa aðila. Bæklingar og veggspjöld, auglýsingar og vefsíða eru helstu leiðirnar sem notaða hafa verið til að fræða þannig fólk um starf og markmið samtakanna.

2001

### Foreldrahús ...

Árið 1999 fluttu samtökin í nýja starfstöð sem nefnd var Foreldrahús og er við Vonarstræti 4b í Reykjavík. Þar eru samtökin enn til húsa.

2002

### Námskeiðin ...

Í Foreldrahús hafa undanfarin 7 ár verið haldin fjöldinn allur af námskeiðum fyrir börn, unglínga og foreldra. Bæði er boðið uppá forvarnanámskeið, ráðgjöf og stuðningshópa fyrir foreldra og unglínga. Sérstök sjálfsstyrkingarnámskeið eru fyrir börn og „Stuðningsmeðferð“ fyrir unglínga sem eru nýkomnir úr meðferð.

2003

### Vímuvarnavikan ...

Frá árinu 2004 hafa samtökin verið þátttakendur í Vímuvarnavíkunni sem haldin er í október ár hvert. Þar eru einnig þátttakendur frá 20 öðrum félagasamtökum sem áhuga hafa á vímuefnavörnum.

2004

### Samstarfsverkefni ...

Ennfremur taka samtökin þátt í ýmsum fleiri samstarfsverkefnum í forvörnum m.a. SAMAN hópnum og forvarna- og fræðsluhópnum „Nám áttum“. Auk þess hafa samtökin verið þátttakendur í verkefnum á vegum Reykjavíkurborgar og ráðuneyta.

2005

### 20 ára ..

Á síðustu 20 árum hafa fjöldamargir foreldrar lagt lið í baráttunni við fíkniefnavandann. Með tilkomu Vímularar æsku hefur þetta starf verið markvissara og opnað leið fyrir áhugasama foreldra til sjálfshjálpar eða þátttöku í verkefnum. Án sjálboðinnar vinnu þessa fólks hefðu samtökin ekki náð að lifa þessi 20 ár.

2006







# ÞAÐ SKIPTIR MÁLI AÐ HAFA EDRÚ FÉLAGSKAP

Myndin tengist ekki sögunni



**V**ímuefni voru lausn við þeirri vanlíðan sem ég upplifði því margt slæmt kom fyrir mig þegar ég var lítill. Vímuefni gáfu mér frið og létu mér líða vel og voru spennandi, en aldrei óraði mig fyrir vandræðunum sem þau myndu olla mér.

Ég byrja að drekka 14 ára gömul og byrjaði strax að drekka eins oft og ég gat, hverja helgi og seinna á virkum dögum líka. Eftir eitt ár með áfengi var ég búin að fokka öllu upp, var að klúðra skólanum, fjölskyldunni, vinunum og mér sérstaklega. Áfengið tók ekki lengur allt það vonða í burtu þannig að ég fór í 12 spora samtökin 15 ára gömul, en stoppaði ekki lengi við. Ég kynntist fíkniefnum á þessum aldri og ég elsaði þau, þau létu mér líða eins og fyrst þegar ég var að

drekka, engin kvíði, engin ótti, engin minnimáttarkennd og ekkert vont.

Ég var send inn á Stuðla þarna og eftir að ég kom út fór ég og notaði tímann varð edrú í 2 mánuði og datt svo í það og rankaði við mér nokkrum mánuðum seinna við að allt var komið í stórvandræði og ég búin að vera í dagsneyslu í einhverjum mánuði. Þarna voru fíkniefni hætt að gera það fyrir mig sem ég sóttist eftir. Ég reyndi að verða edrú en mér tókst það aðeins í skamman tíma og lenti alltaf á verri og verri stað í neyslu. Mér leið ömurlega andlega og þess á milli leið mér hreinlega ekki neitt. Eftir enn eina misheppnaða tilraun til að verða edrú datt ég enn og aftur illa í

það. En einhver staðar á þeim mánuðum sótti ég um meðferð, áður en ég fór inn í meðferð var ég orðin mjög ofbeldishneigð og var alltaf reið og alveg sama hvað ég notaði mikið eða hvaða efni þá fór ekki þessi vanlíðan og ég lét það bitna rosalega mikið á fólkinu í kringum mig. Undir lokin voru vinir mínir hættir að vilja umgangast mig því þeir áttu í hættu með að ég myndi ráðast á þau, þannig ég dópaði mikið ein. Ég lenti inn á spítala 3 dögum áður en ég fór í meðferð og daginn eftir þegar ég fór af spítalanum fór ég beint og reddaði mér efnun. Ég ætlaði aldrei að verða svona, ætlaði ekki að nota og særa fólk sem mér þótti vænt um. En ég hafði ekkert um fíkn mína að

segja. Fíkniefnin áttu mig ekki, ég átti þau.

Ég fór upp í Götusmiðjuna og var þar í 5 mánuði, með tveim föllum þar í leyfum og ég fór alltaf á sama ógeðslega staðinn. Ég útskrifaðist úr meðferð og fór á fósturheimili.

Ég datt nokkrum sinnum í það eftir útskrift og alltaf sami staður. Ég er í eftirmeðferð í foreldrahúsinu í Reykjavík. Sem hefur hjálpað mér mikið og þrátt fyrir föll mín lærði ég samt af þeim og í janúar 2006 fór ég aftur í 12 spora samtökin og er búin að vera þar síðan að vinna að bata frá alkóhólistanum og fíklinum í mér.

Í eftirmeðferðinni fæ ég stuðning til að halda því áfram og þar get

## SAGA FÍKILS

Ég einnig talað um önnur mál sem hafa haft mikil og slæm áhrif á mig. Eftirmeðferðin hjálpar mér mikið að halda mér á réttri braut. Þar fæ ég ábendingar frá öðrum krökkum sem eru þar og ráðgjöfunum sem er frábært því ég sé oft ekki sjálf þegar ég er farin að detta í gamla farið aftur. Það er líka gott að hitta reglulega krakka sem eru að stefna að því sama og ég að fá að vera edrú. Það skiptir miklu að hafa edrú félagsskap og edrú umhverfi ef maður ætlar að haldast edrú.

### Hamingjuóskir með 20 ára þátttöku í vímuvörnum



Lögreglustjórinn í Reykjavík





# Hefur þú áhyggjur af barninu þínu?

## Faðir hringdi...

Sonur okkar hefur breyst mikið undanfarið og í gær fann ég undarlega hluti í skólatöskunni sem vekur grun um að ekki sé allt með felldu. Hann er nýbyrjaður í framhaldsskóla og hefur eignast nýja vini sem hann hangir mikið með um helgar. Hann er farinn að tala um að hætta í skóla og fara að vinna, vanti pening og hluti. Síðustu nótt kom hann ekki heim fyrr en undir morgun...

## Móðir hringdi...

Dóttir mín kom heim í kvöld eftir bíóferð með vinkonum sínum og var talsvert ölvuð. Hún neitaði því að hafa drukkið áfengi en við vitum að hún hefur fíktað við að reykja. Hún verður alltaf uppstökk og æst þegar við reynum að tala við hana um vímuefni og í kvöld hóttaði hún því að láta sig hverfa ef við hættum ekki. Hún er 14 ára...

Foreldrasíminn opinn allan sólarhringinn...

FORELDRA  
síminn 581 1799

1986-2006

[www.vimulaus.is](http://www.vimulaus.is)



120 <sup>1886</sup>/<sub>2006</sub>



## Leggðu góðu málefni lið

Stór þáttur í manneskjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag. Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans hefur verið opnuð ný þjónusta í Einkabankanum á [landsbanki.is](http://landsbanki.is) sem auðveldar fólki að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt getur fólk valið milli fjölda málefna og lagt þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.

Það er auðvelt að skipta máli



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

- gott alla leið





# FJÖLSKYLDAN Í LYKILSTÖÐU

Árni Einarsson,  
framkvæmdastjóri FRÆ



Þingsályktun frá 1997 um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar segir að fjölskyldan sé hornsteinn íslensks samfélags og uppspretta lífsgilda. Í þessum orðum kristallast áhersla íslenskra stjórnvalda á stöðu og hlutverk fjölskyldunnar. Áhersla sem vafalaust á sér almennan hljómgrunn í íslensku samfélagi.

## Fjölskyldan er margþætt

Hér verður að hafa þann vara á að „fjölskyldan“ verður vart skilgreind á einn afmarkaðan hátt. Við erum, hvert og eitt, einstök og á sama hátt eru fjölskyldur líka fjölbreyttar og einstakar þó að almenn viðfangsefni þeirra og verkefni séu svipuð. Aðstæður þeirra, samskiptavenjur og hegðunarmynstur eru með ýmsum hætti og þær eru misvel í stakk búnar til þess að sinna verkefnum sínum.

Það er því ekki hægt að skilgreina fjölskylduna á einfaldan hátt í eitt skipti fyrir öll. Hún breytist í tímans rás og verkefni hennar breytast, sem veldur því að ekki er hægt að tala um eina fjölskyldu eða hina „venjulegu“ fjölskyldu. Það sem er „venjulegt“ nú verður það ekki endilega eftir nokkur ár eða áratugi. Fyrir nokkrum ártugum þótti það líklega „venjulegt“ að eiga sama maka allt lífið en það er ekki lýsandi fyrir hina dæmigerðu samtímafjölskyldu á Íslandi í ljósi tíðra hjónaskilnaða.

Þrátt fyrir þetta er eitt af meginverkefnum fjölskyldunnar, óháð gerð hennar, að búa þannig að börnum að bestu kostir þeirra fái að njóta sín; að fjölskyldulífið varðveiti og efli heilbrigði og þroska barna. Að þau njóti hlýju, virðingar og öryggis. Þannig verði þau betur í stakk búnin að takast á við verkefni lífsins.

## Hver er sinnar gæfu smiður?

Orðtakið „hver er sinnar gæfu smiður“ þekkjast allir. Í því felst að það sé undir okkur einum komið hvernig spilast úr lífi hvers og eins. Þetta er ágæt áminning um ábyrgð okkar en talsverð einföldun þegar að er gáð. Við fæðumst inn í ákaflega mismunandi aðstæður

og vöggugjafir okkar eru með ýmsum hætti. Barn hefur ekkert um það að segja í hvernig fjölskyldu það fæðist. Það á heldur ekkert val um hvaða aðstæður og aðbúnaður því er búinn. Hvort vel er staðið að uppeldi þess eða illa. Vitað er að börn sem skortir gott atlæti í æsku eru í meiri áhættu en önnur börn með að flosna upp úr skóla, eiga við hegðunarvanda að stríða, verða kvíðin, fá þunglyndi eða lenda í vanda vegna áfengis- og vímuefnaneyslu, afbrotum og ofbeldi. Þeim er einnig hættara við að gefast upp á lífinu og fremja sjálfsvíg. Þetta þurfum við að hafa í huga þegar við ræðum um fjölskylduna og hlutverk hennar í forvörnum og veltum fyrir okkur leiðum til að tryggja velferð barna, bæði til lengri og skemmri tíma. Sú fullyrðing sem stundum er höfð uppi að hvaða barn sem er geti lent í vanda vegna áfengis- og vímuefnaneyslu er einungis fræðileg. Rannsóknir sýna ljóslega að aðstæður og atlæti sem börn búa við skiptir miklu máli um hvernig þeim reiðir af gagnvart áfengi og öðrum vímuefnum. Í því er ábyrgð foreldra fólgin.

## Fjölskyldan og samfélagið

Hlutfall hinnar hefðbundnu kjarnafjölskyldu hefur farið stöðugt minnkandi á síðustu áratugum og hlutur einsforeldrisfjölskyldna aukist. Kjarnafjölskyldan, þ.e. gift hjón eða sambýlisfólk, með eitt eða fleiri börn og aðeins annað foreldrið í launavinnu, sem hið eina sanna viðmið gengur ekki lengur upp. Opinber stefnumótun, og ráðstafanir um börn og foreldra þeirra, miðast þó enn í ríkum mæli við kjarnafjölskylduna. Þetta getur komið illa við þær fjölskyldur sem ekki falla innan hinnar hefðbundnu skilgreiningar. T.d. sýna niðurstöður íslenskrar rannsóknar á barnafjölskyldum<sup>1)</sup> að börnum er mismunandi eftir fjölskyldugerð í ýmsum efnunum. Börn einstæðra foreldra, einkum fráskilinnna, fá t.d. í minna mæli notið uppeldisáhrifa og mótunar sem tómskundastarf felur í sér, en þau börn sem búa hjá báðum foreldrum. Þau síðarnefndu njóta bæði betri fjárhagsstöðu for-

eldranna og þéttari fjölskyldutengsla. Sterkastur munur er á þátttöku í tónlistarnámi og íþróttum. Þátttaka í slíkri tómskundastöðu krefst ekki einungis fjárráða heldur tíma og orku.

Meðalheimilistekjur á mann eru lægstar hjá fráskildum foreldrum. Þegar lítið er á vinnustundafjölda, tekjur, húsnæði og bílakost fráskilinnna foreldra (mæðra) í heild, blasir við að börn þeirra fá síður en önnur notið aðstoðar foreldranna til að sækja slíka tíma utan skólans.



Foreldrar í öllum gerðum barnafjölskyldna, að ekkjum undanskildum, vinna meira en 40 stunda vinnuviku. Mest vinna fráskildir foreldrar. Þetta bendir til þess að ekki sé mikill tími til aukasnúninga með börnin, auk þess álags og röskunar sem slíkt felur í sér fyrir vinnandi foreldra<sup>2)</sup>.

Fyrir liggur í innlendum og erlendum rannsóknum að skýr fylgni er á milli fjölda vinnustunda og innra álags, þróttleysis til að sinna börnum og annarri fjölskylduábyrgð. Sömuleiðis er fylgni á milli fjarveru foreldra frá heimili og heilsu og hegðunar barna.<sup>3)</sup> Rannsóknir sýna að börn sem taka reglulega þátt í tómskundastarfi eru líklegri til að halda sig frá óæskilegri hegðun á borð við reykingar og vímuefnaneyslu<sup>4)</sup>.

Það sem hér er nefnt er aðeins dæmi um það margþætta samspil félagslegra og efnahagslegra aðstæðna sem uppeldi og uppeldisaðstæður barna byggjast á. Ef við meinum eitthvað með því að fjölskyldan sé hornsteinn samfélagsins og leiki lykilhlutverkið í uppeldi barna verðum við sem samfélag að tryggja möguleika allra fjölskyldna og gera þeim kleift að sinna því hlutverki.

## Foreldrar í forvörnum

Í umræðu undanfarinna ára um forvarnir hefur sjónum í verulegum mæli verið beint að fjölskyldunni og mikilvægi foreldra. Þetta er skiljanlegt og ábyrgð foreldra í forvörnum óumdeild þótt hafa beri í huga að fjölskyldan er ekki eini uppeldisvettvangur barna. Fjölmargir aðrir koma þar við sögu og margir þættir utan fjölskyldunnar spila inn í og hafa áhrif á viðhorf og hegðun barna og unglinga. Fjölskyldan er ekki félagslegt eyland. Hún er hluti af samfélaginu, samofin menningu þess, síðum og venjum.

Foreldrar geta engu að síður haft afgerandi áhrif á áfengis- og vímuefnaneyslu barna sinna eins og annað er varðar hegðun þeirra og lífsvenjur. Foreldrar eru mikilvægir fyrirmyndir. Þar virðast gerðir þeirra og hegðun vega þyngra en orð. Þá er það í höndum foreldra að vega og meta hvaða ábyrgð forsvaranlegt sé að láta börn axla og hvenær. Athafnafrelsi þeirra verður að miðast við það? Láta þau njóta vafans sé hann fyrir hendi. Hvað með t.d. eftirlitlaus partý barna og unglinga? Flestum ber saman um að agi sé börnum nauðsynleg forsenda sjálfsga og að eðlilegt aðhald og takmarkanir stuðli að öryggiskennd barna og þroski ábyrgðarkennd þeirra.

Óheft athafnafrelsi eða afskipaleysi hefur þá væntanlega þveröfug áhrif.

Það er í höndum foreldra að móta sameiginlegar reglur og skapa almenn viðmið í hegðun barna og ungmenna. Hvað með almenna samstöðu um að virða útivistartíma barna og ungmenna sem sjálfsgaða öryggisviðmiðun með hag barna að leiðarljósi? Eða förum við okkar fram í þeim efnunum hvert og eitt á þeirri forsendu að við treystum okkar barni eða börnum fullkomlega? Það er munur á því að treysta barninu sínu og treysta þeim aðstæðum sem það kann að lenda í.

## Kominn tími til að staldra við?

Staða fjölskyldunnar og foreldra hefur um margt breyst á undanförunum árum í takt við ýmsar breytingar í samfélaginu. Við getum spurt okkur þess hvort ekki sé kominn tími til að staldra við og endurskoða verðmætamat og forgangsröðun í lífinu án þess að hægt sé að alhæfa eitt né neitt í þeim efnunum. Er kannski kominn tími til að gefa fjölskyldunni og börnunum meiri tíma og minna okkur á að hamingjan verður ekki keypt? Hvernig væri að taka sér tíma til að staldra við og reyna að einfalda lífið, njóta í stað þess að neyta? Gefa sér betri tíma með sínum nánustu, fylgjast með því sem börnin eru að fást við á hverjum tíma í skólanum og eiga frístundir saman. Kannski er þar fólgið áhrifaríkasta framlag foreldra til forvarna.

1) Sigrún Júlíusdóttir (1995). Fjölskyldulíf: Tryggðabönd, kvaðir og réttlæti. Í Jón Á. Kalmannsson, Magnús D. Baldursson, Sigríður Þorgeirsdóttir (Ritstj.), *Fjölskyldan og réttlæti, ráðstefnurit*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Siðfræðistofnun, Háskólaútgáfan.  
2) Sigrún Júlíusdóttir (2001), bls. 92. Fjölskyldur við aldhvörf. Reykjavík: Háskólaútgáfan.  
3) Sigrún Júlíusdóttir (2001), bls. 108. Fjölskyldur við aldhvörf. Reykjavík: Háskólaútgáfan.  
4) Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998), bls. 103-106. *Vímuefnaneysla ungs fólks. Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Hamingjuóskir með 20 ára þátttöku í vímuvörnum









# HVERNIG LÍÐUR BÖRNUM HAMINGJU- SÖMUSTU ÞJÓÐAR Í HEIMI?

Aldís Yngvadóttir,  
lífsleiknikennari og ritstjóri



**F**luttar hafa verið fréttir af því í fjölmiðlum að Íslendingar séu hamingjusamasta þjóð heimsbyggðarinnar samkvæmt alþjóðlegum könnunum. Hvaða forsendur liggja að baki er ekki vel ljóst en óneitanlega væri fróðlegt að vita nánar í hverju þessi hamingja felst. Og hvað er eiginlega hamingja? Heimspekingar hafa glímt við þá spurningu um aldir en eflaust hefur hver og einn sinn skilning á hugtakinu. Í mínum huga felst hamingja í því að manni líði vel og sé sáttur við lífið og tilveruna svona á heildina lítið.

En snúum okkur aftur að hamingjusömustu þjóð í heimi. Hvernig stendur á því að börn hennar bíða í hundraða tali eftir sálfræðiþjónustu í Reykjavík einni? Og hverju sætir að fjöldi stelpna og stráka á aldrinum 15–16 ára segjast hafa hugleitt sjálfsvíg? Er ekki eitthvað bogið við þetta? Er íslenskt samfélag barnvænt eða fjandsamlegt börnum? Svari hver fyrir sig. Ég tel að við getum gert betur. Andleg vanlíðan, þunglyndi, geðraskanir og hegðunarraskanir koma mjög oft við sögu í tengslum við vímuefnaneyslu unglunga og andfélagslega hegðun af ýmsum toga. Því er afar brýnt að nýta þau úrræði og möguleika sem fyrir hendi eru nú þegar til að sinna börnum og unglingum sem eiga í vanda og efla þá þætti sem standa höllum fæti og eru beinlínis sveltir.

## Lífsleikni – mannrækt – stuðningur við fjölskyldur

Lífsleikni er námsgrein í grunn- og framhaldsskólum sem gerð var að skyldu með aðalnámskrá 1999. Hugmyndir námsgreinarinnar byggjast m.a. á jákvæðri sálfræði og mannúðarsálfræði þar sem mannúðarstefna með bjartsýni á mannlega möguleika er áberandi. Áhersla er lögð á að rækta hæfileika



nemenda og stuðla að tilfinningalegu öryggi þeirra, að þeir hafi trú á eigin getu og beri ábyrgð á sjálfum sér og námi sínu. Umhyggja fyrir nemendum er einnig áhersluatriði.

Með kennslu í lífsleikni skapast afar dýrmæt tækifæri til að sinna félags- og tilfinningatengdu námi. En á síðari árum hefur það orðið æ ljósara hve mikilvirk áhrif tilfinningar og líðan hafa á allt okkar líf. Kjarninn í lífsleiknikennslu er áhersla á að efla félags- tilfinninga- og persónuþroska nemenda. Skólinn verður því, í samstarfi við foreldra og heimilin, að leggja rækt við lífsleiknikennslu og nýta þetta tækifæri til hins ýrasta. Lífsleikninám hjálpar nemendum til þess að fóta sig í flókinni tilveru og gerir þeim kleift að fást við þau verkefni sem mæta þeim í daglegu lífi. En ávinningur öflugrar kennslu í lífsleikni felst ekki aðeins í því að auðvelda börnum og ungling-

um að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs heldur hafa rannsóknir sýnt fram á að lífsleiknikennsla hefur jákvæð áhrif á námsárangur.

Uppeldi og menntun er sameiginlegt verkefni skóla og foreldra. Mótun tilfinningaþroska hefst í faðmi foreldra löngu áður en barnið hefur leik- og grunnskólagöngu og lengi býr að fyrstu gerð. Barn er eitt það dýrmætasta sem okkur foreldrum finns við eiga og öll viljum við vanda okkur við uppeldið. Líður í því er að vera í góðum tengslum og samstarfi við leikskóla og grunnskóla sem barnið gengur í og gera sanngjarnar kröfur til skólans og um leið til sjálfra okkar sem foreldra. Eitt það mikilvægasta sem við getum gefið börnum okkar í æsku og á unglingsárum er ástúð, athygli og samvera – ekki hlutir eða peningar.

Skólar hafa mikilvægu hlutverki að gegna og markviss lífsleiknikennsla er liður í forvörnum því með henni má fækka í áhættuhópum. En skólarnir gera ekki kraftaverk einir og sér. Það vita allir. Og þegar í óefni er komið verða önnur kerfi í hinu samfélagslega öryggisneti að bregðast við. Því fyrr því betra. Nauðsynlegt er að styðja við bakið á fjölskyldum sem búa við vanda og koma börnum til hjálpar svo fljótt sem verða má. Íslendingar teljast ekki

bara til hamingjusömustu þjóða heims heldur líka þeirra ríkustu. Eftir sem áður bíða hundruð barna eftir sálfræðiþjónustu og barna- og unglingsdeild Landspítalans (BUGL) annar ekki eftirspurn, biðlistar eru langir vegna fjárskorts og þrengsla. Starfsemin er löngu sprungin. Þetta eru forvarnir sem standa ekki undir nafni. Forgangsröðum rétt og frestum byggingu hátækisjúkrahúss og eflum BUGL og sálfræðiþjónustu við börn og unglunga og fjölskyldur þeirra.

Hamingjuóskir með 20 ára þátttöku í vímuvörnum



SAMSKIP





## Pökkum stuðning við forvarnastarf Vimulausrar æsku

## Flamingjuóskir með 20 ára afmælið

### Reykjavík

A. Karlsson hf  
Allar Iagnir ehf  
Arctic rafting  
Aseta ehf  
Backman & Björgvinsson  
Bandalag háskólanna  
Beta líf ehf  
Betri bílar hf, bílaverkstæði  
Bifreiðabyggingar sf  
Bilamiðstöðin ehf  
Bilastjarnan  
Björnsbakari ehf  
Blaðamannafélag Íslands  
Borgarholtsskóli  
Breiðholtsskirkja  
Capacent ehf  
Danica sjávarafurðir ehf  
DHL Á ÍSLANDI  
Dýrarikið ehf  
Efling stéttarfélag  
Eignamiðlunin ehf  
Endurvinnslan hf  
Ernst & Young hf  
Fasteignamat ríkisins  
Fasteignamiðlunin Múli ehf  
Fasteignasalan Garður ehf  
Fatabúðin ehf  
Faxafloahafnir sf, Hafnarhúsinu  
Fellaskóli  
Ferðafélag Íslands  
Fero ehf  
Félagsbústaðir hf  
Fjölhönnun hf, verkfræðistofa  
Framsóknarflokkurinn  
Frikirkjan í Reykjavík  
G.S.varahlutir ehf  
Gissur og Pálmi ehf, byggingaverktaki  
Glitnir. Útibú 525  
Gluggasmiðjan hf  
Golfklúbbur Reykjavíkur  
Grasteinn ehf  
Grund, dvalar- og hjúkunarheimili  
Guðmundur Jónsson ehf  
Gunnar afi SH 474  
GuSt ehf  
Gúmmivinnustofan ehf  
Halldór Jónsson ehf  
Hamraskóli  
Harley Davidson á Íslandi ehf  
Hárgreiðslustofan Stubbalubbar  
Háteigsskóli  
HeklaSoft ehf  
Hersir-ráðgjöf og þjónusta ehf  
HGK ehf  
HJ bílar ehf  
HM Bókhald ehf  
Hreyfill  
Hús verslunarinnar sf  
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur  
Höfðakaffi ehf  
Iðnvélar hf  
Internet á Íslandi hf, ISNIC  
Íbúðalánasjóður  
Ísleifur Jónsson ehf  
Íslensk getsþá sf  
Íslenska lögregluorlagið ehf  
Íþróttafélagið Fylkir  
Kapalþjónustan  
Kjarni.is  
Knattspyrnufélagið Víkingur  
Knattspyrnusamband Íslands  
Kynning og markaður - KOM ehf  
Landssamband lögglumanna  
Lindin, kristið útvarp FM 102,9  
Loftræstihreinsun ehf  
M.G.B. endurskoðun ehf  
Málningarþjónustan Litaval ehf  
Menntamálaráðuneytið  
Menntaskólinn við Hamrahlíð  
Menntaskólinn við Sund  
Mentis hf  
Miðaprentun ehf  
NOW vítamín  
Nýi ökuskólinn ehf  
Ofnasmiðjan hf  
Olíudreifing ehf  
Ósal ehf  
Plúsmarkaðurinn  
Rafmiðlun ehf  
Rafstilling ehf  
Rafsvið sf  
Rafteikning hf  
Rimaskóli  
Rolf Johansen & Co ehf  
S.B.S. innréttingar, trésmiðja  
Saga Film hf  
Sagtækni ehf  
Saxhóll ehf  
Seljakirkja  
Sigurjón & Thor ehf

### SÍBS

Sjálfstæðisflokkurinn  
Sjómannaþing  
Sjóvélur ehf  
Sjúkrþjálfun Önnu Katrínar ehf  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs  
Smárin ehf  
Snæland Grímsson ehf  
Spirall prentþjónusta ehf  
Sportbar.is  
Stálsmiðjan ehf  
Steindór Jónsson ehf  
Stýring ehf  
Suzuki bílar hf  
Sveinafélag Pípulagningamanna  
Sveinbjörn Sigurðsson hf  
Sökkull ehf  
Söluturninn Hallinn ehf  
T. ARK Teiknistofan ehf  
T.G.M. ráðgjöf  
Tannlæknastofa  
Björns Þorvaldssonar  
Tannlæknastofa  
Friðgerðar Samúelsdóttur  
Tannlæknastofa  
Guðrúnar Ólafsdóttur  
Teiknistofa  
Ingimundar Sveinssonar  
Teiknivangur, teiknistofa  
Teppaþjónusta E.I.G. ehf  
Tónsport ehf  
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf  
Úti og inni sf  
VA arkitektar ehf  
VBS fjárfestingabanki hf  
VDO verslun og verkstæði  
Veitingahúsið Perlan ehf  
Verðbréfaskráning Íslands hf  
Verkfræðistofan VIK ehf  
Vélar og skip ehf  
Vélaver hf  
VSÓ Ráðgjöf ehf  
Yogastöðin Heilsubót  
Þ Þorgrímsson og Co ehf  
Ægir, seglagerð  
Ögurvik hf  
Örninn ehf  
Öryggismiðstöð Íslands hf

### Seltjarnarnes

Úranus ehf

### Vogar

Stóru-Vogaskóli

### Kópavogur

ALARK arkitektar ehf  
Alur blikksmiðja ehf  
AP varahlutir ehf  
Á Guðmundsson  
Bifreiðaverkstæði  
Friðriks Ólafssonar ehf  
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf  
Bílamarkaðurinn  
Blívogur ehf  
Byggðaðþjónustan ehf  
Debenhams á Íslandi ehf  
DK Hugbúnaður ehf  
Gólfþjónusta Íslands ehf  
Gæðaflutningar ehf  
Hagblíkk ehf  
Hefilverk ehf  
Hegas ehf  
Íslandsspil sf  
KB Ráðgjöf  
Kópavogsbólum  
Landvélar ehf  
Lindabakarí ehf  
Ljósvakinn ehf  
Marás ehf  
Rafvirkni ehf  
S.Guðjónsson ehf  
Smáralind ehf  
Snælandsskóli  
Stáliðjan ehf  
Sýslumaðurinn í Kópavogi  
Söluturninn Smári  
Uppdæling ehf  
Vatnsvirkjar ehf  
Vegurinn  
Verkfræðistofa  
Björns Ólafssonar ehf  
Verkfræðistofa  
Erlends Birgissonar ehf  
Verkfræðistofa  
Snorra Ingimarssonar ehf

### Garðabær

A.H. Pípulagnir ehf  
Garðabær  
Garðasókn

Héðinn Schindler lyftur hf  
Húsgögn ehf smíðastofa og viðgerðir  
Íslenska félagið ehf  
Kjarnavörur hf  
Rafal ehf,

### Hafnarfjörður

Austurvöllur ehf  
Ás, fasteignasala ehf  
Byggingafélagið Kambur ehf  
Dalakofinn sf  
Dverghamrar ehf  
Garðyrkja ehf innflutningur  
www.gardyrkjan.is  
Guðmundur Rúnar Ólafsson, tannlæknir  
Handknattleiksdeild Hauka  
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð  
Jeppahlutir 4x4 ehf  
Kerfi ehf  
Knattspyrnufélagið Haukar  
Nýsir hf  
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar  
Spennubreytar  
Suðurverk hf  
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði  
VBS-verkfræðistofa ehf  
Vélsmiðja Orms og Viglundar ehf

### Bessastaðahreppur

Bessastaðasókn  
Ferskfiskur ehf

### Keflavík

Fasteignasala G.Ó - Reykjanesbæ  
Gæfusmiðjurnir í Keflavík  
Nesraf ehf  
Plastgerð Suðurnesja ehf  
Reykjanesbær  
Tannlæknastofa Einar Magnússonar  
Varmamót ehf  
Verkfræðistofa Suðurnesja hf  
Verslunarmannafélag Suðurnesja  
Vísir, félag skipstjórnarmanna á  
Suðurnesjum  
www.ork.is Fristundar og heilsárshús

### Keflavíkurflugvöllur

Fagræsting sf  
Suðurflug ehf

### Grindavík

Grímsnes ehf  
TG raf ehf  
Þorbjörn hf

### Sandgerði

Hvalsnessókn  
Tros ehf

### Garður

Sveitarfélagið Garður  
Von ehf

### Njarðvík

Bílahornið hjá Sissa  
ESSE ehf  
Hitaveita Suðurnesja  
Toyotasalurinn

### Mosfellsbær

Byggingarfélagið Baula ehf  
Garðyrkjustöðin Gróandi  
Varmáskóli

### Akranes

Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar  
Fasteignasalan Hákat  
GT Tækni ehf  
Hibýlamálun Garðars Jónssonar ehf  
Smellinn hf  
Straumnes ehf, rafverktakar  
Sýslumaðurinn á Akranesi  
Vélaleigan Próttur  
Vélsmiðja Ólafs R Guðjónssonar ehf

### Borgarnes

Borgarbyggð  
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf  
Dvalarheimili aldrafra Borgarnesi  
Golfklúbbur Borgarness  
Landbúnaðarháskóli Íslands  
Skornadalshreppur

Sparisjóður Mýrasýslu  
Tannlæknastofa Hillmis ehf  
Vegamót, þjónustumiðstöð  
Viðskiptaháskólinn á Bifröst

### Stykkishólmur

Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild  
Seakayak Iceland  
Stykkishólmskirkja

### Snæfellsbær

KG Fiskverkun ehf

### Búðardalur

Dalabyggð  
Skríðuland, verslun og veitingar  
Sýslumaðurinn í Búðardal

### Króksfjarðarnes

Reykholahreppur

### Ísafjörður

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum  
Kjölur ehf  
Krossnes ehf  
Orkubú Vestfjarða hf  
Stál og Hnífur ehf  
Tréver sf  
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf

### Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður  
Sparisjóður Bolungarvíkur  
Sýslumaðurinn í Bolungarvík  
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur  
Vélvirkinn sf

### Patreksfjörður

Oddi hf, fiskverkun  
Patreksfjarðarkirkja  
Söluturninn Albína

### Tálknafjörður

Eik hf, trésmiðja  
Miðvík ehf  
Tálknafjarðarhreppur

### Staður

Staðarskáli ehf

### Hvammstangi

Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga  
Kvenfélagið lója  
Skrúðvangur ehf

### Skagaströnd

Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf

### Sauðárkrúkur

Aldan - stéttarfélag  
Kaupfélag Skagfirðinga

### Fljót

Kvenfélagið Framtíðin

### Siglufjörður

Berg hf, byggingafélag  
Fjallabyggð  
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði  
Jóhannes Egilsson  
Siglufjarðarkirkja

### Akureyri

Bláa kannan París  
Blikkrás ehf  
Dregg ehf  
Félag máliðnaðarmanna Akureyri  
Félag verslunar- og skrifstofufólks  
Geisli Gleraugnaverslun  
Gróðrastöðin Réttarhóll, Svalbarðseyri  
Heilsuhornið  
Menntaskólinn á Akureyri  
Miðstöð ehf  
Sveitahótelid Sveinbjarnargerði  
Sveinbjarnargerði  
Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar  
Vélsmiðjan Ásverk ehf  
Ósp sf, trésmiðja

### Grímsey

Sæbjörg ehf, Efri Sandvík



FORELDRAHÚS  
www.vimulaus.is

### Dalvík

G.Ben útgerðarfélag ehf

### Húsavík

Framhaldsskólinn á Húsavík  
Höfðavélar ehf  
Knarrareyri ehf  
Skóbúð Húsavíkur

### Laugar

Framhaldsskólinn á Laugum

### Mývatn

Skútustaðahreppur

### Þórshöfn

Ekill ehf

### Egilsstaðir

Birkitré sf  
Bílamálun Egilsstöðum ehf  
Dagskráin Austurlandi  
Fliótsdalshérað  
Hraðbúð ESSO www.khb.is  
Menntaskólinn á Egilsstöðum  
Skógar ehf  
Skógrækt ríkisins Mógilsá  
Snarvirki ehf, rafvéilverkstæði

### Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður

### Reyðarfjörður

Hólmar, húsgagnaverslun ehf  
Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar

### Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf

### Höfn

Auðunn SF-4B ehf  
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellsýslu  
Skeggy ehf / Ósland  
Skinney - Þinganes hf  
Sveitafélagið Hornafjörður

### Selfoss

Búnaðarfélag Grafningshrepps  
Jeppasmiðjan ehf  
Jötunn vélar ehf  
Pylsvagninn Selfossi, Besti bitinn í bænum  
Set ehf, plastráverksmiðja  
Tölvutak ehf

### Hveragerði

Hveragerðisbær  
Hveragerðiskirkja  
Litla kaffistofan  
Sport-Tæki ehf

### Þorlákshöfn

Fagus ehf

### Laugarvatn

Íþróttamiðstöð Íslands  
Menntaskólinn að Laugarvatni

### Hvolsvöllur

Krappi ehf, byggingaverktakar

### Vík

Mýrdalshreppur

### Vestmannaeyjar

Frán ehf  
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf  
Volare ehf

# FRÉTTABLAÐIÐ



# BAÐ INNRETTINGAR



WLU-150 146x49 sm  
Útlit: Eik  
Verð stgr. kr. 72.900




WLU 141 126x52 sm  
Hvitt háglans - Svart háglans  
Verð stgr. kr. 76.900



WLU 151 115x48 sm  
Útlit: Hvitt háglans  
Helga Helgadóttir	Þórleif Gunnarsdóttir
Guðmundur Jóhannesson	
Brúney Bjarklind	Magnús Tryggvason
Ragnhildur Eiríksdóttir	María Kjartansson
Heimir Kjartansson	Gísli Jón Bjarnason
Birna Kjartansdóttir	Salome Hansen
Páll Helgi Kjartansson	Dóra Þórsdóttir
Jón Steingrímur Kjartansson	Anika Bäcker
Guðjón Kjartansson	
Ólafur Ingi Kjartansson	
Svala Birna Sæbjörnsdóttir	David Ben
og barnabörn.	

**SÓLSTEINAR**

- ★ Gæði
- ★ Þjónusta
- ★ Gott verð
- ★ Úrval
- ★ Fagmennska

Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566  
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is



KJARTAN RAGNARSSON ER 61 ÁRS Í DAG.

„Innblásturinn kemur aldrei. Maður þarf að búa hann til.“

Kjartan er einn af virtustu leikstjórum Íslands og á að baki verk á borð við Þar sem Djöflaeyjan ris og Hamlet.



## tímamót

timamot@frettabladid.is

SYKURMOLARNIR: KOMA ÓVÆNT AFTUR SAMAN

# Ammælisveisla í Laugardalshöll

Í tilefni þess að tuttugu ár eru liðin frá því að hljómsveitin Sykurmolararnir gaf út smáskífu með laginu Ammæli ætla hljómsveitin að koma saman aftur og spila á einum tónleikum í Laugardalshöll 17. nóvember næstkomandi.

Að sögn trommarans Sigtryggs Baldurssonar eru tónleikarnir einnig liður í uppskeruhátíð Smekkleysu, sem er tuttugu ára í ár eins og Ammæli. „Í staðinn fyrir að vera með daglanga tónleika datt okkur í hug að vera með Sykurmolatónleika þar sem það myndi vekja mesta athygli,“ segir Sigtryggur. „Þessir tónleikar eru liður í þessum hátíðarhöldum.“

Ammæli kom út 21. nóvember 1986 á Íslandi. Þegar það kom út í Bretlandi fór það beint á toppinn á óháða vinsældalistanum. Með því hófst farsæll ferill Sykurmolanna og plötuútgáfunnar Smekkleysu undir slagorðinu „heimsyferrád eða dauði“. Fullskípuð kom hljómsveitin síðast fram á tónleikum 18. nóvember 1992.

Sigtryggur segir það ekki hafa staðið til áður að Sykur-



SYKURMOLARNIR Hljómsveitin Sykurmolararnir ætla að koma saman á ný hinn 17. nóvember.

molararnir kæmu saman. „Það hafa allir sem betur fer haft nóg að gera í sínu horni en þetta kom upp í tengslum við þessa hátíð,“ segir hann og bætir því við að það hafi

komandi sér á óvart hve allir voru til í að koma fram saman á nýjan leik.

Aðspurður segir Sigtryggur það ekki standa til að Sykurmolararnir haldi fleiri tónleika. „Þetta er hálfgerð nostalgía bara, að koma saman og spila eitt-hvað af þessum gömlu lögum. Það er ekki uppi á borðinu að gera einhvern disk eða gefa út lög, við höfum nóg að gera á öðrum vettvangi.“

FL Group hefur ákveðið að styðja við bakið á Sykurmolum í tilefni tónleikanna, enda má með sanni segja að Sykurmolararnir og útgáfufyrirtæki þeirra, Smekkleysa, hafi beint og óbeint verið undanfari útrásar íslenskra fyrirtækja. Jafnframt verða pakkaferðir í boði á tónleikana.

freyr@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 19. SEPTEMBER 1959

## Krúsjov froðufellir

Á þessum degi árið 1959 brást Nikita Krúsjov, formaður sovéska Kommúnistaflokksins, ókvæða við þegar honum var meinað að fara í Disneyland og að eigin ósk fékk hann að verja einum degi í Hollywood.

Dagurinn byrjaði vel og Krúsjov og frú skoðuðu meðal annars kvmyndaver í Draumaverksmiðjunni, hvar þau hittu stjórnur á borð við Shirley MacLaine og Frank Sinatra. Síga fór á ógæfuhliðina í ráðhúsinu þegar forstjóri Twentieth Century Fox, sem var




MIKKI MÚS

stækur andkommúnisti, bauð Krúsjov birginn. Allt ætlaði um koll að keyra þegar Krúsjov komst að því að hann fengi ekki að fara í Disneyland en bandarísk stjórnvöld töldu

sig ekki geta tryggt öryggi hans þar. „Hvað getur gerst?“ óskraði Krúsjov. „Er líklegt að ég muni stytta mér aldur? Er kólerufaraldur í skemmtigarðinum?“ Krúsjov yfirgaf Los Angeles daginn eftir og hélt ferðalagi sínu um Kaliforníu áfram áður en hann hittu Eisenhower Bandaríkjaforseta.

FÆDDUST ÞENNA DAG




86 Antoninus Píus, fimmtándi keisari Rómur.

1911 William Golding rithöfundur.



1922 Damon Knight rithöfundur.



1928 Adam West leikari.



AFMÆLI



Víglundur Þorsteinsson, stjórnarformaður BM Vallár, er 63 ára.



Kjartan Ragnarsson leikstjóri er 61 árs.




Þórólfur Sveinsson, formaður Landssambands kúabænda, er 57 ára.



Agnes Bragadóttir, viðskiptafréttastjóri hjá Morgunblaðinu, er 54 ára.



Jóhann Jóhannsson tónlistarmaður er 37 ára.



LEIÐRÉTTING

Í frétt um uppfærslu Leikfélags Akureyrar á Kariusi og Baktusi í gær var því ranglega haldið fram að Ólafur Steinn Ingunnarson hefði útskrifast frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands í vor og þetta væri frumraun hans í atvinnuleikhúsi. Hið rétta er að hann útskrifaðist í fyrravor og lék í Þjóðleikhúsinu síðastliðinn vetur. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Guðlaugur Kristinsson**

Hringbraut 107, Reykjavík,

lést laugardaginn 16. september á deild 13E á Landspítala við Hringbraut.

Svanborg Birna Guðjónsdóttir	Guðjón Gunnarsson
Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir	Gyða Rut Guðjónsdóttir
Hildur Halldórsdóttir	Karen Birna Guðjónsdóttir
Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir	Bryndís Guðjónsdóttir
Halldór Andri Kristinsson	



Elskuleg föðursystir okkar

**Bryndís J. Blöndal**

frá Siglufirði,

lést á heimili sínu Laugarnesvegi 80, hinn 11. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látna. Þökkum auðsýnda samúð og vináttu.

Bræðrabörn og fjölskyldur.



Elskulegur sonur okkar

**Kári Breiðfjörð Ágústsson**

varð bráðkvaddur föstudaginn 15. september. Fyrir hönd aðstandenda.

Kolbrún Ólafsdóttir  
Ágúst Elbergsson

Hörður Eiðsson  
Árný B. Kristinsdóttir



ITALÍA



- allt það besta!

Nýtt á Íslandi


beint frá Ítalíu



Spennandi nýjungar!

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





## STUÐ MILLI STRÍÐA: Þegar synirnir snúa aftur

FREYR GÍGJA GUNNARSSON SKILUR EKKI ÞJÓÐARSÁL LANDA SINNA.



Þessi þjóð er merki-  
leg. Hún elskar að  
hata afreksmenn  
sína vegna þess að  
oftast standast þeir  
ekki þær óraunhæfu  
kröfur sem gerðar  
eru til þeirra. Þegar  
þjóðin hefur yfir-  
gefið „syni“ sína er eins og þeir  
leggi allt kapp á að sanna sig fyrir  
landsmönnum sínum og þegar  
þjóðin hefur alið þá trú í brjósti  
sér að betra sé að hafa engar vænt-  
ingar, engar fyrirfram skipulagð-  
ar móttökuathafnir í verslunar-  
miðstöðum eða heiðursflug yfir  
Reykjavík er eins og afkvæmi  
landsins springi út og blómstri. Þá  
er auðvitað alikálfinum slátrað og

týndi sonurinn boðin velkominn.  
Öll vonbrigðin á bak og burt.  
Halldór Kiljan Laxness er  
ágætis dæmi um þessa hegðun.  
Þetta mikla skáld naut ekki bein-  
línis almenningshylli á þessu skeri  
fyrir rúmri hálfri öld. Hann sætti  
sig auðvitað ekki við að þjóðin  
skildi sig ekki en gat lítið að gert.  
Það var ekki fyrr en erlendir  
fræðimenn og Svíakóngur upp-  
götvuðu snilld skáldsins og  
afhentu honum skjöld kenndan við  
Nóbel að þjóðin áttaði sig á því að  
meðal þeirra bjó stórskáld og  
safnaðist múgurinn fyrir framan  
höfnina í Reykjavík til að taka á  
móti nýjum syni Íslands (höfnin  
var Smáralind þess tíma enda  
ferðuðust allir með skipum þá).

Nýjasti sonur Íslands, Magni  
Ásgeirsson, var jafnvel í sömu  
sporum og Halldór á sínum tíma.  
Magni er einmitt meðlimur í  
hljómsveit sem allir virðast elska  
að hata og fáum ef einhverjum  
hefði dottið í hug að söngvarinn  
ætti eftir að verða hylltur af sam-  
löndum sínum og fyrirmönnum  
landsins. Þegar útlendir „höfð-  
ingjar“ hafa hins vegar loksins  
áttað sig á ágæti þessa pilts og  
sæmt hann fjórða sætinu í raun-  
veruleikabætti er eins og þjóðin  
hafi orðið fyrir vitundarvakningu,  
flykkist í kringum drenginn frá  
Borgarfirði og hyllir Magna í  
Smáralindinni - enda ferðast eng-  
inn Íslendingur sem vit er í lengur  
með skipi heldur bara Saga Class.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Bylting í blaðalestri á Netinu!

**visir.is**  
NÝJUNG!

## 50 heppnir gestir á visir.is vinna utanlandsferð!

Kíktu strax á vefblöð á **visir.is** því 50  
gestir í september fá **utanlandsferð**  
með Iceland Express.



**VEF BLÖÐ**

### Fréttablaðið hefur aldrei verið aðgengilegra!

Lestu blöðin á visir.is. Ný tækni gerir þér kleift að finna efni á auðveldan  
og fljótlegan hátt, stækka letur og velja stakar greinar.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Vel lesið



## Sérfróðir viskubrunnar



**Kl. 9.00**

**Haustsýning Listvinafélags Hallgrímskirkju á myndverkum Hafliða Hallgrímssonar stendur yfir í fordyri Hallgrímskirkju. Hafliði sýnir tólf verk með trúarlegu ívafi. Sýningin stendur til 23. október.**

# menning

menning@frettabladid.is

Sérfræðingar Þjóðminjasafns Íslands búa yfir margra ára reynslu og þekkingu og nú hyggst safnið róa enn markvissar á fræðslumið og skipuleggur sérstaka sérfræðileiðsögn annan hvern þriðjudag í vetur. Boðið verður upp á leiðsögn um valda hluta grunnsýningarinnar eða þær sýningar sem í gangi eru hverju sinni.

Lilja Árnadóttir, sýningarhöfundur og fagstjóri munasafns Þjóðminjasafnsins, ríður á vaðið kl. 12.10 í dag og leiðir gesti um sýninguna „Með silfurbjarta ná: spor miðalda í íslenskum myndsaumi“ en á henni gefur að líta dýrindis veggjöld og reflu. Sýningin byggir á niðurstöðum Elsu E. Guðjónsson, textil- og búningafræðings, sem lengi starfaði við Þjóðminjasafnið. Jafnframt verður í vetur áfram boðið upp á almenna leiðsögn um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins á íslensku alla sunnudaga kl. 14 og alla laugardaga kl. 14 á ensku.

Vetraropnunartími Þjóðminjasafnsins hófst um síðustu helgi og er nú opið alla daga nema mánudaga milli klukkan 11 og 17.

**MERKISGRIPIR ÚR SÖGU MYNDSAUMS Á ÍSLANDI**  
Reflar og veggjöld eru til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands.



> **Dustaðu rykið af...**

**spilastoknum.** Kasína, kani, marías, manni, langavitleysa, veiðimaður, **ólson**, ólsen, rommí, svartí-pétur, kleppari og **vist** að ógleymdum köplunum þjóða upp á óþrjótandi afþreyingu fyrir unga sem aldna.

## Vísindi og „mannskilningur“

**Brátt rennur upp Vísindavaka á vegum Rannís og í tengslum við hana er efnt til Vísindakaffis í kvöld. Þar verður rætt um kynjamyndir og vísindi, heimspeki og „hansspeki“.**

Markmiðið með Vísindavöku er að færa vísindin nær almenningi og gefa fagfólki tækifæri á að kynna rannsóknir sínar. Gestir fá tækifæri til að spyrja og taka þátt í umræðum og komast þannig að hvernig störf vísindamanna hafa áhrif á daglegt líf okkar allra. Dr. Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands, og dr. Þorgerður Einarsdóttir, dósent í kynjafræði við sama skóla, munu í kvöld ræða vísindi á „manna-máli“ og út frá sjónarhóli kvenna, sem ekki hafa verið áberandi í sögu vísindanna.

„Þegar maður lítur yfir sviðið virðist sem vestræn heimspeki fyrri tíma sé skrifuð af dauðum hvítum körlum,“ segir Sigríður Þorgeirsdóttir. „Enn fremur kemur í ljós að í skrifum heimspeklinga um konur í gegnum tíðina má finna talsverða kvenfyrirlitningu samfara lotningu fyrir körlum.“ Hún segir að femínískir heimspeklingar hafi á undanförmum áratugum skoðað heimspekisöguna og afhjúpað kvenfyrirlitninguna. „Það er



**STAÐALMYND VÍSINDAMANNINS ER HVÍTUR KARLMÆÐUR** Margs konar kynjaskekki-ur má finna í vísindaheiminum en nokkrar þeirra verða ræddar yfir Vísindakaffi í kvöld. MYND/GETTYIMAGES

ekki hægt að segja bara að hún sé barn síns tíma og leiða hana hjá sér, eins og oft hefur verið gert í heimspekikennslu. Kvenfyrirlitningin hefur litad mannskilning heimspekinnar. Fyrir vikið hefur myndin af „manninum“, sem dregin er upp í heimspekinni, oft verið ákaflega karlhverf allt til þessa dags. Eiginleikar sem taldir voru tengjast karleika voru taldir jákvæðir, og eiginleikar sem taldir voru tengjast kvenleika neikvæðir. Slíkt hugsanakerfi réttlætti stigskiptingu kynjanna,“ segir Sigríður. „Ef heimspekin á að fjalla um manninn verður hún að taka tillit til þess að maðurinn sé bæði karl og kona.“

Brátt fyrir að heimspekihefðin sé konum erfið segja femínískir heimspeklingar ekki skilið við hefðina og „dauðu hvítu karlana“, útskýrir Sigríður. „Þeir leitast miklu fremur við að finna í hefðinni möguleika á fjölbreytilegri mannskilningi. Ráðandi karlhverfar túlkanir hafa oft breitt yfir slíka möguleika. Femínískir heimspeklingar hafa einnig grafið upp „gleymda“ kvenheimspeklinga sem ekki hafa notið sannmælis innan fræðanna. Er litid er á uppsláttarit í heimspeki er þessara kvenna oft ekki minnst. Það er t.d. hending ef Simone de Beauvoir eða Hannah Arendt, tvær í hópi merkra heimspeklinga á 20. öld, er að finna í svona ritum. Og þetta á líka við um fyrri tíma kvenheimspeklinga,“ segir hún að lokum.

Yfirskrift erindis Þorgerðar er „kynleg vísindi“ en þar verður víða komið við. Hún fjallar til dæmis um staðalmyndir „vísindamannsins“ og orðræðuna sem ein-kennir vísindin þar sem eiginleikar „vísindamannsins“, til dæmis djörfung og staðfesta, séu enn þann dag í dag fremur tengdir við karlkynið.

Þorgerður segir votta fyrir margs konar kynjagslasið í heimi vísindanna og tekur dæmi af forgangsrdöun rannsókn, á næstunni verði til dæmis tíu milljónum úthlutað úr Jafnréttissjóði en á fimm árum hafi fimmhundrað milljónum verið veitt í Kristni-hátíðarsjóði. Hún bendir á rann-

sóknir sem styðja þá kenningu að konum reynist einnig erfiðara að fá aðgang og framgang innan vísindasamfélagsins og að viðfangs-efni rannsókna taki oftari mið af körlum, þannig hafi lyfjarannsóknir lengi vel verið miðaðar við karlkynsbáttakendur og þar af leiðandi lyfjaskammtar.

Lykilhugtak innan vísindaheimsins er hugmyndin um hlutlægni en Þorgerður mun ræða gagnrýni femínista á kröfu og skilning vísindanna á því hugtaki. „Vísindaheimurinn hefur skýrt hlutlæga þekkingu sem þekkingu sem hafin er yfir sjónarhorn. Þannig er því haldið fram að félagslega staðsett sjónarhorn sé skoðun en ekki þekking, þekking sé utan einstaklingsins og óháð stað og stund. Femínískir fræðingar hafa gagnrýnt þetta sjónarhorn því það ekki til neitt sem heitir að vera alsjáandi því allir eru staðsettir einhversstaðar. Því ætti ekki að afneita staðsetningunni heldur skoða hana gagnrýnum augum,“ segir Þorgerður og áréttar að skilgreiningarvaldið sem skilyrt hafi hugmyndina um hina sönnu þekkingu sé sjónarhorn hvíttra, vest-rænna, gagnkynhneigðra milli-stéttararla. „Það er mikilvægt að við afneitum því ekki að staðsetning hefur í för með sér ákveðið sjónarhorn. Femínískir fræðimenn leggja áherslu á að fólk skilji ávinninginn af því að afbyggja slíka forréttindastöðu og hvetur til þess að fólk taki sér stöðu á jafnréttum og skoði málin frá fleiri sjónarhornum.

Að lokum útskýrir Þorgerður að þetta sé ekki sérhagsmuna bar-átta kvenna. „Femínískir fræðimenn álíta ekki að þekking kvenna eða annarra jafnarhópa sé betri en önnur þekking, en hún er nauðsyn-leg til þess að endurskapa þekkingu ráðandi afla. Markmiðið er að bæta vísindin, gera þau lýðræðislegri með því að koma með fleiri sjónarhorn og gera þau þannig næmari fyrir margbreytileika,“ segir Þorgerður.

Vísindakaffið fer fram í kaffi-stofu Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi og hefst kl. 20 í kvöld. kristrun@frettabladid.is

**afgangar**

**AFGANGAR**  
Fim. 21. sept. kl. 21.00  
Fös. 22. sept. kl. 21.00

**HAFIÐ BLÁA**  
Sun. 24. sept. kl. 13.30 **sæti laus**  
Sun. 8. okt. kl. 13.30 **sæti laus**

**DREKASKÓGUR**  
Lau. 23. sept. kl. 14.00 miðaverð kr. 800 **sæti laus**

Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

**GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!**

RONJA RÆNINGJADÓTTIR	PINA BAUSCH
Sun 24/9 kl. 14 Sun 1/10 kl. 14	Lau 30/9 kl. 14 Sun 8/10 kl. 14
<b>VILTU FINNA MILLJÓN?</b>	LOKSINS Á ÍSLANDI! Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Água í Borgarleikhúsinu.
Sun 24/9 kl. 20 Fös 6/10 kl. 20	Í kvöld kl. 20 UPPS. Mið 20/9 kl. 20 Aðeins þessar sýningar
<b>FOOTLOOSE</b>	Miðaverð 4.900.
Fös 22/9 kl. 20 Fim 28/9 kl. 20	<b>MEIN KAMPF</b>
Lau 23/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20	Lau 23/9 frumsýning UPPS. Mið 27/9 kl. 20 UPPS. Fös 29/9 kl. 20 Lau 7/10 kl. 20
<b>HVÍT KANÍNA</b>	<b>ÁSKRIFTARKORT</b>
Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn. Fös 22/9 kl. 20 frumsýning UPPS. Lau 23/9 kl. 20 hátíðarsýning UPPS. Sun 24/9 kl. 20 BANNAD INNAN 16 ÁRA. Engum hleypt inn án skilríkja.	Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir! Mein Kampf e. George Tabori Amadeus e. Peter Shaffer Fagra veröld e. Anthony Neilson Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson. Lík í óskilum e. Anthony Neilson Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren Viltu finna milljón? e. Ray Cooney. Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson Íslenski dansflokkurinn og margt, margt fleira.
<b>ÞAÐ BORGAR SIG AÐ GERAST ÁSKRIFANDI</b>	
Áskriftarkort á 5 sýningar á 9.900. Þeir sem gerast áskrifendur fyrir 20.sept. fá gjafakort í Borgarleikhúsið í kaupbæti.	
Nánari uppl. á <a href="http://www.borgarleikhus.is">www.borgarleikhus.is</a>	
Miðasala 568 8000 <a href="http://www.borgarleikhus.is">www.borgarleikhus.is</a>	<b>BORGARLEIKHÚSIÐ</b>

**www.sturta.is**  
allan sólarhringinn!

**Þú verður bara líka...**

Reykjavíkuvægur 64, Hafnarfjörður.  
Sími: 565-5566  
[sturta.is](http://sturta.is)

**10% vaxtaauki!**

**spron**  
[www.spron.is](http://www.spron.is)

**FRÉTTABLAÐIÐ** **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**



# Öll skilningarvit stillt á móttöku

## DANSLEIKHÚS

KRISTRÚN HEIDA HAUKSDÓTTIR

Ágúa - Tanztheater Wuppertal

Borgarleikhúsið

Andrúmsloftið í Borgarleikhúsinu á sunnudagskvöldið var eftirminnilegt, eftirvæntingin skein af andlitum á öllum aldri og frumsýningargestir notuðu tækifærið og óskuðu hver öðrum gleðilegrar hátíðar. Enda er hátíð í bæ, einstakt tækifæri til þess að sjá sýningu eftir sanna stjörnu og guðmóður dansleikhússins.

Dansflokkur Pinu Bausch, kenndur við Tanztheater Wuppertal, er með afbrigðum kraft-

mikill, fjölhæfur og litríkur hópur sem heillaði salinn næstum frá fyrstu mínútu, með sjónrænni veislu. Þessi sýning er raunar ætluð öllum skynfærum; þótt dansinn sé í fyrirrúmi blandast leiklistin, myndlistin, kvikmyndalistin og tónlistin inn í jöfnuna, ásamt frumlegu kitli bragðlaukanna yfir ávaxtailmi og kaffilykt. Allt er leyfilegt, heimurinn sem Pina Bausch skapaði á stóra sviði Borgarleikhússins var suðrænn og hlýr, glettinn og frumlegur og vart annað hægt en að heillast. Áhorfendur voru án efa með öll skilningarvit stillt á móttöku.

Sýningin var í einu orði sagt ógleymanleg. Stórbrotnar, þaul-

hugsáðar en jafnframt eins og fyrirhafnarlausar myndir þar sem eymdi af nostalgíu og þrá eftir sakleysi. Persónuleg tjáning dansaranna í bland við þaulhugsáðar og nosturslegar hóp-senurnar eiga eftir að leita á mann lengi. Litadýrðin og léttleikinn sem yfir öllu var á líka sinn þátt í því að það er ekki hægt að orða þessa upplifun nema í efsta stigi.

Innileg dansgleði hópsins, eins kjánalega og það mögulega hljómar, hreif mann með sér og gerði þessa liðlega þriggja tíma sýningu að einskærum rússibana. Þessi kona er líklega ævintýri út af fyrir sig og mögulega hugrakkasta kvendi á jarðríki.



DANSVERKIÐ ÁGÚA

DANSHÖFUNDUR: PINA BAUSCH

Niðurstaða: Ólýsanlegt en ógleymanlegt verk, algjör rússibani fyrir skilningarvitin.

# Fjölsótt, margheyrt en aldrei uppselt

Það fer ekki hátt um suma fjársjóðina í Efstaleitinu. Í hverri viku geta leikhúsunndur skrúfað frá listinni og notið verka Útvarpsleikhússins sem á sinn hátt er eitt fjölsóttasta leikhúslandsins og þar verður heldur aldrei uppselt.

Sviðið er í huga hlustenda og því er Útvarpsleikhúsinu fá takmörk sett en það staðsetur sig á mörkum leikhúss, sjónvarps og kvikmynda enda vilja menn þar eiga í gagnvirku sambandi við sem flestar listgreinar. Leiklistarflutningur í útvarpi á sér langa sögu og hefur verið fastur liður í dagskrá Ríkisútvarpsins frá árinu 1937. Hallmar Sigurðsson hefur stýrt starfi Útvarpsleikhússins undanfarin fimm ár og er bjartsýnn á starfið þrátt fyrir að dregið hafi úr þessari þjónustu við hlustendur á undanförnum árum. „Ég var farinn að trúá því á tímabili að fólk væri hætt að hlusta á Útvarpsleikhúsið en við nánari athugum kom síðan í ljós að hlustendum hafði í raun fjölgað frá því sem var fyrir tíu árum,“ segir Hallmar um þessa bábilju.

Samkvæmt mælingum fer hlustun á Útvarpsleikhúsið á sunnudögum yfir fjögur prósent en miðað við margfeldi sem notuð eru má áætla að um 12.000 manns leggi þá við hlustir. „Hvar er það hús sem rúmar slíka aðsókn,“ spyr Hallmar og bætir við að meðalaðsókn á uppfærslur atvinnuleikhúsa hérlendis sé um 2.300 manns. „Það er auðvelt að blekkja með tölum en séð í þessu ljósi er mikið aðsókn að Útvarpsleikhúsinu.“ Þess skal einnig getið að inni í þessum tölum eru ekki mælingar yfir hlustun á netinu en þar eru leikritin aðgengi-

leg í 14 daga eftir flutning og hefur sú þjónusta spurst vel fyrir, til dæmis á leikhúsið dygga hlustendur meðal Íslendinga sem búsettir eru erlendis.

Þrátt fyrir ásókn og aðsókn hafa umsvif Útvarpsleikhússins dregist saman á undanförnum árum. Árið 1991 voru frumflutt 36 verk á þeirra vegum en í fyrra einungis 18 leikverk, þar af voru frumflutt tíu verk eftir íslenska höfunda.

## Meðal efnis í Útvarpsleikhúsinu í vetur

Harún og sagnahafið, byggt á sögu Salmans Rushdie

Ævintýri á meðan, byggt sögu Roddys Doyle

Fjallkirkjan, byggt á sögu Gunnars Gunnarssonar

Maurar eftir Dennis Kelly

Sníkjudýr eftir Marius von Mayenburg

Veröld Soffiu, byggt á sögu Josteins Gaarder

## Breyttir tímar

Hlutverk Útvarpsleikhússins hefur eðilega breyst frá því aðeins einn ljósvakamiðill starfði í landinu. „Þá var krafan um breidd í efnisvali miklu meiri, en ég held að í dag getum við og eignum að sérhæfa okkur meira. Það er ekkert að því að snúa sér til fámennari hóps. Við þurfum ekki alltaf að ná til allra, ég er ekki viss um að það sé mögulegt eða jafnvel æskilegt.“

Útvarpsleikhúsið hefur undanfarin ár lagt kapp á að vera viðbót við annars líflega leikhúsfloðu landsins og kosið að vera vettangur fyrir nýsköpun t.d. í leikritagerð. „Við höfum til að

mynda verið dugleg að kynna nýja höfunda, bæði erlenda og íslenska og stefnur og straua í leiklistinni almennt. Útvarpsleikhúsið er enn fremur ekki aðeins hluti af leikhúsflorunni heldur erum við með einhverjum hætti að spegla samtímann með því að segja sögur úr samtíðinni. Eins og aðrar listastofnanir viljum við veita upplifun en um leið vera upplýsandi og skapa umræðu.“

## Tvíþætt áhersla

„Dagskráin okkar er tvíþætt. Á sunnudögum kl. 13 erum við með efni fyrir fjölskylduna, efni í léttari kantinum sem er aðgengilegt án þess þó að slá nokkuð af gæðakröfunum.“ Í vetur verður til dæmis boðið upp á leikgerðir af verkum Roddys Doyle og Salmans Rushdie auk þess sem Fjallkirkja Gunnars Gunnarssonar mun hljóma í desembermánuði. „Á fimmtudagskvöldum sjáum við fyrir okkur að fólk sitji við tækin sem hefur eldheitan áhuga á leiklist og getur vel hugsað sér torræðara og tilraunakenndara efni,“ segir Hallmar og áréttar að honum finnst eðilegt að síðarnefndi hópurinn sé ekki stór. „Það er okkar markmið að sá hópur fái að hlýða á efni sem ekki er auðvelt að nálgast, að við séum ekki að róa á sömu mið og aðrir heldur séum við veita fyrir eitthvað forvitnilegt og nýstárlegt.“ Hlustendur fá að kynnast samtíma- verkum eftir höfunda á borð við Jon Fosse, Marius von Mayenburg og Dennis Kelly kl. 22.15 á fimmtudagskvöldum í vetur.

Eftir áramótin verður síðan lögð sérstök áhersla á íslenska leikritun og leiklistarsögu en þá verður heildardagskrá leikhússins lögð undir endurskoðun og krufningu á verkum íslenskra leikskálda og þau skoðuð í víðu samhengi. „Það er tengt vilja



METNAÐARFULL DAGSKRÁ Í VETUR OG BJARTAR FRAMTÍÐARHORFUR Hallmar Sigurðsson stýrir Útvarpsleikhúsinu, fjölsóttasta leikhúsi landsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

okkar til að vera viðbót við leiklistarlífið. Eitt af því sem mér hefur fundist vera svolítill takmörkun á er sagan og samhengið. Íslenskt leikhús er mjög frískt hvað varðar öra endurnýjun á fólki sem þar vinnur en á stundum er eins og það vanti sögulegt samhengi. Það heyrir til dæmis til undantekninga að íslenskt verk séu sett upp oft en einu sinni hjá atvinnuleikhúsunum,“ segir Hallmar.

## Ótakmarkað svið

Útvarpsleikhúsið er augljóslega í sókn, ekki aðeins með tilliti til hlustendakannana. Möguleikum til miðlunar á leiknu efni fjölgar

með bættri tækni og Hallmar segir að þeir verði vitaskuld nýttir eins og kostur er.

„Það eru margir sem kjósa að njóta þetta listform og þeim fer fjölgandi. Því var spáð fyrir áratugum að stafræna byltingin myndi ganga af bókinni dauðri en það hefur ekki gerst. Ég held að vönduð dagskrárgerð í útvarpi, ekki aðeins leikrit heldur vel unnir upplifun- og upplýsingaþættir muni halda vinsældum sínum. Líkt og bókin eiga þeirra aðeins eftir að finna sér nýjan farveg innan möguleika tækninnar.“

krstrun@frettabladid.is

**BRÖTTNÁMIÐ**  
í  
**kvennabúrinu**  
ú. a. mezzact

**BRÖTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU** - eftir W. A. Mozart  
Frumssýning fös. 29. sep. kl. 20  
2. sýn. sun. 1. okt. kl. 20 - 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 - 4. sýn. sun. 8. okt. kl. 20  
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20  
Kynning fyrir sýningu í boði Vínafélags Íslensku Óperunnar kl. 19.15

Námskeið um Mozart og Bröttnámið úr kvennabúrinu hjá EHF hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 - endurmenntun@hi.is  
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðsalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

**550 5600**

**Hringdu ef blaðið berst ekki**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ** Þjóðleikhúsið fyrir alla!

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**  
**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur. Fös. 22/9. lau. 23/9. Aðeins fáar sýningar í haust.

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter. Sun. 24/9 kl. 21:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 21:00. Aðeins fáar sýningar í haust.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson. Frumssýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 14:00, fös. 6/10 kl. 20:00, lau. 7/10 kl. 14:00, sun. 8/10 kl. 14:00, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.

**KASSINN KL. 20:00**  
**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. Fös. 15/9 uppselt, lau. 16/9 uppselt, sun. 17/9 uppselt, fim. 21/9 örfá sæti laus, fös. 22/9 örfá sæti laus, lau. 23/9 uppselt, lau. 30/9 uppselt, sun. 1/10 kl. 17:00, fim. 5/10, lau. 7/10, sun. 8/10 kl. 17:00, mið. 11/10, fim. 12/10, fös. 13/10, lau. 14/10, sun. 15/10 kl. 17:00, fim. 19/10, fös. 20/10, lau. 21/10.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**  
**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse. Fim. 21/9, sun. 24/9.

Leikhúskjallarinn. Upplýsingar og borðapantanir í síma 585 1295.  
KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!  
MÍÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MÍÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**MR. SKALLA GRÍMSSON**  
Benedikt Erlingsson

Sýningar í Landnámssetri í september og október

Laugardagur 23. september kl. 20 Uppselt  
Sunnudagur 24. september kl. 16 Uppselt  
Míðvikudagur 27. september kl. 20 Laus sæti  
Fimmtudagur 28. september kl. 20 Laus sæti  
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti  
Föstudagur 6. október kl. 20 Laus sæti  
Laugardagur 7. október kl. 20 Uppselt  
Sunnudagur 8. október kl. 20 Örfá sæti laus  
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Laus sæti  
Föstudagur 13. október kl. 20 Laus sæti  
Laugardagur 14. október kl. 20 Örfá sæti laus

**LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttadur** kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800  
TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600  
Stöðfesta þar miða með greiðslu viku fyrir sýningardag



# Kynnir í sjónvarpsþáttum fyrir Miss World

Ungfrú heimur, Unnur Birna Vilhjálmstöddir, hefur í miklu að snúast þessa dagana en auk þess að vera viðstödd undirbúning fyrir Ungfrú heim 2006 í Póllandi var hún beðin um að taka að sér að kynna sjónvarpsþætti sem sýndir verða á undan keppninni sjálfri. Þættirnir bera nafnið „Vote for me“ og eru kynningarmyndbönd fyrir keppendur. Þættirnir eru sex talsins og eru tileinkaðir hverri heimsálfu fyrir sig. Segir Unnur að nú þegar sé búið að frumsýna einn þátt í Kína og hann fengið góðar viðtökur.

Þetta er í fyrsta sinn í

sögu keppinnar sem sú sem ber titilinn kynnir þessa þætti, sem eru kynningarþættir fyrir keppendurna. „Þetta er mikill heiður fyrir mig og einstakt tækifæri enda þættirnir sýndir í yfir 200 löndum,“ segir Unnur Birna en tókum á þáttunum lauk í síðustu viku.

„Tökuliðið var í vandræðum með kynni og það mig um að taka þetta að mér með stuttum fyrirvara. Þetta var því óvænt og skemmtileg áskorun sem gekk ótrúlega

vel.“ Unnur Birna er að kynna Pólland í þáttunum ásamt því að kynna hverja heimsálfu fyrir sig, en stúlkurnar kynna sig sjálfar í þáttunum. Fyrir hönd Íslands í keppninni er Ásdís Svava Hallgrímstöddir.

Sjónvarpstöðin Skjár einn mun sjá til þess að Íslendingar fá að berja Unni Birnu Vilhjálmstöddur augum sem kynnir en þættirnir verða sýndir þegar nær dregur keppninni sem fer fram í Varsjá í Póllandi 30. september.

**UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR**  
Fékk það óvænta verkefni að kynna sex kynningarþætti fyrir Miss World keppnina sem sýndir verða í yfir 200 löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



## Iðrast ekki

Drew Barrymore segist ekki sjá eftir klæðnaði sínum á Golden Globe-verðlaunahátíðinni fyrr á þessu ári. Barrymore mætti til leiks brjóstahaldaralaus í grænum kjól og var dregin sundur og saman í háði af fjölmiðlum fyrir vikið.



**DREW BARRYMORE.**

„Mér er alveg sama,“ segir Drew. „Ég geri það sem mig langar til og það skilgreinir mig sem manneskju. Sumir ældu næstum því þegar ég mætti með blóm í hárinu á Óskarsverðlaunin en mér er alveg sama þótt öðrum finnist það sem ég klæðist ljótt.“

## Lohan brákar úlnlið

Ungstirnið Lindsay Lohan var flutt með hraði á spítala á föstudag með brákaðan úlnlið. Lindsay var á gangi í Milk Studios kvikmyndaverinu í New York þegar hún hrasaði með þessum leiðu afleiðingum.

Upplýsingafulltrúi leikkonunnar ungu staðfesti við fjölmiðla að Lindsay hefði brákað úlnlið sinn á tveimur stöðum. Hún upplýsti enn fremur að Lindsay hefði verið á gangi utandyra í flatbotna skóm þegar ógæfan dundi yfir. „Til stendur að kanna hvort Milk Studios gerði viðeigandi öryggisráðstafanir, því þetta gæti haft áhrif á störf hennar,“ sagði upplýsingafulltrúinn.

Hin tvítuga leikkona er orðin hálfgerður fastagestur á spítöllum.



**LINDSAY LOHAN** Góðkuningi heilbrigðisstétta.

Í júlí var hún lögð inn á spítala í Los Angeles vegna sólstings, í byrjun janúar þarfnadist hún aðhlynningar lækna eftir alvarlegt astmakastr og síðar í mánuðinum þurfti að sauma tíu spor í sköflung stjörnuunnar eftir að hún féll og skar sig á brotnum bolla heima hjá rokkstjörnunni Bryan Adams í London.



## Sálin og Gospelkórinn náðu vel saman

**SÁLIN Á SVIÐI** Stefán Hilmarsson og félagar í Sálinni hans Jóns míns héldu uppi góðri stemningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SKARI

**Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns hélt tónleika í Laugar-dalshöll á föstudagskvöld ásamt Gospelkór Reykjavíkur.**

Tónleikarnir þóttu heppnast vel og náðu Sálin og Gospelkórinn virkilega vel saman. Sálin hefur lengi verið á meðal vinsælustu hljómsveita landsins og kom það því fáum á óvart að uppselt var á tónleikana. Voru tónleikagestir spenntir að sjá hvernig samstarf Sálarinnar og Gospelkórsins kæmi út og fengu þeir svo sannarlega eitthvað fyrir sinn snúð þetta föstudagskvöld.



**SAMAN Á SÁLINNI** Berglind, Baldur, Gulli Helga og Ágústa skemmtu sér vel á tónleikunum.



**ÍRAFÁRSMENN** Þeir félagar Andri Guðmundsson og Sigurður Rúnar Samúels-son úr Hljómsveitinni Írafári kíktu á tónleikana.



**Á TÓNLEIKUM** Þær María Fjöla, Ragnheiður og Sigríður María létu sig ekki vanta.



**VINKONUR** Þær Sigurbjörg, Erla Dögg, Gunnhildur og Aldís mættu í Höllina.

**SETTU ÞAÐ SAMAN HTH**



Kr. 275.923.-  
KLASSÍSK-HVÍT/KL

**3 sýningarsalir:**  
Smáralind,  
Akureyri og Selfoss

**AEG**

HEIMILISTEKI Á  
TILBOÐSVERÐI  
ÞEGAR KEYPTAR ERU  
„SETTU ÞAÐ SAMAN“  
INNRETTINGAR



**FALLEGT,  
VANDAÐ,  
ÓDÝRT OG  
TIL Á LAGER  
– NÚNA**

**ORMSSON**



Kr. 210.381.-  
HVÍTT SPRAUTLAKKAÐ/KF



ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160 | RADIONAUST, AKUREYRI · Sími 461 5003 | SMÁRALIND · Sími 530 2906 / 530 2907 / 530 2908



# EXTREME TEAM

**FJÖLSKYLDUSKEMMTUN - DVERGARNIR KOMA!**

Extreme Team í fyrsta skipti í Evrópu ásamt minnsta Korfuboltaliði heims...

**”Minihoops”**

Frábær fjölskylduskemmtun í Laugardalshöll þann 18. nóvember 2006.

Forsala miða fer fram á [midi.is](http://midi.is) og í verslunum Skifunnar & BT

**MIÐAVERÐ:**

Börn: 2500 + miðagjald.

Fullorðnir 3500 + miðagjald.



[midi.is](http://midi.is)



TOYOTA

ICELANDAIR









**NACHO LIBRE**  
Með hinum eina sannan Jack Black og frá leikstjóra „Napoleon Dynamite“ kemur frumlegasti grinsmellurinn í far.

**Step Up**  
Með kyntröllinu Channing Tatum ("She's the Man")  
Deitmynd ársins.  
Þegar þú færð annað tækifæri þarftu að taka fyrsta spóð.

**BÖRN**  
KVÍKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

**BJÓLFSKVIDA**

**MAURAHRELLIRINN**  
SYND MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.

**UNITED 93**  
Þann 11. september 2001 var fjórum flugvélum rænt. Þrjár þeirra flugu á skotmörk sín. Þetta er saga fjórðu vélarinnar.

**BJÓLFSKVIDA**

**PROPOSITION**

**ICELAND FILM FESTIVAL 2006**  
Í HÁSKÓLABÍÓI OG REGNBOGA 30. AGÚST - 21. SEPTEMBER

**SAMBÍÓN / ÁLFABAKKA**

NACHO LIBRE	kl. 4 - 6:10 - 8 - 10:20	B.I. 7.ára
NACHO LIBRE VIP	kl. 5:10 - 8 - 10:20	
BÖRN	kl. 6 - 8 - 10:10	B.I. 12.ára
STEP UP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	B.I. 7.ára
MAURAHRELLIRINN	kl. 4 - 6	Leyð
LADY IN THE WATER	kl. 8:10 - 10:20	B.I. 12.ára
PIRATES OF CARIBBEAN 2	kl. 8:20	B.I. 12.ára
OVER THE HEDGE	kl. 4	Leyð
BÍLAR	kl. 4	Leyð

**SAMBÍÓN / KRINGLUNNI**

NACHO LIBRE	kl. 5:45 - 8 - 10:15	B.I. 7.ára
STEP UP	kl. 5:45 - 8 - 10:15	B.I. 7.ára
UNITED 93	kl. 8 - 10:20	B.I. 14.ára
MAURAHRELLIRINN	kl. 6	Leyð

**SAMBÍÓN / KEFLAVÍK**

UNITED 93	kl. 10:10	B.I. 12
LADY IN THE WATER	kl. 10:10	B.I. 12
PETTA ER EKKERT MÁL	kl. 8	
YOU, ME AND DUPREE	kl. 8	B.I. 12

**SAMBÍÓN / AKUYREYRI**

NACHO LIBRE	kl. 6 - 8 - 10	
ANT BULLY	kl. 6	Leyð
STEP UP	kl. 8	Leyð
UNITED 93	kl. 10	B.I. 12

www.sambion.is (575) 8900 www.sambion.is

## Heitasta mamman

Fyrirverandi kryddstúlkán og núverandi fótboltafrúin Victoria Beckham var nýlega valin langbesta mamman í Bretlandi. Kosningin var skipulögð af barnamataramleiddanda þar í bæ og gat fólk valið á milli nokkurra mæðra úr röðum frægra kvenna í Bretlandi. Rökstuðningur fyrir valinu var sá að Victoria sést oft með börnum sínum og sýnir þeim mikla ástúð á almannaferi og einnig var fólk sammála um það að hún væri kynþokkafyllsta mamman.



Frú Beckham sló þar með út sjónvarpskokkinn Nigellu Lawson sem hafnaði í öðru sæti og stórstjórnuna Angelinu Jolie sem varð að láta sér lynda þriðja sætið.

**KYNÞOKKAFULL MAMMA** Victoria sést hér ásamt sonum sínum Brooklyn og Romeo en hún var nýlega valin langbesta mamman í Bretlandi.

## Tilboð sem ekki svíkur

[UMFJÖLLUN]

KVÍKMYNDIR

Bræðravíg er þekkt stef í bókmenntasögunni en ein sú þekasta er væntanlega sagan af Abel og Cain í Gamla testamenninu. Því skyldi engan undra að tónlistamaðurinn Nick Cave notfæri sér þetta þekktu minni í fyrsta kvikmyndahandriti sínu enda vel kunnur fyrir áhuga sinn á kristinni trú og Biblíunni.



**THE PROPOSITION**  
Leikstjóri: John Hillcoat

**Aðalhlutverk:** Guy Pierce, Ray Winstone og Emily Watson

**Niðurstaða:** Eins undarlega og það kann að hljóma þá nægir það ekki The Proposition að leikurinn er óaðfínnlegur, tónlistin stórkostleg og kvikmyndatakan ákaflega eftirminnileg því það vantar herslumuninni á að koma henni upp í hæstu hæðir.


ritið er ágætt, söguþráðurinn einfaldur og hnitmiðaður þótt sumar persónur hefðu mátt fá úr meira að spila og nægir þar að nefna Jellon Lamb sem er snilldarlega leikinn af John Hurt. Þeir Guy Pierce og Ray Winstone stíga hins vegar hvergi feilspor sem Charlie Burns og Morris Stanley en setja verður spurningarmerki við persónu Emily Watson, sem hefur nánast engan tilgang í hlutverki eiginkonu Stanleys.

Þegar öllu er á botninn hvolft er The Proposition ágæt frumraun hjá Nick Cave, sem er handritshöfundur, og verður forvitnilegt að sjá hvernig honum tekst til í næstu mynd, The Death of a Ladies' Man. The Proposition skortir herslumuninn til að koma sér upp í hæstu hæðir en ætti ekki að svíkja nokkurn sannan aðáanda vestrámyndanna.

Freyr Gígyja Gunnarsson

### FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn og svínahirðirinn **George Clooney** messaði yfir öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og hvatti það til að binda enda á ógnaröldina í Darfur-héraði í Súdan. Clooney var boðið að halda erindi á óformlegum fundi öryggisráðsins en stjórnun fór sjálf til Darfur í apríl síðastliðnum. „Ég tala fyrir hönd þeirra



sem sæta ofbeldi í Darfur. Ef SP senda ekki friðgæsluliða til Darfur fyrir 1. október þurfa hjálparstarfsmenn að hafa sig á brott og skilja milljónir eftir bjargarlausar,” sagði Clooney og bætti við að ástandið í Darfur væri hliðstætt við Rúanda á tíunda áratugnum og Kambódíu á þeim áttunda.

Leikarinn **Sean Penn** slapp með skrekkin eftir að hafa brotið kanadísk reykingalög á dögunum. Leikarinn



var staddur á kvikmyndahátíðinni í Toronto í síðustu viku og kveikti sér í vindlingi á blaðamannafundi á hóteli nokkru þar í bæ. Óheimilt er að reyka í almenningsrými sem er undir þaki. Þrátt fyrir að andstæðingar reykinga krefðust þess að Penn yrði kærður til lögreglu var honum aðeins veitt áminning, en hótelið þar sem brotið var framið fékk fjársekt.



Cintamani kynnr:

**ICELAND FILM FESTIVAL 2006**

Í Háskólabíói og Regnboga 30. ágúst - 21. september

# AÐEINS 3 DAGAR EFTIR!

SÍÐUSTU FORVÖÐ AÐ SJÁ FJÖLDA ÚRVALSMYNDNA FRÁ ÖLLUM HEIMSHORNUM.



„Eftir 3 daga verð ég í góðu yfirlæti á Ibiza fram að næstu hátíð. Adios amigos!”

- JÖKULL

www.icelandfilmfestival.is

Iceland Film Festival





## > Páll með húmorinn í lagi

Miðjumaðurinn lunkni hjá Fylki, Páll Einarsson, fagnaði marki sínu gegn Breiðablik á eftirminnilegan hátt. Hann fékk sér sæti fyrir neðan auglýsingaskilti frá Júmbó og vildi með því gera grín að gagnrýni Atla Eðvaldssonar, sem sagði Pál hafa borðað samloku skömmu fyrir mikilvæg-an leik ÍBV og Þróttar í Eyjum á sínum tíma. Atli skrifaði langan pistil um Pál eftir að þeim tveim hafði lent saman. Páll kaus að svara ekki fyrir sig efnislega en hefur heldur betur svarað fyrir sig með Fylki á vellinum í sumar þar sem hann hefur leikið vel og skorað mikilvæg mörk.



# sport

sport@frettabladid.is

## ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR: ORÐIN ÞREYTT Á AÐ BÚA Í FERÐATÖSKUNNI

# Verð ef til vill í Færeyjum næsta sumar

Landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir heldur áfram að gera það gott í sænsku úrvalsdeildinni þar sem hún leikur með Malmö. Um helgina skoraði hún bæði mörk liðsins í 2-2 jafntefli gegn Linköping á útivelli. Hún er markahæst í deildinni ásamt öðrum leikmanni og hefur skorað 17 mörk. „Við hefðum kannski viljað vinna leikinn en úrslitin voru svo sem sanngjörn miðað við hvernig leikurinn spilaðist,” sagði Ásthildur. „Við vorum ánægð með úrslitin enda var leikurinn mjög vel spilaður.“

Malmö er í þriðja sæti deildarinnar, fjórum stigum á eftir Djurgården sem tapaði sínum leik á sunnudag. Umeå er svo gott sem búið að tryggja sér meistaratitilinn, en Ásthildur segir að Malmö stefni að því að ná öðru sætinu eða halda því þriðja í það minnsta. „Við viljum að minnsta kosti fá verðlaunapening. Það er mikilvægt upp á næsta tímabil til að fá leikmenn til liðsins og halda okkar leikmönnum. Við eigum einnig eftir að spila við Djurgården sem verður því mikilvægur leikur upp á þetta að gera.“ Ásthildur segir að árangur hennar fyrir framan mark and-stæðingsins sé samkvæmt hennar væntingum en hún skoraði

einnig sautján mörk í deildinni í fyrra. „Í fyrra var ég mjög ánægð þar sem ég var að byrja að spila aftur eftir erfið meiðsl. En ég hef spilað betur nú í sumar, ég hef náð mér að fullu og bætt hraða og fleiri atriði í mínum leik. Liðið er heldur ekki eins sterkt og það var í fyrra og því mikilvægt að mér gangi vel að skora.“

Ásthildur er ekki enn búin að ákveða hvað hún gerir næsta sumar en henni stendur til boða að halda áfram hjá Malmö. Hún ætlaði að koma heim í sumar og spila með Blikum en lét undan þrýstingi Svianna. Hún hefur hins vegar hafið störf hjá Linu-hönnun og hefur því verið að flakka á milli landa. Hún var einmitt á leið til Íslands í gær. „Nú fæ ég smá frí en ég neita því ekki að þetta hefur verið þreytandi, maður býr nánast í ferðatöskunni. Ég er sérstaklega þakklát mínum vinnuveitanda fyrir að sýna mér þennan stuðning því ég hef mjög lítið náð að vinna.“ Hún er þó engu nær um hvað hún gerir næsta sumar enda sé mikið þrýst á hana á báðum vög-stöðum. „Ætli ég verði ekki í bát einhvers staðar á milli næsta sumar. Eða kannski bara í Færeyjum.“



# Slóðin eftir „Rieg“ liggur víða

Spjallborðsnotandinn „Rieg“, sem Geir Sveinsson segir að sé Hjálmar Vilhjálmsson, varaformaður handknattleiksdeildar Fram, skrifaði ekki bara á spjallborði Vals heldur einnig á sport.is. Fréttablaðið hefur undir höndum gögn sem sýna að „Rieg“ var ekki eini notandinn sem skrifaði af vinnustað Hjálmars.

**HANDBOLTI** Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku var Hjálmar Vilhjálmsson, varaformaður handknattleiksdeildar Fram, ásakaður af Geir Sveinssyni, fyrrverandi landsliðsfyrirliða, um að fara huldu höfði á spjallsíðu Vals þar sem hann hafi reynt að skapa óróa með ummælum sínum. Ip-tala notandans „Rieg“, og síðar „Valur1911“ var rakin til fyrirtækis Hjálmars. Geir mætti á vinnustað Hjálmars og spurði hann út í málið og segir Geir að Hjálmar hafi þá játað verknaðinn fyrir sér.

Spjallborðið á Valur.is er ekki eini staðurinn þar sem „Rieg“ lét til sín taka því hann skrifaði einnig á spjallborði á sport.is. Fréttablaðið hefur undir höndum gögn sem staðfesta það. „Rieg“ er þó ekki eini notandinn sem skrifaði af vinnustað Hjálmars því notandi að nafni „FRAM68“ skrifaði einnig mikið á spjallborðinu sport.is en ip-tala þess notanda var einnig rakin til vinnustaðar Hjálmars og Fréttablaðið hefur gögn undir höndum sem sanna það. Í raun tengjast tvær ip-tölur skrifum „Rieg“ á spjallborði Vals og nákvæmlega sömu tvær ip-tölur fylgja skrifum „FRAM68“ á spjalli sport.is.

„FRAM68“ fer mikinn í umræðunni um málefni Sverris Björnssonar og vekur það nokkra athygli hversu vel „FRAM68“ er að sér í málinu. Hjálmar hefur hingað til ekki viljað svara ásökunum. Frá því Geir hitti Hjálmar á vinnustað hans hefur ekkert heyrst frá „Rieg“. „FRAM68“ hefur þrisvar látið í sér heyra en á lágstemmdari nótum en áður.

Hér á eftir er að finna brot af því sem „FRAM68“ skrifaði inn á spjallborð sport.is en allt tengist það máli Sverris Björnssonar.

„Ég vil sjá stjórnina slá þessa á frest og bíða fram yfir þessa Svialeiki. Það á að selja Sverri hæstbjóðanda í ágúst. Þá verða örugglega fleiri stórlíð komin í



**EKKERT HEYRIST FRÁ VARAFORMANNINUM** Hjálmar Vilhjálmsson, varaformaður handknattleiksdeildar Fram, hefur enn ekkert tjáð sig um ásakanir Geirs Sveinssonar í sinn garð og ekkert hefur heldur heyrst frá handknattleiksdeild félagsins vegna málsins.

vandræði og það hækkar bara verðið. Þessar 10.000 evrur sem nefndar hafa verið er algert rugl. Það væru sennilega öll lið hér heima til í að borga meira fyrir Sverri. [...] Málið snýst ekki um draum Sverris til að leika í atvinnumennsku. Málið snýst um að hann er með rosalegan samning hjá einu stærsta liði heims. Liðið er að borga Alfred Gíslasyni hæstu þjálfaralaun í heimi og Sverri mjög góð laun. En G'bach ætlar að henda í Fram 900 þús. [...] Fyrst að þú þekkir til samnings Sverris hlýtur þú að standa honum nærri. Tökum dæmi af leikmanni sem Alfred hefur mun minna álit á en Sverri, Sigfús Sigurðsson. Hann vildi fá 1200 þús / mán nettó. Segjum sem svo að Alfred hafi ekki boðið Sverri hærri samning þó svo að hann telji Sverri mun betri. Þetta kemur þá út á 14,3 millur á ári nettó. Þar sem að þú hefur spil-

að í Þýskalandi þá veist þú væntanlega að þessa tölu er hægt að margfalda með 1,55 til að finna kostnað félagsins brúttó (skattar og opinber gjöld + tryggingar, og þá er reiknað með að fullnýta þýskar heimildir til dagpeninga og lélega tryggingu). Þá er kostnaðurinn kominn upp í rúmar 22 millur og samningurinn til 2 ára þannig að verðmæti hans eru litlar 44 millur. Ég er ekki kjarnorku-edlisfræðingur en sé að 10 þús evrur eru rúmlega 2% af 44 milljónum. [...] Ég þekki vel til hjá Fram og þar er enginn sáttatönn. Stjórnin ætlar að keyra þetta mál til enda. Láta ekki koma fram við félagið eins og það sé sköttur. Ég vona samt að þú hafir rétt fyrir þér og að Þjóðverjarnir hafi fundið smá pening. Ég er líka bjartsynn [...] Þökkalega heimskir í Haukum að láta Ásgeir fara fyrir 10.000 evrur. Var hann samningslaus?

EKKI skrítíð þó Haukar séu á hausnum. Ég vona að Fram fái sem mest fyrir Sverri. [...] Málið hefur fengið mikla umfjöllun hér heima og lið á Spáni og í Þýskalandi farin að leggja við hlustinar. Sverri fer í Barcelona. Fram fær 120.000 evrur. Allir sáttir og Sverri sölbrúnn. Fullkominn heimur hjá öllum nema Alfred.“

Eftirtekta-verð er eftirfarandi málsgrein frá „FRAM68“ sem kemur í kjölfar þess að annar aðili segir Sverri ekki vera búinn að semja við Gummersbach.
